

**SKOÐUN** Við tæklum ekki verðbólgu með sjálfsaga og viljastyrk, skrifar Pawel Bartoszek. 19



**MENNING** Unnur Birna Bassadóttir býr til myndband fyrir Ian Anderson, forsprakka Jethro Tull. 38



**SPORT** Sverre Jakobsson bættist í gær á langan meiðslalista íslenska landsliðsins á EM í handbolta. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
17. janúar 2014
14. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Sigraðist á sykrinum

Lífið ræðir við Þorbjörgu Hafsteinsdóttur næringarþerpista um sykurfíkn, metsölubækur, ástina og nýja þáttinn, Heilsugengið.

**FRÉTTIR**

### Útlitsgallaðar pitsur

Til að pitsur keðjunnar líti ekki út fyrir að vera fjöldaframleiddar hefur Pizza Hut gefið út tilmæli um þær að séu viljandi gerðar útlitsgallaðar til að örva söluna. 8

**Skaðlegt viðhorf** Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsdeildar Samtaka atvinnulífsins, segir ummæli forsætisráðherra um að erlend fjárfesting sé eins og erlend lántaka vera skaðleg. 10




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | NA | 10 |
| Akureyri | 4° | A | 6 |
| Egilsstaðir | 3° | A | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | A | 8 |
| Reykjavík | 5° | NA | 5 |

**ÚRKOMA SA-TIL** Í dag verða austan 5-15 m/s, en hvassara við SA-ströndina. Rigning á S- og SA-landi en annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 0-6 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Kennarar dæmi ekki siðferði

Menntamálaráðuneytið vill að framhaldsskólar semji umsögn um nemendur sem útskrifast með framhaldsskólapróf. Skólameistari segir hæpið að fella dóma um þankagang, sjálfsþekkingu, sjálfsmynd og siðferði fólks.

**SKÓLAMÁL** „Ég lít svo á að hlutverk okkar í skólanum sé að styðja við bakið á þeim sem vilja læra en ekki að segja hvort þeir séu merkilegir pappírar," segir Atli Harðarson, skólameistari Fjölbrautaskólans á Akranesi.



ATLI HARÐARSON

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur kynnt hugmyndir um að nemendur sem ljúka framhaldsskólaprófi fái sérstakar umsagnir um sig frá viðkomandi skóla. Þessu hefur Atli mótmælt en í bréfi sem ráðuneytið sendi honum er vísað í aðalnámskrá þar sem segir að framhaldsskólaprófi ljúki með útgáfu prófskírteinis með umsögn um almenna þekkingu, leikni og hæfni nemandans auk einkunna hans.

Atli segir í bréfi til ráðuneytisins að hefðbundið skírteini innihaldi lítið annað en einkunnir sem nemandi hafi fengið í einstökum áföngum eða námsgreinum. Þetta séu ekki miklar upplýsingar en þær geti verið þokkalega traustar og sanngirni gagnvart nemenda sé tryggð.

„Það er vandséð hvernig skóli getur komið sér upp traustum gögnum um sjálfsmynd og sjálfsþekkingu, almenna hæfni, hugsunarhátt og viðhorf eða siðferðilega mannkosti nemenda," segir Atli.

Meðan ekki sé fundin leið til að skrá og varðveita áreiðanleg gögn um þessi efni segir Atli nær fráleitt að þau séu sett á prófskírteini.

Atli telur að það sé siðferðilega hæpið að stofnanir ríkisins felli dóma um þankagang, sjálfsþekkingu, sjálfsmynd og siðferði fólks. Ríkisstarfsmenn sem fullyrða af og á um hverjir bera virðingu fyrir réttum gildum og geti verið ábyrgir borgarar setji sig á ansi háan hest.

Sigríður Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, segir ráðuneytið munu svara gagnrýni á fyrrgreindar umsagnir um framhaldsskólanemendur í dag. - jme

### ➜ Prófskírteini og umsagnarbréf

**Tillögur menntamálaráðuneytis að umsögnum um framhaldsskólanema.**

- Hann/hún getur tjáð hugsanir sínar í rökréttu samhengi.
- Hann/hún getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum.
- Hann/hún getur átt jákvæð og uppbyggilega samskipti og samstarf við annað fólk.
- Hann/hún er verklega sjálfbjarga í daglegu lífi.
- Hann/hún hefur skýra sjálfsmynd.
- Hann/hún tekur afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar.
- Gerir sér grein fyrir hvernig hann/hún getur nýtt sér sínar sterku hliðar á skapandi hátt.
- Hann/hún ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti.
- Hann/hún getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjærsamfélagi.



**ÚTSJÓNARSEMI HEIMSMEISTARA** Spánverjinn Joan Cañellas kom heimsmeisturum Spánverja í 16-15 með marki beint úr aukakasti eftir að leiktíminn var liðinn í fyrri hálfleik í sigri á Íslandi í gær. Strákarnir sofnuðu á verðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Góðar aðstæður á Íslandi:

# Íslenskt viskí og gin væntanlegt

**IÐNAÐUR** „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á áfengisframleiðslu og þá sérstaklega á viskíi," segir Haraldur Þorkelsson, stofnandi Eimverks Distillery sem framleiðir Flóka viskí og Vor gin.



HARALDUR ÞORKELSSON

Sem stendur er eingöngu boðið upp á Flóka viskí á tunnu, til dæmis í sérpöntun hjá ÁTVR, og eins má fá Flóka beint af tunnu á Microbar, Dillon, Bravo og fleiri stöðum í miðbæ Reykjavíkur.

„Tækifærin eru mörg og við stöndum vel að vígi, ég hef fundið fyrir miklum áhuga erlendis og við stefnum á erlendan markað sem allra fyrst," segir Haraldur sem kveður íslenskt bygg afar hentugt til áfengisframleiðslu. - glp / sjá síðu 30

Dagforeldrar segja eldri börnum upp til að koma yngri börnum að:

# Tekjutap fái barn leikskólapláss

**DAGVISTUN** Móður nítján mánaða gamals barns hefur verið tilkynnt af dagforeldri að barni hennar verði sagt upp til að rýma fyrir yngra barni. Formaður félags dagforeldra í Reykjavík segir dagforeldra segja hvort öðru upp elstu börnunum í sinni umsjá til þess að tryggja starfsemi sína.



Dóttur Sigríðar Jónsdóttur verður sagt upp hjá dagforeldri sínu á næstu vikum. Sigríður segist ekki líta á uppsögnina sem svik dagforeldrisins gagnvart henni. Hún er einnig ósátt við viðbrögð Reykjavíkurborgar vegna málsins.

„Ég hafði samband við Reykjavíkurborg vegna fyrirhugaðrar uppsagnar en var þá bara spurð að því hvort ég gæti ekki talað dagforeldrið til," segir Sigríður. Hún segir engar aðrar lausnir hafa verið í boði.

Óvissa um hvenær börn komast að á leikskólum borgarinnar er helsta orsök uppsagnanna.

> Var þá bara spurð að því hvort ég gæti ekki talað dagforeldrið til.
>
> *Sigríður Jónsdóttir foreldri*

Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins – félags dagforeldra í Reykjavík, segir dagforeldra vilja leysa þessi mál með því að fá tímabundin leyfi til að taka inn aukabarn. Þannig megi brúa bilið fyrir dagforeldra og koma foreldrum bæði yngri og eldri barna til aðstoðar. - eb / sjá síðu 6








GUL




Feðgarnir Pétur Sigurðsson háseti og Sigurður Pétursson skipstjóri um borð í Gullfossi árið 1930.
Sigurður var fyrsti skipstjórinn sem ráðinn var til félagsins.

## SPURNING DAGSINS



### Özur, er þetta ekki gasalegt ástand?

**„Nei, þetta er frekar rafmagnað.“**
Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, tengir aukna sölu á rafbílum við niðurfellingu virðisaukaskatts og vörugjalda. Sala á bílum sem ganga fyrir metangasi hefur á sama tíma hrunið.

Aðsókn í borgaralega fermingu Siðmenntar hefur aukist um 44 prósent í ár:

# 300 munu fermast borgaralega

**FERMING** Aldrei hafa fleiri börn verið skráð í borgaralega fermingu en þetta árið. Í fyrra fermdust 209 ungmenni borgaralega en í ár eru 300 ungmenni skráð sem er 44 prósent aukning frá fyrra ári.

Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, segir vinsældirnar aukast ár frá ári en aldrei hafi orðið eins mikil sprengja og núna.



BJARNI JÓNSSON

„Ég held að orðspor athafna okkar hafi verið að spyrjast út undanfarin ár. Fólk hefur meiri aðgang að upplýsingum um þær og velur út frá því.“

Siðmennt fékk lögskráningu sem lífsskoðunarfélag á síðasta ári og hafa vinsældir allra athafna aukist í kjölfarið.

„Þar með fengu athafnastjórar rétt til að gefa saman hjónaefni í hjónaband. Í fyrra gáfum við saman 36 pör sem er meira en 300 prósent aukning frá því í fyrra.“

Tölfræðiupplýsingar um fjölda fermingarbarna hjá Þjóðkirkjunni síðastliðin ár eru ekki til. Í samtali við nokkra presta og verkefnastjóra fræðslumála hjá Biskupsstofu kom þó fram að fjöldi fermingabarna í sóknunum virðist vera svipaður og í fyrra.

- ebg

Vilja fund um frítekjumark:

# Aðsniðin lausn fyrir MP banka

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Samfylkingar vilja fund í efnahags- og viðskiptanefnd um skattleysismörk bankaskatts en mörkin voru hækkuð í 50 milljarða við aðra umræðu málsins á þingi auk þess sem skatturinn var hækkaður í 0,376 prósent.

Vegna þessa munu greiðslur MP banka lækka um 78 prósent, úr 241 milljón niður í 53 milljónir. Þetta gagnrýna fulltrúarnir og kalla eftir rökstuðningi.

-eh



**REISA ÍBÚÐIR** Unnið er að því að reisa fjölda íbúða í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Miklar framkvæmdir eiga sér stað í Kópavogi þessa dagana:

# Reisa fjölbýlishús í Austurkór

**SKIPULAGSMÁL Mikið af íbúðarhúsnæði er nú í byggingu í Austurkór í Kópavogi. Gísli Norðdahl, byggingafulltrúi Kópavogsbæjar, segir verkin ganga vel og að eftirspurn hafi verið eftir lóðum. Búast megi við að flest verkin klárist, annaðhvort á þessu ári eða því næsta.**

**„Verkin eru á misjöfnu stigi en ganga flest vel. Það er búið að úthluta öllum fjölbýlishúsalóðum og eru framkvæmdir hafnar á flestum þeirra. Einbýlishúsin verða mögulega lengur í framkvæmd þar sem það eru ekki bara verktakar sem standa að byggingu þeirra,“ segir Gísli og bætir við að enn séu lausar lóðir fyrir parhús og einbýlishús.**

- eh

# Skortur á hágæðaull þrátt fyrir ríkisstyrk

**Lítill munur á greiðslum frá ríkinu til bænda fyrir fyrsta og annars flokks ull. Hvatinn til að flokka mögulega ekki nægur, segir framkvæmdastjóri Ístex. Átak um allt land fyrir tveimur árum til að menn sinntu betur ullargæðum.**

„Magnið af fyrsta flokks ull sem bændur skila hefur minnkað frá ári til árs. Ég sé fram á hráefnisskort á næsta ári ef fram fer sem horfir en við náum endum saman núna.“ Þetta segir Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex.



SIGURÐUR EYÞÓRSSON

Hann segir muninn á verðinu sem bændur fá frá ríkinu fyrir fyrsta flokks og annars flokks ull lítinn. „Munurinn er ef til vill ekki nógu mikill. Þeir fá 558 krónur fyrir kíló af fyrsta flokks ull í ríkisstuðning en 489 krónur fyrir kíló af annars flokks ull. Að mínu mati er greiðslum frá ríkinu ekki beint nægilega á bestu ullina og mögulega er hvatinn til þess að flokka hana ekki nægur.“

Verði skortur innanlands er ekki um annað að ræða en að flytja inn erlenda ull og blanda við þá íslensku, að því er Guðjón greinir frá.

Ullin sem ekki er hægt að nýta í lopaframleiðslu innanlands er seld til Bretlands, Danmerkur og Þýskalands eða þangað þar sem besta verðið fæst. „Þar er hún fyrst og fremst nýtt í framleiðslu á gólfteppum en markaðsverðið á svona mengaðri ull er mjög lágt.“

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir þá spurningu hvort menn vilji auka muninn á greiðslunum samkvæmt sauðfjársamningnum og markaðsverðinu sjálfu enn meira. „Það er allavega hvati en stundum ræðst ekki við þetta út af náttúrulegum aðstæðum. Það kemur fyrir að taka þurfi fé á hús með skömmum fyrirvara og ekki er alltaf hægt að rýja strax. Ef það er ekki gert er ullin fljót að spillast.“

Að sögn Sigurðar var gert átak fyrir tveimur árum til þess að menn sinntu betur ullargæðum. „Við héldum námskeið í ullarmati út um allt land. Það bar nokkurn árangur en það er engin patentlausn til.“

ibs@frettabladid.is



**ULLARFRAMLEIÐSLA** Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex, segir ekki um annað að ræða en að flytja inn erlenda ull og blanda við þá íslensku fáist ekki nóg af fyrsta flokks ull. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**➜ 765 tonn af ull til Ístex í fyrra**

Ullarmagnið sem kom til Ístex í fyrra nam **765 tonnum.**
**370 tonn** voru unnin hjá Ístex.
**395 tonn** voru flutt úr landi.

Myndlistarmaður heiðraður:

# Fær verðlaun fyrir bjartsýni

**VERÐLAUN** Ragnar Kjartansson myndlistarmaður hlýtur Íslensku bartsýnisverðlaunin 2013.

Forseti Íslands afhenti verðlaunin á Kjarvalsstöðum í gær, áletraðan grip og eina milljón króna.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1981. Þau eru hugsuð sem viðurkenning og hvatning til íslenskra listamanna.

Verk Ragnars hafa verið sýnd við góðan orðstír á listasöfnum og listahátíðum víða um heim og hefur hann tvisvar tekið þátt í Feneyjatvíæringnum.

- ebg

Dóttir þroskaheftrar konu:

# Segist ósátt við ríkissaksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Sigríður Sóldal sagði í viðtali við RÚV í gærkvöld niðurstöðu saksóknara um að fella niður rannsókn á kynferðisbrotamáli á Snæfellsnesi mikil vonbrigði.

Sigríður hefur sagt marga menn, bæði fósturföður sinn og þrjá bræður hans, hafa áratugum saman misnotað móður sína, sem er þroskaskert.

Í fréttum RÚV kom einnig fram að réttargæslumaður fatlaðra vilji að málið sé rannsakað á ný. Ástæða sé til að óttast um réttaröryggi fatlaðra.

- gb






Samfylking og Gunnar I. Birgisson segja bæjarstjóra fara með rangt mál:

# Bæjarstjóri fari með gífuryrði

**STJÓRNMÁL** Mikil ólga er í bæjarstjórn Kópavogs og hefur komið fram sú krafa að Gunnar Birgisson víki sem formaður framkvæmdaráðs bæjarins eftir umdeilda atkvæðagreiðslu í vikunni.

Í tilkynningu frá bæjarfulltrúum Samfylkingar segir að Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, fari vísvitandi rangt með tölur um kostnað af húsnæðisaðgerðum og þannig hafi hann talað niður lánshæfismat bæjarins. Fulltrúarnir harmi gífuryrði bæjarstjóra vegna málsins og að verkefnið muni ekki kosta þrjá milljarða eins og haldið hafi verið fram. Undir þetta tekur Gunnar Birgisson, Sjálfstæðisflokki. Hann segir það ekki koma til greina að hann víki úr framkvæmdaráði.

„Það eru hreinar línur að bæjarstóri fer með rangt mál í fjölmiðlum. Það er ekki hægt að stilla þessu upp á versta veg og taka ekki inn í reikninginn væntanlegar tekjur af lóðasölu bæjarins,“ segir Gunnar.

Ómar Stefánsson, oddviti framsóknarmanna, segir sökina hins vegar þeirra sem stóðu að tillögunni.

„Tillagan er skýr frá þeim, hún segir „nú þegar“. „Nú þegar“ er ekki teygjanlegt hugtak og þegar þú ætlar að gera eitthvað nú þegar, sem kallar á milljarðakostnað, þá geturðu ekki kennt bæjarstjóra um það,“ segir Ómar. - eh



**Á SUÐUPUNKTI** Eftir að Gunnar Birgisson tók stöðu með minnihlutanum hafa miklar deilur risið um stöðu hans.

**FIND NEW ROADS**™

**CHEVROLET**

## VIÐ STÖNDUM VAKTINA OG

# LÆKKUM VERÐ

Við gerum það sem kemur neytendum best; vegna styrkingar krónunnar lækkum við verð á glænýjum Chevrolet. Gerðu samanburð og **fáðu meira** fyrir peninginn.

**500.000 KR. LÆKKUN**

## Chevrolet Captiva

- Dísel Turbo
- 184 hestafla vél
- 7 sæta
- 17" álfelgur
- 6 þrepa sjálfskipting
- Bluetooth samskiptakerfi
- Brekkubremsa
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Aðgerðarstýri
- Skynvætt fjórhjóladrif
- Rafmagn í hliðarspeglum
- Hljómflutningstæki / USB tengi
- Fjaropnun á afturhlera
- Hiti í sætum

**Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á benni.is**

**LÆKKAÐ VERÐ 5.990.000.-**
LT DÍSEL 2.2L
SSK. 184 HÖ




## ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

Bílabúð Benna í samstarfi við Lykil bjóða fjármögnun sem hentar hverjum og einum. Eftirfarandi tilboð gildir í janúar.

- **Engin lántökugjöld**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert stimpilgjald**
- **Ekkert uppgreiðslugjald**

**Allt að 75% fjármögnun í allt að 84 mánuði.**

**LYKILL**
www.lykill.is



**54.000 KR. LÆKKUN**

**LÆKKAÐ VERÐ 1.736.000.-**
LS BENSÍN 1.0L
BSK. 5 DYRA

## Chevrolet Spark

- Samlæsing
- 6 loftpúðar
- Útvarp og CD
- ISOFIX öryggisfestingar
- Hæðastillanlegt bílstjórasæti
- Útihitamælir
- USB tengi
- Aksturstölva
- ABS hemlalæsivörn

**Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á benni.is**



**200.000 KR. LÆKKUN**

**LÆKKAÐ VERÐ 2.990.000.-**
LT SW BENSÍN 1.6L
BSK. 5 DYRA

## Chevrolet Cruze Station

- ESC stöðugleikakerfi
- Bluetooth
- Hiti í framsætum
- Aksturstölva
- ABS hemlalæsivörn
- ISOFIX öryggisfestingar
- Álfelgur
- Loftkæling
- ESP skriðvörn

**Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á benni.is**

*Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður bíla getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu. Gert með fyrirvara um prentvillur.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

**Bílabúð Benna**
Sérfræðingar í bílum

## SVONA ERUM VIÐ



**1.101** **innbrot var skráð hjá lögreglu á síðasta ári.**

**Innbrotum hefur fækkað ár frá ári undanfarið,** þau voru 1.374 árið 2012 og 1.900 árið 2011.

*Heimild: Ríkislögreglustjóri*

Úrskurður umboðsmanns vegna auglýsingar sænskrar íþróttaverslunar:

# Niðurlæging í skíðaauglýsingu

**SVÍÞJÓÐ** Umboðsmaður auglýsinga í Svíþjóð hefur úrskurðað að auglýsing íþróttaverslunar mismuni kynjunum.

Auglýst er svigskíðategund sem kostar jafnmikið fyrir bæði kynin. Karlamódelið er sagt tæknindur og því er haldið fram að hægt sé að renna sér á skíðunum á alls konar undirlagi í fjallinu. Um svigskíðin fyrir konur segir að auðvelt sé að beygja á þeim, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Nyheter.

Einstaklingurinn sem kærði auglýsinguna segir hana dæmigerða fyrir þá mynd sem menn höfðu áður af kynjunum, það er að karlar væru tæknilega sinnaðir og líkamlega sterkir og að konur væru lélegri en karlar á skíðum.

Umboðsmaður auglýsinga segir að auglýsingin komi á framfæri gömlu viðhorfi til hlutverka kynjanna þar sem konur eru niðurlægðar. Þess vegna mismuni auglýsingin kynjunum og stríði gegn reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um auglýsingar. - ibs



**Í BLÁFJÖLLUM** Skíðaauglýsing þykir niðurlægja konur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjálpargögn til átakasvæða:

## Eiga að duga í heilan mánuð

**SÝRLAND, AP** Sýrlensk stjórnvöld hafa leyft hjálparstarfsfólki að senda nauðsynjavörur, sem eiga að duga til að fæða tíu þúsund manns í heilan mánuð, inn á tvö átakasvæði skammt frá höfuðborginni Damaskus.

Víða á átakasvæðunum í Sýrlandi hefur almenningur lokast inni og skortir brýnustu lífsnauðsynjar.

Friðarviðræður eiga að hefjast í næstu viku, en óljóst er hvort þær geta orðið að veruleika. - gb



**SÓLVANGUR** Reksturinn er þröngur.

Ítrekun frá Hafnarfjarðarbæ:

## Ríkið er ábyrgt fyrir Sólvangi

**FÉLAGSMÁL** „Þjónusta við íbúa á Sólvangi verður að vera ásættanleg í alla staði,“ undirstrikaði bæjarráð Hafnarfjarðar í gær og ítrekaði að rekstur hjúkrunarheimilisins sé alfarið á ábyrgð ríkisins.

Kvaðst bæjarráðið leggja áherslu á að heilbrigðisráðuneytið og Landlæknisembættið fari ítarlega yfir stöðu mála á heimilinu og „bregðist þegar við fjölmiðlaumræðunni og eftir atvikum þeim vanda sem taka þarf á“, eins og segir í bókun bæjarráðs. - gar

Sóley vill leiða listann áfram:

## Býður sig fram í fyrsta sætið



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

**PRÓFKJÖR** Sóley Tómasdóttir býður sig fram til að leiða áfram lista Vinstri grænna í borgarstjórn á næsta kjörtímabili.

Sóley hefur starfað á vettvangi borgarstjórnar frá árinu 2006 og verið oddviti flokksins frá 2010.

„Það yrði mér sannur heiður að halda áfram að vinna með félögum mínum að því að tryggja sjónarmið Vinstri grænna við stjórn og rekstur borgarinnar,“ segir meðal annars í fréttatilkynningu. - ebg

# Dagforeldrar yngja upp til að treysta hjá sér viðskipti

Dagforeldrar segja eldri börnum upp til þess að koma yngri börnum að. Þetta er gert til þess að tryggja rekstraröryggi, þar sem ekki er vitað hvenær börnin fá boð um leikskólavist. Dagforeldrar vilja leysa málið með því að taka að sér aukabörn tímabundið. Móðir er ósátt og segir ábyrgðina fyrst og fremst hvíla á Reykjavíkurborg.

**DAGVISTUN** Móður nítján mánaða gamals barns hefur verið tilkynnt af dagforeldri að barni hennar verði sagt upp til að rýma fyrir yngra barni. Formaður félags dagforeldra í Reykjavík segir dagforeldra segja upp elstu börnunum í sinni umsjá til þess að tryggja starfsemi sína. Óvissa um hvenær börn komast að á leikskólum borgarinnar er helsta orsök uppsagnanna.

Dóttur Sigríðar Jónsdóttur verður sagt upp hjá dagforeldri sínu á næstu vikum. „Það er búið að segja upp elsta barninu hjá sömu dagmóður og mitt barn er næst,“ segir Sigríður. Hún segist ekki líta á uppsögnina sem svik dagforeldrisins gagnvart henni. „Ábyrgðin er Reykjavíkurborgar. Dagforeldrar verða að vernda starfsemi sína, en borgin virðist kippa börnum inn á leikskóla án nokkurs samráðs við þá,“ segir Sigríður. Ekkert leikskólapláss er þó í boði fyrir dóttur Sigríðar og óljóst hvort henni bjóðist pláss næsta haust.

Sigríður er ósátt við viðbrögð Reykjavíkurborgar vegna málsins. „Ég hafði samband við Reykjavíkurborg vegna fyrirhugaðrar uppsagnar en var þá bara spurð að því hvort ég gæti ekki talað dagforeldrið til,“ segir Sigríður. Hún segir engar aðrar lausnir hafa verið í boði.

Langir biðlistar eru á leikskólunum sem til greina koma í hverfi Sigríðar. Næsta haust verður hluti barnanna tekinn inn en útlitið er ekki gott. „Stelpan mín er því ekki örugg um að fá pláss þegar hún verður orðin 26 mánaða gömul, svo ég veit ekki hvað ég geri í millitíðinni,“ segir Sigríður.

Sigríði var bent á að athuga laus pláss hjá öðrum dagforeldrum. „Það er ekki bara eitt dagforeldri að segja upp börnum. Ég vil ekki lenda í þessu aftur og sé engan tilgang í því að flakka milli dagforeldra. Dóttir mín er tilbúin til að fara í leikskóla,“ segir Sigríður, sem telur Reykjavíkurborg sópa vandanum sem upp er kominn í dagvistunarmálum undir teppið.

Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins – félags dagforeldra í Reykjavík segir dagforeldra vilja leysa þessi mál með því að fá tímabundin leyfi til að taka inn aukabarn. Þannig megi brúa bilið fyrir dagforeldra og koma foreldrum bæði yngri og eldri barna til aðstoðar.

Sigrún Edda hefur á árinu tilkynnt foreldrum tveggja barna um yfirvofandi uppsögn, þar á meðal Sigríði Jónsdóttur. Hún dró fyrstu uppsögn sína til baka eftir að ljóst var að engin viðunandi lausn fannst fyrir barnið.

Hún segir dagforeldra einnig finna fyrir miklum þrýstingi frá foreldrum yngri barna. „Vandi foreldra sem koma úr fæðingarorlofi er líka orðinn mikill,“ segir Sigrún Edda.

eva@frettabladid.is



**SAGT UPP** Sigríður Jónsdóttir segist ekki líta á uppsögnina sem svik við sig, heldur liggi ábyrgðin hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sagði elsta barninu upp

Rut Kjartansdóttir, dagmóðir í Árbæ til 25 ára, sagði nýverið upp elsta barninu í sinni umsjá eftir að hafa reynt aðrar leiðir. „Barnið sem ég sagði upp verður tveggja ára í lok janúar. Ég tók að mér eitt aukabarn í desember til að tryggja starfsemi mína, því ef eldra barnið hefði farið óvænt inn á leikskóla hefði ég orðið fyrir tekjutapi,“ útskýrir Rut.

Ákvörðun Rutar um að taka að sér sjötta barnið mæltist illa fyrir hjá Reykjavíkurborg. „Það fór allt á hvolf hjá borginni og öllum foreldrunum hjá mér sent bréf. Reglugerðin bannar þetta, en mér þykir í lagi að gera undantekningar til að hjálpa foreldrum og koma til móts við dagforeldra,“ segir Rut, sem sagði elsta barninu upp í kjölfar áminningar frá borginni. Hún segir algjöra hentistefnu ríkja um hvenær börn eru tekin inn á leikskólana. „Barnið sem ég sagði upp fékk leikskólapláss tveimur dögum eftir uppsögn, því móðir þess lét borgina ekki í friði,“ segir hún.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELGARSPÁIN** Nokkuð rólegt veður alla helgina, skýjað með köflum og úrkomulítið en það dregur úr úrkomu á sunnan- og austanverðu landinu á morgun. Norðaustan strekkingur norðvestan til á sunnudag en mun hægari annars staðar.




**Á morgun**
5-13 m/s.




**Sunnudagur**
8-15 m/s NV-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 4° | Gautaborg | 4° | London | 11° | Orlando | 18° | San Francisco | 17° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 15° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 19° | New York | 8° | París | 10° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




VERÐBÓLGAN ER DÝRKEYPT.
STÖNDUM SAMAN. HÖLDUM AFTUR AF VERÐHÆKKUNUM, AUKUM KAUPMÁTT OG TRYGGJUM STÖÐUGLEIKA.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BSRB

Alþýðusamband Íslands

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða landi er fjármálaráðherrann sem vill fremur úrsögn úr ESB en evruna?
**2.** Um hversu mörg prósent jókst sala á rafbílum í fyrra?
**3.** Hver leikstýrði tónlistarmyndbandi Ylju við lagið Út?

**SVÖR:**
1. Bretlandi. 2. 258 prósent. 3. Erlendur Sveinsson.

Frumvarp framsóknarþingmanna undir forystu Vígdísar Hauksdóttur:

# Leggja til stofnun lagaskrifstofu

**ALÞINGI** Sex þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram frumvarp um stofnun Lagaskrifstofu Alþingis. Hlutverk hennar verði að „samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála“ með það að sjónarmiði að frumvörp standist til dæmis stjórnarskrá, gildandi lög og alþjóðasamninga. Auk þess að ganga úr skugga um að frumvörp séu nákvæm og skýr og gjaldtökuheimildir skýrar.

Í greinargerð er tekið fram að rétt sé að komið verði upp sjálfstæðri stofnun og mikilvægt að koma í veg fyrir að óvönduð frumvörp verði að lögum. Í athugasemdum segir að sum lög hafi gengið gegn stjórnarskrá, eða haft aðra „lagatæknilega galla“. Lagaskrifstofa muni auk þess efla stöðu Alþingis í stjórnskipan, styrkja lýðræði og auka virðingu ríkisstofnana.

Skrifstofan skal verða skipuð fimm lögfræðingum, þar af tveimur lagaprófessorum. **- þj**



**FRAMSÖGUMAÐUR** Vigdís Hauksdóttir er framsögumaður frumvarpsins um stofnun Lagaskrifstofu Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áskorun danskra lækna:

# Frjóvguð egg verði ættleidd

**DANMÖRK** Nokkrir félagar í siðfræðiráði danskra lækna auk fleiri lækna skora nú á stjórnmálamenn í Danmörku að leyfa ættleiðingu frjóvgaðra eggja. Þeir segja það ekki siðfræðilega rétt að á hverju ári séu þúsundir frjóvgaðra eggja, sem verða afgangs við tæknifrjóvgun, eyðilagðar.

Yfirlæknirinn Jakob Ingerslev segir á vef Kristilega dagblaðsins að ættleiðing eggjanna sé í samræmi við ættleiðingu barna. **- ibs**



**JARÐVARMI** Íslenski jarðvarmaklasinn og Klak Innovit sjá um verkefnið.

Startup Energy Reykjavík:

# Opnað fyrir umsóknir í gær

**IÐNAÐUR** Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavík (SER) opnaði í gær fyrir umsóknir um fjármögnun og stuðning vegna verkefna í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Allt að sjö nýsköpunarverkefni verða valin. Í mars hefjast tíu vikna æfingabúðir í Háskólanum í Reykjavík.

Landsvirkjun, Arion Banki, klasasamstarfið GEORG og Nýsköpunarmiðstöð Íslands koma að fjármögnun verkefnisins. **- hg**

Þingmaður Framsóknar:

# Vill láta skoða fangelsi á Ásbrú

**ALÞINGI** Miðað við stöðuna í fangelsismálum eru vonbrigði að ekki hafi verið skoðaðir möguleikar á að innrétta fangelsi í lausum byggingum á Ásbrú, gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ. Þetta sagði Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, á þingi í gær.

Þar varpaði hann fram spurningu til innanríkisráðherra hvort, í ljósi þess að 500 manns séu á biðlista eftir afplánun í fangelsum og fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði muni aðeins rúma um 50 fanga, ekki hafi verið teknir út möguleikar á Ásbrú.

Ráðherra sagði svo ekki vera og svaraði Karl því til að hann væri undrandi á því að svo hefði ekki verið gert. **- þj**



**PITSUSNEIÐ** Sums staðar er það talið geta ýtt undir ranghugmyndir um fjöldaframleiðslu og færibönd ef skyndibiti er of einsleitur. Pizza Hut hefur gripið til sinna ráða. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tilmæli um að pitsur séu með útlitsgöllum

**Tilbúnir útlitsgallar eru taldir munu ýta undir sölu á flatbökum Pizza Hut í Bandaríkjunum og víðar. Fólk forðast í auknum mæli fjöldaframleiddan mat. Áhyggjur sem eiga við annars staðar en í Evrópu, segir framkvæmdastjóri Pizza Hut á Íslandi.**

**MATVÆLAIÐNAÐUR** Tilmæli aðalstöðva Pizza Hut í Bandaríkjunum eru að vísvitandi skuli gera misfellur í útliti á pitsum sem seldar eru undir merkjum fyrirtækisins. Fréttaveita AP segir að merki um þetta kunni að vera loftbólur og ostslettur á skorpu, allt til þess að undirstrika að flatbökurnar séu búnar til á staðnum.



**ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR**

AP hefur eftir Carrie Walsh, yfirmarkaðsstjóra Pizza Hut, að nú sé hluti af þjálfun nýs starfskrafts að innræta „aukið frelsi“ þegar flattir eru út pitsubotnar. Kökukefli hafa til dæmis verið gerð útlæg. Markmiðið er að maturinn líti betur út og hafi ekki á sér það yfirbragð að hafa komið af færibandi einhvers staðar.

Sums staðar í heiminum hefur þess orðið vart að fólk snúi baki við unninni matvöru og skyndibita sem þyki einsleitur og hafi ávallt sömu lögun.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Pizza Hut á Íslandi og í Finnlandi, segir tilmæli markaðsdeildar höfuðstöðva Pizza Hut í Bandaríkjunum eiga misvel við eftir markaðssvæðum.

„Hjá okkur, og í báðum löndum, er hver einasta pitsa búin til í höndunum, en þetta eru áhyggjur sem þeir hafa haft í Bandaríkjunum og í Kína,“ segir Þórdís Lóa og kveðst efast um að hér hafi nokkrum manni dottið í hug að pitsur fyrirtækisins kæmu frosnar og tilbúnar.

„Hins vegar þegar koma línur um eitt og annað frá Pizza Hut þá fylgjum við því ef það á við markaðinn sem við erum á,“ segir Þórdís Lóa. Pizza Hut sé gríðarlega stórt, eitt af hundrað þekktustu vörumerkjum heims og með um fimmtán þúsund sölustaði um heim allan. Í slíku umfangi geti komið upp ólíkir hlutir sem taka þurfi á. Þannig hafi Kínverjar þurft að taka niður salatbari og hætta með hádegishlaðborð vegna hamsturs viðskiptavina. „Þá kom kannski einhver og bjó til fjall úr salatskálunum og svo borðaði heil fjölskylda af því.“

Sem dæmi um fylgni við alþjóðlega staðla Pizza Hut bendir Þórdís Lóa á að núna sé verið að ljúka innleiðingu á þjálfunarkerfi sem búið sé að myndgera í tölvu. „Svolítið eins og verið sé að leika tölvuleik. Þetta kemur beint frá Dallas og fer þvert yfir allan heiminn.“

Hér heima er sem stendur einn Pizza Hut-veitingastaður, en úti í Finnlandi rekur Þórdís Lóa níu staði. Hún segir þó ekki loku fyrir það skotið að stöðum fjölgi á Íslandi eftir því sem hagkerfið réttir úr kútnum. **olikr@frettabladid.is**






Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkir að leita leiða til að byggja ódýrar íbúðir:

# Húsnæði á viðráðanlegu verði

**HÚSNÆÐISMÁL** Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að leita leiða til að tryggja framboð af hagkvæmu og öruggu húsnæði til leigu og kaups fyrir núverandi og komandi kynslóðir ungs fólks. Forsenda þess er meðal annars að leigjendur íbúðarhúsnæðis hafi möguleika á langtímaleigu til að tryggja búsetuöryggi sitt til langs tíma.

Tilgangurinn er að stuðla að sveigjanlegum húsnæðismarkaði sem tryggi öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði. Leita á eftir samstarfshugmyndum frá einkaaðilum og fjárfestum, frjálsum félagasamtökum og öðrum sem hafa það að markmiði að byggja hagkvæmt og öruggt leiguhúsnæði til framtíðar.

Bæjarráðið samþykkti að fela skipulags- og byggingaráði að leggja fram tillögur um lóðir sem henta til uppbyggingar minni og hagkvæmari leiguíbúða. Hefjast á handa strax og hefur bæjarstjóra verið að falið að hefja undirbúning verkefnisins og móta umgjörð þess fyrir næsta fund bæjarráðs. **- jme**



**NÝJAR ÍBÚÐIR** Fela á skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar að finna lóðir sem henta fyrir litlar leiguíbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


RISA-
ÚTSALA
20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
ELLINGSEN
COLUMBIA
POWDERBUG
KULDASKÓR
Stærðir 25–31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
DIDRIKSONS
BARNAÚLPUR
25%
AFSLÁTTUR
ALLT
DEVOLD PULSE
40%
AFSLÁTTUR
AÐRAR
DEVOLD VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
MANNBRODDAR
Stærðir S–XL
1.521 KR.
VERÐ ÁÐUR 1.890 KR.
ZAMBERLAN PARROT
GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–48
16.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.990 KR.
40%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON
GÖNGUSKÓR
Stærðir 32–39
11.990
VERÐ ÁÐUR 16.990 KR.
COLUMBIA COMBIN
GÖNGUSKÓR
Stærðir 7,5–12
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.
COLUMBIA TRACK
SVEFNPOKI
4.490 KR.
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.
DEERHUNTER
ALASKA VEIÐIÚLPA
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.
SKOGSTAD
BARNAÚLPUR
30%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
DEERHUNTER BIB
ALASKA VEIÐIBUXUR
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
TATONKA
HITABRÚSI 750 ML
3.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.
COLUMBIA BUGABOOT
KULDASKÓR
Stærðir 41–50
22.493 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
DIDRIKSONS TILDA ÚLPA
Stærðir 36–46
13.995 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.
MERIDA FINSE
HYBRID REIÐHJÓL
59.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.
ORTLIEB CITY
REIÐHJÓLATASKA 20L
14.392 KR.
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.
BAKPOKAR
30%
AFSLÁTTUR
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
PIPAR\TBWA • SÍA • 140022

7.607 tonna munur milli ára:

## Heildaraflinn jókst milli ára

**EFNAHAGSMÁL** Heildarafli íslenskra skipa í síðasta mánuði var 13,1 prósenti meiri en í desember 2012, metið á föstu verðlagi.

Fram kemur á vef Hagstofu Íslands að aflinn hafi í síðasta mánuði verið 50.421 tonn, samanborið við 42.814 tonn í desember 2012. Botnfiskafli í desember var 33.400 tonn og jókst um 2.600 tonn milli ára. Þá voru veidd 15.400 tonn af uppsjávarfiski sem er sögð tæplega 5.700 tonna aukning frá desember 2012. - skó

Evrópuþingmenn í umræðu um stöðu aðildarferlis Íslands og yfirstandandi hlé á viðræðum:

# Gefur tilefni til naflaskoðunar innan ESB

**EVRÓPUMÁL** Efasemdir Íslands um ESB-aðild og ákvörðun um að gera hlé á aðildarviðræðunum varpar slæmu ljósi á sambandið og ætti að vera ástæða til naflaskoðunar. Þetta sögðu nokkrir Evrópuþingmenn þegar framvinduskýrslan um aðildarviðræðurnar var rædd í Strassborg á miðvikudag.

Stefan Füle stækkunarstjóri kynnti skýrsluna og stöðu viðræðnanna og sagði að ferlinu væri ekki lokið frá sjónarhorni ESB.

Í umræðum var viðhorf þingmanna til aðildar Íslands almennt jákvætt. Írinn Pat the Cope Gallagher, sem hefur farið fremstur í flokki þeirra sem gagnrýna framferði Íslands í makríldeilunni, sagðist gjarna vilja sjá Ísland í hópi aðildarríkja og hvatti alla aðila til þess að ná samningum sem fyrst, til að binda enda á þessa „langvinnu og óþörfu“ deilu.

Eistinn Indrek Tarand talaði fyrir Græningja og sagði að sú staðreynd að Íslendingar væru hikandi í afstöðu sinni til aðildar segði ekki minna um ESB en Ísland.

„Hvað erum við orðin ef lítið land með framúrskarandi lýðræðisskipulag, en gjaldeyrishöft, vill ekki ganga í ESB. Ættum við ekki að líta í spegilinn og meta hvernig okkur líst á það sem við sjáum.“

Þingkona frá Finnlandi og þingmaður frá Króatíu sögðu meðal annars að staðan græfi undan trú á ESB og stækkunarferlið. - þj



**EVRÓPUÞINGIÐ** Tregða Íslands er sögð bregða óhagstæðu ljósi á ESB. MYND/ESB

Vilja auka hlutaféð:

## Reginn boðar hluthafafund

**VIÐSKIPTI** Stjórn Regins sækist eftir heimild hluthafafundar til þess að auka hlutafé félagsins um 128,7 milljónir króna að nafnvirði.

Fram kemur í tilkynningu til Kauphallar Íslands að nota eigi hlutafjáraukninguna til að greiða fyrir hlutafé í Klasa fasteignum ehf. á genginu 13,63 krónur á hlut, í samræmi við kaupsamning sem undirritaður var 21. desember síðastliðinn.

Fundurinn fer frem í salnum Rímu í Hörpu 11. febrúar næstkomandi klukkan fjögur síðdegis. - óká



**SKOÐAÐI 63 MÁL** Kauphöllinn felldi 29 eftirlitsmál niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

Eftirlitsmál í Kauphöllinni:

## Átján málum vísað til FME

**VIÐSKIPTI** Kauphöll Íslands, Nasdaq OMX Iceland, vísaði í fyrra átján eftirlitsmálum til Fjármálaeftirlitsins (FME) til frekari skoðunar.

Fyrirtækið skoðaði 63 mál í fyrra. Þar af 42 tvegna gruns um brot á reglum um upplýsingagjöf félaga á markaði og 21 mál sem vegna verðbréfaviðskipta. Mál sem fóru ekki til FME voru felld niður, afgreidd með athugasemd eða óopinberri áminningu. - hg

# Segja forsætisráðherra hafa skaðlegt viðhorf

Sérfræðingar um beina erlenda fjárfestingu segja nauðsynlegt að breyta umræðu um slíkar fjárfestingar á Íslandi. Læra megi af Írum og Möltumönnum sem hafi sett sér sérstaka stefnu um að laða til sín erlenda fjárfesta með ýmsum hætti.

**EFNAHAGSMÁL** „Viðhorf forsætisráðherra gagnvart erlendri fjárfestingu elur á tortryggni,“ sagði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsdeildar Samtaka atvinnulífsins, í pallborði í gær á opnum morgunfundi samtakanna um beina erlenda fjárfestingu.

„Það er eins og Íslendingar óttist alltaf að fjárfestar sem koma hingað til landsins ætli sér að taka allan arð sinn úr landi og skilja ekkert eftir. Auðvitað vænta fjárfestar þess að taka til sín einhvern arð, en það gleymist hins vegar að það verður alltaf virðisauki eftir í landinu, svo sem skatttekjur, aukin atvinna og launatekjur og kaup á innlendum afurðum. Ummæli forsætisráðherra um að erlend fjárfesting sé eins og erlend lántaka eru einfaldlega skaðleg,“ sagði Ásdís enn fremur á fundinum.

Annar aðalframsögumanna fundarins var Írinn Frank Barry, prófessor í alþjóðaviðskiptum við Trinity-háskólann í Dublin. Hann sagði frá reynslu Íra í þessum efnum. Barry sagði erlenda fjárfestingu þar hafa byrjað árið 1956 þegar fyrirtækjaskattur var fyrst lækkaður í landinu.

„Hagkerfi sem hafa talið það nýtast sér að lækka fyrirtækjaskatta eru oftast lítil jaðarhagkerfi sem iðnvæddust seint. Erlend fjárfesting er mikilvægari fyrir slík hagkerfi sem oft velja því að lækka slíka skatta,“ sagði Barry í erindi sínu og vildi meina að saga Írlands gæti gagnast Íslendingum.



**ÍRLAND** Frank Berry prófessor sagðist vonast til þess að reynsla Íra af erlendri fjárfestingu gæti gagnast Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ummæli forsætisráðherra um að erlend fjárfesting sé eins og erlend lántaka eru einfaldlega skaðleg.**
>
> *Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsdeildar Samtaka atvinnulífsins*

Kristrún Heimisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, tók í sama streng og Ásdís.

„Mér finnst það sláandi að við séum stödd á sama stað og Írar voru árið 1956. Við erum samfélag sem er dauðhrætt við erlenda fjárfesta, teljum það vera einhvers konar ásælni að vilja koma hingað,“ sagði Kristrún.

Hún sagði nauðsynlegt að breyta umræðunni.

„Það þarf að breyta þessu viðhorfi, við förum alltaf út í að segja draugasögur eða tröllasögur af útlendingum,“ sagði Kristrún.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, tók dæmi af Möltu þar sem stjórnvöld hafi sett sér skýra stefnu um að laða að sér erlenda fjárfesta. Um tólf mismunandi lyfjafyrirtæki hafa ákveðið að setja upp verksmiðjur eða þróunarstarfsemi þar í landi, þar á meðal Actavis. „Það er ljóst að Ísland hefði ekki orðið fyrir valinu hjá eigendum fyrirtækisins ef það væri sett á laggirnar í dag,“ sagði Guðbjörg.

fanney@frettabladid.is

Yfirvöld í þremur löndum:

## Stöðvuðu hring barnaníðinga

**BRETLAND, AP** Yfirvöld í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu hafa leyst upp hring barnaníðinga, sem stóð fyrir beinum útsendingum á netinu þar sem fylgjast mátti með því þegar börnum var nauðgað á Filippseyjum.

Alls voru 29 manns handteknir, þar af ellefu á Filippseyjum. Sumir þeirra eru ættingjar barnanna, sem níðst hefur verið á.

Rannsóknin náði til tólf landa, þar á meðal til Frakklands, Þýskalands, Sviss og Kanada. - gb

Efnahagsráðstefna í Davos:

## Ójöfnuðurinn hættulegastur

**BRETLAND, AP** Bilið milli fátækra og ríkra er að öllum líkindum það sem efnahagslífi heimsins mun stafa mest hætta af á næstu árum.

Þetta er meginstefið í árlegu áhættumati, sem birt hefur verið í tengslum við Alþjóðlegu efnahagsráðstefnunna sem haldin verður í Davos í Sviss í næstu viku.

Þar munu að venju margir helstu ráðamenn heims í viðskiptum og stjórnmálum koma saman til að ræða efnahagshorfurnar. - gb



**Í EYJUM** Samningur Eimskips við Vegagerðina kveður á um breytingar á gjaldskrá einu sinni á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hætt við að hækka verð:

## Óbreytt gjald hjá Eimskipi

**SAMGÖNGUR** Dregin hefur verið til baka þriggja prósenta gjaldskrárhækkun Herjólfs um áramótin.

Félagið segir að þrátt fyrir hækkunarþörf vegna hærra verðs aðfanga og aðkeypts þjónustu, hafi verið ákveðið að hækka ekki gildandi verðskrá í millilandaflutningum og annarri flutningatengdri þjónustu. Það hafi verið gert til að sýna samstöðu með átaki Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands til að halda verðbólgu niðri og tryggja stöðugleika. - óká


FRAMTÍÐ VIÐ FAXAFLÓA
SEMENTSREITURINN OG SÓKNARFÆRI
Opinn íbúafundur um skipulagsmál á Sementsreitnum Akranesi
18.01.14 Kl. 10.00-14.00 í Tónbergi
Fundarstjóri er Guðfinna S. Bjarnadóttir
Dagskrá:
Kl. 10.00 – 11.30
Sveinn Kristinsson forseti bæjarstjórnar.
Regína Ásvaldsdóttir – Forsendur fyrir nýrri notkun Sementsreitsins.
Halldóra Bragadóttir frá Kanon arkitektum – Sementsreiturinn og sóknarfæri.
Guðfinna S. Bjarnadóttir – Hópavinna.
Kl. 11.30
Hádegisverður í boði Akraneskaupstaðar.
Kl. 12.00 – 13.45
Vinnuhópar um framtíð og sóknarfæri Sementsreitsins á Akranesi.
Kl. 13.45
Næstu skref - Fundarslit.
Finndu viðburðinn á facebook – Sementsreiturinn og sóknarfæri
Vissir þú að.....
Það tekur aðeins 35 mín að aka frá Reykjavík til Akraness!
Sementsverksmiðjan hefur framleitt tæp 6 milljón tonn af sementi!
Á Akranesi er náttúruleg baðströnd sem hlaut Bláfánann s.l. sumar - Langisandur!
Um 80% hráefna í sementinu var skeljasandur af botni Faxaflóa!
Sementsverksmiðjusvæðið er rúmlega 60.000 fermetrar að stærð sem jafngildir um 8 Akranesvöllum!
Miðbæjarskipulag Akraness er frá 1927!
Skráning fer fram á www.akranes.is


RISA ÚTSALA
HÚSASMIÐJUNNAR
40% AFSLÁTTUR!
BLACK&DECKER
ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 10.995
NÚ 6.595 kr.
þú sparar: 4.400 kr
40% AFSLÁTTUR!
Juðari
Blac&Decker135W
VERÐ ÁÐUR 8.949
NÚ 5.395 kr.
þú sparar: 3.554 kr
40% AFSLÁTTUR!
Stingsög
Blac&Decker 400W
VERÐ ÁÐUR 9.529
NÚ 5.695 kr.
þú sparar: 3.834 kr
40% AFSLÁTTUR!
Topplyklasett
1/2" 23 stk 8-32 mm
VERÐ ÁÐUR 13.695
NÚ 7.995 kr.
þú sparar: 5.700 kr
20% AFSLÁTTUR!
Handlaugartæki Damixa
VERÐ ÁÐUR 10.995
NÚ 8.795 kr.
þú sparar: 2.200 kr
30% AFSLÁTTUR!
Handlaug
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ 6.995 kr.
þú sparar: 3.000 kr
20% AFSLÁTTUR!
Veggflís hvít
VERÐ ÁÐUR 2.280
NÚ 1.824 kr/m²
þú sparar: 456 kr/m²
25% AFSLÁTTUR!
Kastari
VERÐ ÁÐUR 3.179
NÚ 2.385 kr
þú sparar: 794 kr
20% AFSLÁTTUR!
Harðparket
planki hvíttuð eik
VERÐ ÁÐUR 2.195
NÚ 1.756 kr/m²
þú sparar: 439 kr/m²
VERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 25% • FLÍSAR 20-30%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50% • VINNUFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50% • JÓLAVÖRUR 40-70% • LJÓS 25%
BLÖNDUNARTÆKI 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30%
PARKET 20% • VASKAR 20-30% • KLÓSETT 20%
BAÐFYLGIHLUTIR 20-70% • INNIMÁLNING 20%
LÍKAMSRÆKTARTÆKI 50% og margt fleira...
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

# VINNINGASKRÁ SÍBS

Afgreiðsla vinninga hefst þann 27. janúar 2014
Birt án ábyrgðar um prentvillur

## 1. FLOKKUR 2014
## ÚTDRÁTTUR 16. JANÚAR 2014

**Nissan Leaf rafbíll kr. 5.000.000**
11267

**Aukavinningar kr. 100.000**
11266 11268

**Kr. 500.000**
1892 2965 19865 27237 34361 35291 36871 44417 47246 67343

**Kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 178 | 6823 | 14490 | 19923 | 28258 | 33994 | 40488 | 49397 | 56504 | 62881 | 68338 | 75133 |
| 690 | 6862 | 14547 | 20005 | 28312 | 34147 | 41310 | 50319 | 56654 | 62966 | 68435 | 75163 |
| 1173 | 7244 | 14745 | 20169 | 28529 | 34332 | 41608 | 50522 | 56853 | 63383 | 68645 | 75779 |
| 1206 | 7312 | 14846 | 20473 | 28556 | 34909 | 42433 | 50910 | 57154 | 64115 | 69242 | 75879 |
| 1698 | 7830 | 15126 | 20563 | 28690 | 35347 | 42496 | 51723 | 57338 | 64277 | 69426 | 76291 |
| 1971 | 7872 | 15324 | 21231 | 28893 | 35351 | 42646 | 51887 | 57989 | 64421 | 69542 | 76476 |
| 2284 | 8406 | 15422 | 21751 | 29567 | 35534 | 43040 | 52336 | 58355 | 64660 | 69628 | 76865 |
| 2525 | 8690 | 15575 | 22128 | 29836 | 35785 | 43054 | 52626 | 58433 | 65498 | 69677 | 77196 |
| 2630 | 9583 | 15680 | 22845 | 29837 | 36447 | 43987 | 52827 | 58582 | 65569 | 70147 | 77274 |
| 3357 | 9730 | 15779 | 23339 | 30667 | 37210 | 44553 | 53084 | 58766 | 65590 | 70528 | 78096 |
| 3394 | 10210 | 15856 | 23463 | 30859 | 37267 | 44897 | 53679 | 58802 | 65864 | 71283 | 78553 |
| 3847 | 10775 | 16038 | 23561 | 31164 | 37419 | 45032 | 53682 | 58831 | 66322 | 72148 | 78564 |
| 4231 | 10831 | 16828 | 23606 | 31489 | 37637 | 45357 | 53780 | 59031 | 66466 | 72187 | 78771 |
| 4599 | 11011 | 16966 | 24166 | 31500 | 37828 | 45866 | 54203 | 59737 | 67095 | 72528 | 79077 |
| 4707 | 11159 | 17010 | 25828 | 31702 | 37973 | 46233 | 54439 | 60004 | 67386 | 72779 | 79138 |
| 5011 | 12664 | 17160 | 26376 | 32042 | 38575 | 47041 | 54451 | 61088 | 67467 | 73011 | 79274 |
| 5574 | 12672 | 17819 | 26504 | 32087 | 39143 | 47254 | 55141 | 61558 | 67491 | 73143 | 79364 |
| 5669 | 12799 | 17987 | 26722 | 32467 | 39602 | 47322 | 55152 | 62207 | 67529 | 73817 | 79476 |
| 5852 | 12853 | 18428 | 26723 | 32493 | 39925 | 47736 | 55472 | 62472 | 67589 | 74305 | 79977 |
| 6790 | 12936 | 18960 | 27016 | 32543 | 40003 | 48822 | 56276 | 62491 | 67834 | 74650 | |
| 6806 | 14418 | 19889 | 27669 | 33508 | 40335 | 49347 | 56367 | 62680 | 67989 | 75051 | |

**Vöruúttekt hjá N1**

**kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 30 | 6408 | 14313 | 21816 | 28101 | 34969 | 41570 | 48770 | 54891 | 60967 | 67463 | 74677 |
| 407 | 6422 | 14407 | 22053 | 28131 | 35296 | 41651 | 48951 | 54911 | 61180 | 67465 | 74992 |
| 415 | 6452 | 14415 | 22115 | 28436 | 35479 | 41770 | 49124 | 55010 | 61182 | 67507 | 75045 |
| 435 | 6691 | 14714 | 22119 | 28439 | 35628 | 41806 | 49449 | 55150 | 61220 | 67556 | 75142 |
| 447 | 6734 | 15493 | 22120 | 28504 | 35846 | 41980 | 49463 | 55239 | 61313 | 67635 | 75229 |
| 489 | 7139 | 15522 | 22452 | 28579 | 35904 | 41998 | 49469 | 55274 | 61391 | 67690 | 75404 |
| 705 | 7186 | 15529 | 22540 | 28743 | 35995 | 42159 | 49733 | 55426 | 61402 | 67712 | 75469 |
| 753 | 7289 | 15561 | 22570 | 29036 | 36339 | 42229 | 49767 | 55565 | 61517 | 67752 | 75488 |
| 892 | 7304 | 15583 | 22822 | 29116 | 36481 | 42372 | 49821 | 55709 | 61678 | 67906 | 75590 |
| 903 | 7314 | 15616 | 22934 | 29265 | 36518 | 42590 | 49893 | 55726 | 61701 | 68105 | 75717 |
| 1068 | 7333 | 15629 | 23160 | 29490 | 36572 | 42631 | 49898 | 56074 | 62151 | 68484 | 75749 |
| 1101 | 7415 | 15638 | 23321 | 29509 | 36767 | 43095 | 50084 | 56139 | 62283 | 68619 | 75855 |
| 1195 | 7515 | 15666 | 23340 | 29577 | 36936 | 43122 | 50282 | 56184 | 62409 | 68677 | 76294 |
| 1273 | 7583 | 16049 | 23379 | 29586 | 36999 | 43208 | 50329 | 56496 | 62454 | 68992 | 76365 |
| 1421 | 7614 | 16207 | 23650 | 29801 | 37148 | 43270 | 50392 | 56507 | 62562 | 69437 | 76390 |
| 1521 | 8502 | 16313 | 23974 | 29870 | 37318 | 43489 | 50402 | 56517 | 62635 | 69490 | 76535 |
| 1605 | 8506 | 16502 | 24039 | 29898 | 37330 | 43547 | 50853 | 56539 | 62657 | 69575 | 76582 |
| 1731 | 8814 | 17079 | 24101 | 30096 | 37333 | 43979 | 50941 | 56673 | 62957 | 69584 | 76606 |
| 1931 | 8896 | 17243 | 24233 | 30112 | 37543 | 44202 | 50992 | 56697 | 63069 | 69615 | 76660 |
| 2010 | 8920 | 17396 | 24253 | 30169 | 37624 | 44246 | 51199 | 56710 | 63156 | 69849 | 76801 |
| 2067 | 9207 | 17743 | 24327 | 30316 | 37732 | 44466 | 51506 | 56806 | 63236 | 70045 | 76815 |
| 2091 | 9312 | 17827 | 24329 | 30485 | 37763 | 45213 | 51535 | 56841 | 63298 | 70672 | 76946 |
| 2726 | 9329 | 18215 | 24446 | 30687 | 38264 | 45676 | 51572 | 56872 | 63302 | 70758 | 77236 |
| 2928 | 9432 | 18235 | 24680 | 30743 | 38276 | 45728 | 51730 | 56874 | 63414 | 70839 | 77645 |
| 2934 | 9529 | 18676 | 24904 | 30785 | 38320 | 45764 | 51800 | 56897 | 63897 | 71014 | 77762 |
| 3006 | 9576 | 18824 | 24945 | 31070 | 38437 | 45773 | 51807 | 56901 | 64145 | 71281 | 77814 |
| 3100 | 9588 | 18853 | 24966 | 31157 | 38608 | 46165 | 51837 | 57153 | 64329 | 71440 | 78099 |
| 3216 | 9596 | 18932 | 25107 | 31510 | 39142 | 46279 | 51892 | 57208 | 64555 | 71722 | 78164 |
| 3429 | 9637 | 19016 | 25309 | 31533 | 39150 | 46368 | 52151 | 57248 | 64566 | 71831 | 78297 |
| 3611 | 9797 | 19358 | 25343 | 31886 | 39292 | 46557 | 52559 | 57329 | 64581 | 71832 | 78590 |
| 3620 | 9851 | 19423 | 25432 | 32212 | 39644 | 46654 | 52618 | 57910 | 64608 | 71947 | 78639 |
| 3692 | 9942 | 19642 | 25882 | 32415 | 39705 | 46933 | 52622 | 57946 | 64711 | 72085 | 78713 |
| 4054 | 10307 | 19720 | 25967 | 32475 | 39773 | 47096 | 52797 | 58099 | 64734 | 72335 | 78749 |
| 4068 | 10685 | 19782 | 25977 | 32502 | 39842 | 47136 | 52826 | 58558 | 64803 | 72531 | 78778 |
| 4132 | 10853 | 19942 | 26114 | 32524 | 40146 | 47141 | 52965 | 58571 | 64854 | 72664 | 78916 |
| 4244 | 11068 | 20123 | 26116 | 32565 | 40191 | 47236 | 53250 | 58596 | 65364 | 72778 | 79098 |
| 4285 | 11285 | 20201 | 26358 | 32574 | 40385 | 47391 | 53317 | 58620 | 65695 | 72862 | 79315 |
| 4524 | 12112 | 20229 | 26489 | 32692 | 40449 | 47550 | 53401 | 58706 | 65697 | 72897 | 79506 |
| 4718 | 12198 | 20620 | 26617 | 32925 | 40575 | 47719 | 53404 | 58988 | 65707 | 73111 | 79580 |
| 4815 | 12711 | 20678 | 26791 | 33106 | 40661 | 47795 | 53499 | 59016 | 65953 | 73436 | 79914 |
| 4921 | 12733 | 20690 | 26817 | 33704 | 40778 | 47841 | 53607 | 59323 | 66126 | 73524 | |
| 4937 | 13025 | 21023 | 26882 | 33742 | 40823 | 47945 | 53700 | 59580 | 66384 | 73575 | |
| 4989 | 13038 | 21048 | 27135 | 33976 | 40874 | 47957 | 53885 | 59826 | 66654 | 73594 | |
| 5108 | 13094 | 21458 | 27241 | 34089 | 40878 | 48201 | 53931 | 59892 | 66739 | 73615 | |
| 5138 | 13575 | 21529 | 27243 | 34097 | 40946 | 48285 | 54030 | 60092 | 66905 | 73661 | |
| 5418 | 13768 | 21565 | 27339 | 34164 | 41015 | 48292 | 54410 | 60150 | 66918 | 73777 | |
| 5792 | 13771 | 21613 | 27511 | 34339 | 41129 | 48368 | 54541 | 60224 | 66983 | 73819 | |
| 6058 | 13865 | 21733 | 27725 | 34524 | 41466 | 48464 | 54617 | 60300 | 67094 | 74084 | |
| 6260 | 13977 | 21786 | 27827 | 34672 | 41486 | 48659 | 54708 | 60501 | 67253 | 74214 | |
| 6304 | 14302 | 21804 | 27862 | 34959 | 41495 | 48721 | 54863 | 60623 | 67443 | 74259 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 216 | 7032 | 13967 | 20798 | 28108 | 34113 | 41776 | 48125 | 54644 | 61273 | 67411 | 74386 |
| 247 | 7339 | 14030 | 20858 | 28179 | 34242 | 41800 | 48242 | 54744 | 61376 | 67459 | 74451 |
| 260 | 7536 | 14044 | 21026 | 28191 | 34461 | 41923 | 48272 | 54773 | 61495 | 67572 | 74482 |
| 263 | 7624 | 14067 | 21076 | 28427 | 34500 | 41971 | 48297 | 54789 | 61565 | 67632 | 74490 |
| 722 | 7765 | 14077 | 21108 | 28444 | 34520 | 41985 | 48453 | 54964 | 61624 | 67699 | 74645 |
| 809 | 7862 | 14256 | 21191 | 28470 | 34648 | 42026 | 48459 | 55076 | 61696 | 67718 | 74708 |
| 816 | 7917 | 14279 | 21270 | 28503 | 34910 | 42084 | 48515 | 55096 | 61827 | 67750 | 74721 |
| 1089 | 7984 | 14289 | 21426 | 28678 | 35066 | 42272 | 48615 | 55134 | 61876 | 67941 | 74773 |
| 1266 | 8114 | 14291 | 21471 | 28774 | 35119 | 42445 | 48633 | 55176 | 61988 | 67955 | 74800 |
| 1286 | 8116 | 14455 | 21544 | 28917 | 35155 | 42490 | 48747 | 55417 | 62000 | 68127 | 74832 |
| 1468 | 8232 | 14500 | 21660 | 28954 | 35158 | 42509 | 48768 | 55435 | 62081 | 68534 | 74841 |
| 1536 | 8255 | 14574 | 21663 | 28992 | 35168 | 42574 | 48845 | 55577 | 62212 | 68649 | 74872 |
| 1540 | 8327 | 14658 | 21784 | 29008 | 35271 | 42581 | 48854 | 55747 | 62246 | 68846 | 74929 |
| 1548 | 8341 | 14803 | 21873 | 29009 | 35272 | 42723 | 49086 | 55861 | 62330 | 68878 | 75006 |
| 1609 | 8378 | 14989 | 21874 | 29034 | 35285 | 42882 | 49103 | 55970 | 62367 | 68973 | 75028 |
| 1688 | 8407 | 15021 | 22068 | 29080 | 35300 | 42977 | 49134 | 56007 | 62489 | 68990 | 75098 |
| 1777 | 8464 | 15073 | 22285 | 29207 | 35386 | 43029 | 49254 | 56200 | 62643 | 69132 | 75101 |
| 1805 | 8596 | 15110 | 22393 | 29251 | 35424 | 43071 | 49384 | 56208 | 62685 | 69301 | 75114 |
| 1874 | 8719 | 15130 | 22460 | 29298 | 35486 | 43206 | 49480 | 56227 | 62781 | 69393 | 75145 |
| 1964 | 8733 | 15176 | 22493 | 29317 | 35600 | 43329 | 49498 | 56242 | 62967 | 69450 | 75206 |
| 1979 | 8895 | 15456 | 22552 | 29363 | 35704 | 43401 | 49520 | 56265 | 63197 | 69475 | 75228 |
| 2002 | 8905 | 15470 | 22612 | 29381 | 35736 | 43484 | 49599 | 56647 | 63296 | 69829 | 75521 |
| 2006 | 9001 | 15591 | 22698 | 29382 | 35740 | 43536 | 49620 | 56842 | 63437 | 70032 | 75542 |
| 2154 | 9105 | 15613 | 22720 | 29401 | 35788 | 43538 | 49624 | 56861 | 63636 | 70232 | 75562 |
| 2333 | 9228 | 15891 | 22984 | 29596 | 35834 | 43562 | 49646 | 56883 | 63756 | 70241 | 75671 |
| 2341 | 9440 | 16120 | 22989 | 29682 | 35978 | 43578 | 49712 | 56899 | 63940 | 70286 | 75724 |
| 2378 | 9457 | 16321 | 23134 | 29697 | 36104 | 43655 | 49718 | 56976 | 64033 | 70537 | 75775 |
| 2431 | 9507 | 16389 | 23272 | 29755 | 36141 | 43659 | 50032 | 57135 | 64036 | 70545 | 75833 |
| 2495 | 9650 | 16409 | 23398 | 29804 | 36159 | 43803 | 50324 | 57482 | 64074 | 70799 | 75839 |
| 2567 | 9670 | 16707 | 23445 | 30019 | 36360 | 43825 | 50426 | 57603 | 64222 | 70828 | 75856 |
| 2648 | 9722 | 16710 | 23556 | 30077 | 36397 | 43967 | 50578 | 57678 | 64250 | 70999 | 75862 |
| 2712 | 9737 | 16783 | 23631 | 30083 | 36418 | 44030 | 50604 | 57791 | 64304 | 71018 | 75865 |
| 2758 | 9785 | 16803 | 23707 | 30103 | 36464 | 44087 | 50703 | 57797 | 64341 | 71023 | 75887 |
| 2923 | 9858 | 16845 | 23776 | 30177 | 36484 | 44174 | 50754 | 57996 | 64387 | 71031 | 75946 |
| 3012 | 9864 | 16851 | 23913 | 30280 | 36646 | 44189 | 51083 | 58082 | 64415 | 71155 | 75976 |
| 3121 | 10138 | 16877 | 24022 | 30327 | 36760 | 44276 | 51139 | 58172 | 64476 | 71157 | 76167 |
| 3162 | 10229 | 16924 | 24060 | 30329 | 36886 | 44310 | 51206 | 58197 | 64477 | 71164 | 76242 |
| 3168 | 10355 | 16965 | 24114 | 30338 | 36969 | 44342 | 51507 | 58250 | 64478 | 71186 | 76253 |
| 3260 | 10433 | 16977 | 24127 | 30451 | 37083 | 44491 | 51764 | 58281 | 64484 | 71218 | 76342 |
| 3262 | 10492 | 16979 | 24165 | 30512 | 37203 | 44493 | 51844 | 58291 | 64492 | 71251 | 76417 |
| 3393 | 10627 | 16988 | 24347 | 30537 | 37573 | 44565 | 51916 | 58311 | 64512 | 71332 | 76555 |
| 3536 | 10919 | 17006 | 24376 | 30674 | 37766 | 44577 | 51993 | 58330 | 64645 | 71491 | 76609 |
| 3738 | 10952 | 17066 | 24482 | 30732 | 37806 | 44610 | 52027 | 58362 | 64808 | 71527 | 76632 |
| 3787 | 11075 | 17067 | 24509 | 30758 | 38009 | 44668 | 52058 | 58373 | 64861 | 71562 | 76812 |
| 3882 | 11130 | 17094 | 24523 | 30942 | 38038 | 44717 | 52059 | 58520 | 64867 | 71605 | 76851 |
| 4011 | 11263 | 17130 | 24848 | 31008 | 38218 | 44747 | 52074 | 58562 | 64884 | 71666 | 77001 |
| 4017 | 11336 | 17178 | 24963 | 31107 | 38222 | 44782 | 52105 | 58594 | 65050 | 71743 | 77015 |
| 4035 | 11347 | 17259 | 24970 | 31264 | 38342 | 44835 | 52245 | 58833 | 65180 | 71825 | 77143 |
| 4205 | 11366 | 17276 | 25073 | 31320 | 38440 | 44909 | 52293 | 58851 | 65248 | 71895 | 77260 |
| 4216 | 11434 | 17429 | 25237 | 31364 | 38450 | 44993 | 52449 | 58865 | 65261 | 71946 | 77284 |
| 4302 | 11448 | 17921 | 25293 | 31389 | 38473 | 45010 | 52482 | 59052 | 65362 | 72062 | 77342 |
| 4344 | 11452 | 18209 | 25384 | 31407 | 38477 | 45217 | 52518 | 59100 | 65413 | 72097 | 77379 |
| 4379 | 11509 | 18212 | 25399 | 31435 | 38559 | 45299 | 52564 | 59250 | 65466 | 72100 | 77435 |
| 4387 | 11549 | 18250 | 25412 | 31628 | 38560 | 45587 | 52584 | 59320 | 65476 | 72257 | 77469 |
| 4560 | 11725 | 18341 | 25594 | 31640 | 38623 | 45672 | 52778 | 59341 | 65492 | 72291 | 77681 |
| 4680 | 11851 | 18570 | 25991 | 31644 | 38725 | 45718 | 52840 | 59431 | 65531 | 72353 | 77749 |
| 4695 | 12174 | 18723 | 26018 | 31735 | 39014 | 45721 | 52863 | 59437 | 65563 | 72374 | 77857 |
| 4764 | 12321 | 18816 | 26055 | 31842 | 39059 | 45752 | 52887 | 59442 | 65572 | 72443 | 77984 |
| 4842 | 12419 | 18950 | 26102 | 31977 | 39112 | 45760 | 52951 | 59472 | 65670 | 72455 | 78030 |
| 4846 | 12509 | 19038 | 26117 | 32114 | 39330 | 45775 | 52969 | 59521 | 65680 | 72669 | 78106 |
| 5006 | 12666 | 19196 | 26221 | 32185 | 39383 | 45783 | 53539 | 59623 | 65889 | 72753 | 78140 |
| 5059 | 12723 | 19309 | 26344 | 32193 | 39419 | 45904 | 53548 | 59629 | 65929 | 72898 | 78158 |
| 5128 | 12766 | 19326 | 26347 | 32384 | 39518 | 46154 | 53575 | 59759 | 65991 | 72970 | 78315 |
| 5212 | 12785 | 19334 | 26397 | 32512 | 39594 | 46167 | 53703 | 59850 | 66079 | 72980 | 78378 |
| 5257 | 12836 | 19368 | 26414 | 32515 | 39655 | 46206 | 53717 | 59856 | 66168 | 73030 | 78430 |
| 5287 | 13128 | 19409 | 26580 | 32537 | 39806 | 46250 | 53920 | 59915 | 66229 | 73133 | 78486 |
| 5327 | 13141 | 19421 | 26662 | 32545 | 39982 | 46333 | 53968 | 60039 | 66368 | 73232 | 78691 |
| 5337 | 13201 | 19505 | 26681 | 32659 | 40020 | 46638 | 53977 | 60081 | 66396 | 73364 | 78966 |
| 5382 | 13249 | 19635 | 26840 | 32680 | 40692 | 46871 | 54023 | 60302 | 66398 | 73371 | 79050 |
| 5453 | 13261 | 19799 | 26870 | 32865 | 40826 | 46961 | 54141 | 60356 | 66446 | 73375 | 79254 |
| 5802 | 13511 | 19875 | 27105 | 32920 | 41086 | 46995 | 54142 | 60361 | 66526 | 73546 | 79284 |
| 6002 | 13524 | 19928 | 27155 | 32996 | 41108 | 47072 | 54275 | 60442 | 66615 | 73568 | 79298 |
| 6123 | 13543 | 20011 | 27164 | 33344 | 41188 | 47086 | 54277 | 60452 | 66638 | 73649 | 79322 |
| 6229 | 13599 | 20172 | 27174 | 33404 | 41254 | 47129 | 54284 | 60734 | 66644 | 73709 | 79363 |
| 6250 | 13686 | 20188 | 27232 | 33440 | 41316 | 47407 | 54315 | 60737 | 66679 | 73758 | 79535 |
| 6253 | 13729 | 20203 | 27453 | 33511 | 41446 | 47515 | 54354 | 60743 | 66782 | 73824 | 79659 |
| 6375 | 13766 | 20353 | 27470 | 33656 | 41471 | 47545 | 54418 | 60754 | 67031 | 74082 | 79862 |
| 6508 | 13826 | 20472 | 27586 | 33769 | 41538 | 47571 | 54444 | 60946 | 67150 | 74129 | 79947 |
| 6565 | 13830 | 20516 | 27704 | 33860 | 41563 | 47725 | 54481 | 61030 | 67161 | 74264 | 79967 |
| 6913 | 13850 | 20536 | 27849 | 33900 | 41605 | 47907 | 54527 | 61176 | 67307 | 74321 | |
| 6998 | 13854 | 20667 | 27900 | 34094 | 41698 | 48049 | 54586 | 61232 | 67315 | 74330 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Í GÆR
DRÓGUM VIÐ ÚT
50
MILLJÓNIR
VARST ÞÚ MEÐ?

DRÖGUM ÚT
NISSAN
LEAF
RAFBÍL
Í HVERJUM
MÁNUÐI



DRÖGUM ÚT
RÍFLEGA
600
MILLJÓNIR
Á ÁRINU

HAPPDRÆTTI
SÍBS

Tryggðu þér miða
á sibs.is eða í síma 560 4800



**Í FIRÐINUM** Alcoa Fjarðaál framleiðir 350 þúsund tonn af áli á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

### Alcoa Fjarðaál ætlar að slökkva á yfir 30 kerum:

# Framleiða minna ál

**IÐNAÐUR** Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði ætlar að draga úr framleiðslu álversins í ljósi boðaðrar orkuskerðingar Landsvirkjunar. Orkufyrirtækið tilkynnti í gær um skerðingu á umframorku vegna lágrar vatnsstöðu í Blöndulóni og Þórisvatni.

Álverið hefur ákveðið að slökkva á allt að tíu prósentum af þeim 336 kerum sem fyrirtækið starfrækir. Fyrirtækið áætlar að framleiðslutap þess muni nema tæpum níu þúsund tonnum á tímabilinu.

Fyrirtækið greindi frá þessu í fréttatilkynningu. Þar segir að aðgerðirnar muni ekki hafa áhrif á vöruflæði til viðskiptavina. „Áætlað er að orkuskerðingin í ár standi frá 20. febrúar til aprílloka nema jákvæðar breytingar verði á vatnsmagni uppistöðulónanna,“ segir í tilkynningunni.

**- hg**



**Í SVEITINNI** Guðlaugur Þór Þórðarson útilokar ekki að leggja fram frumvörp til breytinga á búvörukerfinu og er bjartsýnn á að þar sé hægt að taka skref fram á við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lag að leggja í endurskoðun búvörukerfis

Þingmaður segir að í ljósi breyttra viðhorfa sé nú tækifæri til að endurskoða búvörukerfið, meðal annars varðandi vöruinnflutning og samkeppnismál.

**ALÞINGI** Nú er lag, í ljósi breyttra viðhorfa, að endurskoða búvörukerfið. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem opnaði á þingi í gær á umræðu um málaflokkinn.

Guðlaugur innti landbúnaðarráðherra þar svara við sex spurningum, meðal annars um upprunamerkingar landbúnaðarvara, úthlutun tollkvóta til innflutnings á landbúnaðarvöru og ekki síst stöðu samkeppnismála þar sem hluti mjólkuriðnaðar sé meðal annars undanþeginn samkeppnislögum.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist Guðlaugur vilja horfa til allra þátta samkeppnissjónarmiða.

„Því hefur verið haldið fram, með réttu eða röngu, að verslunarkeðjur og framleiðendur séu að halda öðrum frá samkeppni, en það þarf að skoða þessa hluti vel, vegna þess að það er afar mikilvægt að stíga ekki á vaxtarbrodda á þessu sviði frekar en öðrum. Þar má til dæmis nefna Beint frá býli og fleira, en í framkvæmd er slíkt besta byggðastefnan.“

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra svaraði spurningum Guðlaugs meðal annars þannig til, að vinna við innleiðingu reglugerðar um upprunamerkingar stæði nú yfir. Hún taki gildi í desember næstkomandi. Hann ætli þó ekki að breyta úthlutun tollkvóta. Ekki hafi verið rætt um meiri sveigjanleika til frekari innflutnings á hvítu kjöti en það geti breyst í samningaviðræðum við ESB.

> **Varðstaða um hvítt kjöt er varðstaða um iðnaðarfyrirtæki, en ekki íslenskar fjölskyldur.**
>
> *Helgi Hjörvar alþingismaður*

Varðandi samkeppnissjónarmið í mjólkuriðnaði sagði Sigurður að slíkt gæti komið til tals við boðaða heildarendurskoðun á búvörusamningum.

„En það er rétt að benda á að fyrirkomulagið hefur skilað mikilli hagræðingu sem skilar sér til neytenda og bænda.“

Í umræðunum var talað fyrir bættum upprunamerkingum og góðri samkeppnisstöðu íslenskra búvara, þar séu mörg sóknarfæri. Margir töluðu fyrir frjálsari innflutningi, meðal annars á hvítu kjöti, svínakjöti og kjúklingi.

„Við verðum að standa vörð um hefðbundinn landbúnað, en varðstaða um hvítt kjöt er varðstaða um iðnaðarfyrirtæki, en ekki íslenskar fjölskyldur,“ sagði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar.

Guðlaugur er bjartsýnn á framhald málsins:

„Nú er lag og tækifæri sem við höfum ekki haft lengi. Ef umræðan verður áfram með sama hætti er enginn vafi á að við eigum að geta stigið skref til hagsbóta bæði fyrir neytendur og bændur.“

thorgils@frettabladid.is

vib

# HLUTABRÉFASJÓÐURINN SKILAÐI 46,2% ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2013



ENNEMM / SÍA / NM60807

## FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR Í EIGNASTÝRINGU

Síðasta ár var gjöfult á hlutabréfamarkaði og er þetta fimmta árið í röð sem Hlutabréfasjóðurinn skilar frábærum árangri. Fjárfesting í Hlutabréfasjóðnum er áhrifarík leið til þátttöku í hlutafjárútboðum og jafnframt nýtur þú virkrar eignastýringar í íslenskum hlutabréfum.

| Íslensk hlutabréf* | 1 ár | 2 ár | 3 ár | 4 ár | 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðurinn | 46,2% | 34,7% | 27,2% | 25,6% | 19,8% |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 29,3% | 25,2% | 17,3% | 19,6% | 15,0% |
| Stefnir - ÍS-15 | 43,4% | 33,4% | 22,6% | 20,9% | 17,4% |

* Skv. sjodir.is 31. desember 2013. Ávöxtunartölur miðast við nafnávöxtun og er ávöxtun umfram 12 mánuði umreiknuð í ávöxtun á ársgrundvelli. Hlutabréfasjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
**Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.** Hafa ber í huga að eign í fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða, **www.islandssjodir.is.** eða á **vib.is** Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

WORLD FINANCE
INVESTMENT MANAGEMENT AWARDS
2 0 1 3

Kynntu þér fjölbreyttar leiðir í sparnaði og fjárfestingum á **vib.is** eða fáðu nánari upplýsingar í síma **440 4900.**

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

## Audi A4 Allroad 2.0 TDI

**Afsláttur: 1.350.000**

S-tronic, dísil, 177 hö.
Fullt verð: 10.930.000
**KJARAKAUP: 9.580.000**



## VW Tiguan 2.0 TDI

**Afsláttur: 850.000**

R-line Sjálfskiptur, dísil, 140 hö.
Fullt verð: 8.240.000
**KJARAKAUP: 7.390.000**




## Skoda Rapid 1.4 TSI

**Afsláttur: 350.000**

Sjálfskiptur, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 3.820.000
**KJARAKAUP: 3.470.000**



## Audi Q3 2.0 TDI

**Afsláttur: 700.000**

S-tronic, dísil, 177 hö.
Fullt verð: 8.480.000
**KJARAKAUP: 7.780.000**





**Afsláttur: 500.000**

## VW Jetta 1.4 TSI

Highline Sjálfskiptur, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 4.130.000
**KJARAKAUP: 3.630.000**

## VW Polo 1.2 MPI

**Afsláttur: 250.000**

Trendline 5 gíra, bensín, 70 hö.
Fullt verð: 2.460.000
**KJARAKAUP: 2.210.000**




## VW Touran 1.2 TSI

**Afsláttur: 800.000**

Comfortline 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 4.550.000
**KJARAKAUP: 3.750.000**



## VW Passat Variant 1.4 TSI EF

**Afsláttur: 400.000**

Sjálfskiptur, bensín/metan, 150 hö. Fullt verð: 4.390.000
**KJARAKAUP: 3.990.000**



## MMC Outlander

**Afsláttur: 700.000**

2.2 DID 7 manna sjálfskiptur, dísil, 150 hö.
Fullt verð: 6.890.000
**KJARAKAUP: 6.190.000**



## VW up! 1.0 MPI

**Afsláttur: 150.000**

Take up! 5 gíra, bensín, 60 hö.
Verð á reynsluakstursbíl 1.790.000
**KJARAKAUP: 1.640.000**



## VW Polo 1.4 MPI

**Afsláttur: 200.000**

Comfortline sjálfskiptur, bensín, 85 hö.
Verð á reynsluakstursbíl 2.690.000
**KJARAKAUP: 2.490.000**



**Afsláttur: 450.000**

## VW Golf 1.6TDI

Trendline Sjálfskiptur, dísil, 105 hö.
Fullt verð: 3.990.000
**KJARAKAUP: 3.540.000**



**Afsláttur: 350.000**

## Skoda Octavia 1.2TSI

6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.790.000
**KJARAKAUP: 3.440.000**



**Afsláttur: 550.000**

## VW Passat 1.4TSI EF

Comfortline Sjálfskiptur, bensín/metan, 150 hö.
Fullt verð: 4.810.000
**KJARAKAUP: 4.260.000**



# KJARAKAUP

## Gæðabílar á **einstöku** verði

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi.

Kjarakaup HEKLU standa yfir út janúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174.

Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

**Kjarakaup HEKLU nýtast öllum vel!**

**Afsláttur: 350.000**

## VW Bjalla 1.2TSI

Basic 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.370.000
**KJARAKAUP: 3.020.000**






**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.**
Aukabúnaður á ljósmyndum getur verið annar en í auglýstum verðdæmum.
Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

HEKLA

# Katalóníuþing fer fram á þjóðaratkvæðagreiðslu

Engar líkur þykja til þess að ríkisstjórn Spánar samþykki kröfur Katalóníubúa um að þeir fái að kjósa um sjálfstæði. Sjálfstæðisumræðan hefur engu að síður fengið byr undir báða vængi og héraðsþingið vill kosningar.

**SPÁNN, AP** Héraðsþingið í Katalóníu samþykkti í gær að óska formlega eftir því að haldin verði héraðskosning um sjálfstæði. Stjórnin í Madríd þarf ekki að verða við þessari ósk, og mun áreiðanlega ekki gera það.

Engu að síður hefur sjálfstæðisumræðan í Katalóníu fengið byr undir báða vængi og mun væntanlega verða eitt af stærstu kosningamálunum í næstu þingkosningum í héraðinu.

Hópur fólks kom saman fyrir utan þinghúsið meðan atkvæðagreiðsla fór þar fram um tillöguna. Flestir í hópnum voru sjálfstæðissinnar og hvöttu þingmennina til þess að samþykkja, en þarna voru einnig nokkrir sambandssinnar, sem veifuðu spænska fánanum og hrópuðu: „Katalónía er Spánn!“

Víðar í Evrópu hafa sjálfstæðishreyfingar komist á nokkuð góðan skrið. Þannig búa nú Flæmingjar í Belgíu sig undir kosningar í vor, þar sem þeir munu reyna að komast til meiri áhrifa. Í Skotlandi hefur síðan verið boðuð þjóðaratkvæðagreiðsla um sjálfstæði, og verður hún haldin 18. september á þessu ári.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hefur ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við héraðsatkvæðagreiðslu í Katalóníu um sjálfstæði. Hann segir stjórnarskrá landsins, sem er frá 1978, ekki gera ráð fyrir því að héröð landsins geti fengið sjálfstæði. Þá stendur hann fast á því að vilji menn láta fara fram atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu, þá verði sú kosning að fara fram á landsvísu þannig að allir kosningabærir Spánverjar fái tækifæri til að segja sína skoðun.

Artur Mas, héraðsforseti Katalóníu, hóf baráttu sína fyrir sjálfstæði eftir að hafa reynt, en mistekist, árið 2012 að ná fram hagstæðari samningum við stjórnina í Madríd um fjármál héraðsins.

Íbúar Katalóníu eru 7,5 milljónir, en Katalónía er eitt öflugasta hérað Spánar. Framleiðslan þar nemur fimmtungi af þjóðarframleiðslu Spánar.

Bæði Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið hafa hins vegar bent Katalóníubúum á að nýtt ríki fengi ekki sjálfkrafa aðild að þessum samtökum, heldur þurfi Katalóníuríki að leggja fram umsókn um aðild og fara í gegnum sams konar aðildarviðræður og önnur lönd hafa þurft að gera.

gudsteinn@frettabladid.is



**MANNFJÖLDI FYRIR UTAN ÞINGHÚSIÐ** Meðan héraðsþingið í Barcelona samþykkti tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu safnaðist fólk saman fyrir utan þinghúsið til að hvetja þingmenn til dáða. NORDICPHOTOS/AFP



**FULLTRÚAR PÁFAGARÐS** Búa sig undir yfirheyrsluna í Genf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfagarður gagnrýndur:

## Segist þurfa að bæta úr ýmsu

**SVISS, AP** „Páfagarður áttar sig á þessu,“ sagði Charles Scicluna, fyrrverandi aðalsaksóknari Páfagarðs í kynferðisbrotamálum. „Það eru ákveðnir hlutir sem þarf að gera öðruvísi.“

Hann sat í gær fyrir svörum í Sviss hjá nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, þar sem linkind Páfagarðs gagnvart kynferðisbrotum gegn börnum var harðlega gagnrýnd.

Hann bar því reyndar við, eins og einatt áður, að Páfagarður hafi ekki lögsögu nema yfir því litla svæði, sem hann nær yfir í Rómaborg. - gb

**RÚSSLAND**

### Vilja aðstoð frá Íran

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir óhjákvæmilegt að fá aðstoð frá Íran við að stilla til friðar í Sýrlandi. Íran hefur, rétt eins og Rússland, stutt Sýrlandsforseta dyggilega.

AKUREYRINGAR

Vegna framhaldsvinnu við bilun á stofnlögn

Laugardaginn 18. janúar verður heita vatnið tekið af í hluta Giljahverfis eins og sýnt er á myndinni.

Einnig verður heita vatnið tekið af Réttarhvammi, Rangárvöllum, Hlíðarvöllum, Glerá, Hlíðarenda, Hálöndum, Hesjuvöllum og hesthúsahverfinu (Safírstræti og Skjólunum).

Viðskiptavinir eru beðnir að kynna sér góð ráð komi til þjónusturofs sem finna má á heimasíðu Norðurorku www.no.is.




Nánari upplýsingar á www.no.is

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | FAX 460 1301 | no@no.is | www.no.is

NORÐURORKA



**ATKVÆÐATALNING Á KJÖRSTAÐ** Kosningunni lauk á miðvikudagskvöld og var strax hafist handa við að telja. NORDICPHTOSO/AFP

Kosningaþátttaka dræm samkvæmt fyrstu tölum:

## Egyptar samþykkja breytta stjórnarskrá

**EGYPTALAND, AP** Yfirgnæfandi meirihluti þeirra, sem mættu á kjörstað í Egyptalandi, virðist hafa samþykkt breytta stjórnarskrá.

Fyrstu tölur benda til þess að kosningaþátttakan hafi ekki verið nema 38 prósent, að því er fram kemur á fréttavefnum Al Jazeera, enda höfðu íslamistar hvatt fólk til að mæta ekki á kjörstað.

Þetta er þó heldur meira en þegar Mohammed Morsi, þáverandi forseti, efndi til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá fyrir rétt rúmu ári, en þá tóku tæp 33 prósent kosningabærra manna þátt og var sú stjórnarskrá samþykkt með 64 prósentum atkvæða.

Kosningin hófst á þriðjudag og stóð í tvo daga. Fyrri daginn kom til átaka og létu níu manns lífið, en seinni daginn fór allt betur fram. Mikil öryggisgæsla var í landinu meðan á þessu stóð.

Þetta voru fyrstu kosningarnar í Egyptalandi frá því herinn steypti Mohammed Morsi af stóli í sumar. Stefnt er að forseta- og þingkosningum síðar á árinu.

Margir Egyptar virðast vonast til þess að samþykkt nýju stjórnarskrárinnar marki upphafið að endalokum á þeim áhrifum sem Bræðralag múslima hefur haft í landinu.

Framkvæmd kosninganna hefur verið gagnrýnd, ekki síst kosningabaráttan sem einkenndist af nokkru offorsi stuðningsmanna stjórnarinnar. Stjórnarandstaðan fékk lítinn aðgang að fjölmiðlum, sem eru flestir á bandi stjórnarinnar.

Fastlega er reiknað með því að herforinginn Abdel Fattah el Sissi, sem er varnarmálaráðherra í bráðabirgðastjórn landsins, muni bjóða sig fram til forseta. Hann hefur þó ekki tekið af skarið um það opinberlega ennþá. - gb

NÝTT

# KOLALAUSAR VÉLAR

DEWALT
- á heima hjá Sindra -




Hraðvirkari í notkun

Ný 13 mm stálpatróna

LED vinnuljós – engir skuggar

Nýjar 2Ah rafhlöður

DCD795
höggborvél

XR LITHIUM ION

BRUSHLESS



DCD795M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél m. höggi
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**71.900** m/vsk.
Rétt verð 78.098



DC886M2

## 18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvél
Bitahaldari: ¼“
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afl: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós

Kynningarverð
**81.900** m/vsk.
Rétt verð 89.997



DCD790M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**69.900** m/vsk.
Rétt verð 75.987



DCD790D2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**55.900** m/vsk.
Rétt verð 61.987

PIPAR\TBWA • SÍA • 132779

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

Bezta vatn í heimi er sums staðar mengað:

# Vitum við að vatnið er hreint?



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Gnótt af vatni er ein mikilvægasta auðlind Íslands. Í hátíðarræðum, túristabæklingum og spjalli okkar hvers og eins við útlendinga er ítrekað fullyrt að Íslendingar eigi hreinasta og bezta vatn í heimi.

Eflaust er mikið til í því. Neyzluvatnið víðast hvar á landinu er gott. Forsenda þess er að grunnvatnið sé í lagi og það er yfirleitt tilfellið. Undanfarið hafa þó annars vegar komið fram vísbendingar um að við umgöngumst vatnsauðlindina af kæruleysi og hins vegar hefur verið sýnt fram á að við vitum einfaldlega alltof lítið um ástand vatns á landinu til að geta fullyrt nokkuð um hreinasta vatn í heimi.

Dæmi um gáleysislega umgengni við vatnið komu fram í fyrra, þegar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vöruðu við aukinni umferð og áformum um stóraukinn ferðamannastraum á Bláfjallasvæðinu, vatnsverndarsvæði borgarbúa. Heilbrigðisnefndirnar höfðu varla sleppt orðinu þegar alvarlegt olíuslys varð við Þríhnjúkagíg. Í aðdraganda þess hafði verið farið á svig við ýmsar reglur um vatnsvernd.

Undanfarna daga hefur Fréttablaðið sagt fréttir upp úr stöðuskýrslu Umhverfisstofnunar um vatnasvæði Íslands, meðal annars af mengun frá gömlum urðunarstöðum og sorphaugum. Á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði leka þungmálmar og önnur eiturefni þannig út í grunnvatnið, sem er talið í hættu þótt vatnsbólum Suðurnesjamanna sé ekki ógnað. Í höfuðborginni, við ósa Elliðaánna, leka eiturefni í strandsjóinn í Elliðaárvogi, Grafarvogi og innri hluta Sundanna frá gömlum sorphaugum og urðunarstöðum í Gufunesi og á Geirsnefi.

Á undanförnum árum hefur verið tekið fyrir urðun eiturefna sem áður fór fram í algjöru hugsunarleysi um umhverfið. Syndir feðranna koma hins vegar niður á börnunum; nú verðum við að fylgjast vel með mengun frá gömlum urðunarstöðum og grípa til hreinsunar- eða mótvægisaðgerða ef hún fer yfir þau mörk sem eru talin forsvaranleg.

Stöðuskýrsla Umhverfisstofnunar er fyrsta skrefið í að kortleggja hreinleika vatns á Íslandi. Samkvæmt henni er óvissa um gæði vatns á 36 stöðum á landinu og full þörf á frekari rannsóknum. Sums staðar er til dæmis enn verið að losa óhreinsað skólp í vatnsföll eða út í sjó.

Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur á Umhverfisstofnun, sagði í Fréttablaðinu á miðvikudag: „Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir ímynd Íslands út á við að við getum sýnt fram á það með sömu aðferðum og aðrar þjóðir Evrópu nota að vatnið okkar sé gott.“ Það er rétt – og forsenda þess að hægt sé að grípa til ráðstafana gegn hættum sem steðja að hreina vatninu okkar er að við vitum hvernig ástandið er.

Á sama tíma og stöðuskýrslan kemur út berast fréttir af því að draga eigi úr vinnu við vatnaverkefni Umhverfisstofnunar vegna fjárskorts. Það er ekki víst að það sé skynsamleg ákvörðun, í ljósi þess hversu mikla hagsmuni Ísland á af því að sýna fram á að vatnið okkar sé hreint.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Undarlegt háttalag þingmanns

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins og aðstoðarmaður forsætisráðherra, skrifaði í Morgunblaðið í gær og lýsti því sem myndi gerast ef haldið yrði áfram með aðildarsamninga við ESB.

„Þá myndi utanríkisráðherra tryggja að skoðanabræður hans séu í meirihluta í nefndum og ráðum,“ sagði Ásmundur. „Það yrði aðildarsinnum líklega mjög til framdráttar ef hörðustu ESB-andstæðingar landsins mættu til Brussel í þeim tilgangi að semja um hvernig aðlögun næstu ára verði háttað.“ Ásmundur nefndi ýmsa sem hann teldi líklegt að utanríkisráðherra myndi velja til að fara fyrir samningaveitinni. Sjálfan sig nefndi hann fyrst, Styrmi Gunnarsson og fleiri. Nú er óvíst með Ásmund, en telja verður ólíklegt að þeir sem hann telur upp yrðu sáttir við að vera sakaðir um að vinna markvisst gegn þjóð sinni yrði þeim treyst fyrir hagsmunum hennar í Brussel.



### Nú reynir á

Ásmundur sagði það „hámark bjartsýninnar og í raun hlægilegt að halda að ríkisstjórn þar sem báðir stjórnarflokkarnir eru á móti ESB-aðild geti haldið áfram aðildarsamningum“. Þetta er einnig undarlegt því á síðasta þingi barðist Ásmundur hatrammlega fyrir því að þjóðin fengi að ákveða hvort fara skyldi í samningaviðræður við ESB. Í greinargerð Ásmundar og fleiri um þjóðaratkvæðagreiðsluna sagði að hún væri viðurkennd aðferð til að leiða fram þjóðarvilja í mikilvægum málefnum. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðuferlis Íslands og Evrópusambandsins væri brýnt hagsmunamál allrar þjóðarinnar. „Allir stjórnmálaflokkar tala fyrir auknu lýðræði og beinni aðkomu þjóðarinnar að ákvarðanatöku, sér í lagi þegar um stór deilumál er að ræða.



Nú reynir á að sýna þann vilja í verki,“ sagði þar. Þetta er einfaldlega stórundarlegt allt.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þöggun

DÓMSMÁL



**Gestur Jónsson**
hæstaréttarlögmaður, var um tíma einn verjenda í Al Thani málinu.

Brynjar Níelsson alþingismaður, einn reyndasti verjandi landsins og fyrrverandi formaður Lögmannafélags Íslands, birti grein á Pressunni fyrir nokkrum dögum þar sem hann gagnrýndi dóminn í svokölluðu Al Thani-máli. Grein Brynjars var verðmætt og um sumt óvenjulegt innlegg í íslenska þjóðmálaumræðu að því leyti að hún var skrifuð á grundvelli góðrar þekkingar á viðfangsefninu. Brynjar gagnrýndi niðurstöður dómsins og færði fram sannfærandi rök fyrir niðurstöðum sínum.

Svo ótrúlegt sem það kann að hljóma sáu stærstu fjölmiðlar landsins ekki ástæðu til þess að ræða við Brynjar um efni greinarinnar eða fjalla um hana með öðrum hætti. Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, gekk fram fyrir skjöldu og benti á í viðtali að svo virtist sem hér væri skipuleg þöggun fjölmiðla um mál sem væru þeim ekki að skapi. Taldi Jón Steinar óhugsandi að í nokkru öðru landi gæti það gerst að jafn hvöss gagnrýni og Brynjar lét frá sér yrði ekki tilefni umræðu um málefnið enda varðar það sjálft réttarríkið.

Þessar athafnir Brynjars og Jóns Steinars hafa nú orðið Steingrími J. Sigfússyni tilefni til þess að leggja til að Alþingi fjalli sérstaklega um „tilraunir manna til að hafa áhrif á niðurstöðu dómstóla í málum sem tengjast hruninu“. Haft er eftir þingmanninum „… ekki sé ástæða til þess að viðeigandi þingnefndir sem gætu verið allsherjarnefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fari yfir þessa stöðu.“

**➜ Réttarríkið byggist m.a. á því að enginn verði sakfelldur án réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.**

Netmiðillinn visir.is hafði eftir Steingrími 8. apríl 2011, en þá var hann fjármálaráðherra, eftirfarandi orð um bankamennina sem hann hafði látið falla í viðtali í útvarpsþættinum Harmageddon:

„Við reynum að hundelta þessa gaura. Saksóknari, skatturinn og Serious Fraud Office í Bretlandi eru allir í því að reyna að ná í alla peninga sem hægt er að sækja, jafnvel til Tortóla, Lúxemborg eða hvert það er …“

Ég trúi því að réttarríkið sé mikilvægt. Réttarríkið byggist m.a. á því að enginn verði sakfelldur án réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Maður sé talinn saklaus nema sekt hans sé sönnuð fyrir dómi. Dómar séu birtir og eðlilegt tilefni rökræðu.

Málefnaleg umræða um dómsmál er af hinu góða. Órökstudd stóryrði stjórnmálamanns og tilraun til þess að þagga niður umræðu um grundvallarmál þjóna hinu gagnstæða.

# Verðbólgu þú óttast

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



„Trúin flytur fjöll“ segir í einum af lygnari málsháttum flestra Evrópumála. En fjöll eru þung. Þunga hluti er erfitt að hreyfa úr stað. Það er lögmál.

Þegar ég var ungur langaði mig stundum að verða betri að hlaupa. Ég hafði mikla trú á að þetta snerist aðallega um viljastyrk: Ef ég myndi bara byrja að hlaupa nálægt þeim sem voru alltaf fremstir, halda í við þá og taka svo góðan endasprett þá myndi ég pottþétt verða fyrstur. Sú áætlun gekk aldrei upp. Lungnarýmd og almennt þol hafa víst eitthvað að segja um hlaupagetu, ekki einungis viljastyrkurinn.

Menning okkar er full af hetjum sem geta beygt náttúrulögmálin sér í vil með viljastyrkinn einan að vopni. Yoda úr Star Wars (þessi sem setti sögnina aftast í setningu og andlagið fremst þvert á lögmál enskrar málfræði) gat látið hluti svífa með því að beita viljastyrknum einum saman. Þvert á lögmál eðlisfræðinnar.

### Vítahringur þjóðarsátta

Sú hugmynd að við Íslendingar getum gert hluti í krafti smæðarinnar er okkur stundum til bölvunar. Ekki veit ég hvort það tíðkast mikið í öðrum, stærri hagkerfum að menn láti sig dreyma um að þeir geti spornað við verðbólgunni svona með því að „allir leggist á eitt“. Enginn að hækka verð! Massa þetta svo!

Ætli menn þar átti sig ekki betur á því að áætlun sem byggist á því að allir hagi sér eins og einn maður, og flestir gegn eigin hag, er ólíkleg til að halda. Hérlendis erum við bjartsýnni. Þegar verðbólgan nær tveggja stafa tölu er rætt um nauðsyn þjóðarsáttar. Launafólk þarf að sleppa því að fá launahækkun þrátt fyrir hækkandi verðlag. Verslunarmenn þurfa sleppa því að hækka verð þrátt fyrir hækkandi verð á aðföngum. En hvernig finnst okkur þetta hafa gengið?

Ætlum við að anda okkur í gegnum þessa hríð og hvað svo? Eftir þjóðarsáttina kemur launaskrið. Svo gengishrun. Síðan verðbólguskot. En, jú, jú, þá má alltaf koma aftur með enn eina þjóðarsáttina. „Til að rjúfa vítahringinn.“

### Vissir þú að stöðugleiki er góður?

Í yfirlýsingu á heimasíðu forsætisráðuneytis frá 10. janúar 2014 segir meðal annars:

*„Í upphafi ársins hafa borist fréttir af nokkrum hækkunum á verði vöru og þjónustu sem gætu stefnt forsendum kjarasamninga í voða. Ríkisstjórnin hvetur fyrirtæki til að styðja við verðlagsforsendur nýgerðra kjarasamninga.“*

Síðar, þegar rætt er um um aðgerðir til að sporna gegn verðbólgunni, segir meðal annars:

*„Komið verður á fót átaki til að kynna nauðsyn verðstöðugleika.“*

Kannski ætti maður ekki að hæðast að svona krúttlegum hugmyndum en er ástæðan fyrir því að verðbólga er að jafnaði hærri á Íslandi en í löndunum í kringum okkur sú að hér á landi sé fólk ekki jafnmeðvitað um „nauðsyn verðstöðugleika“? Virkilega?

### Markaðslögmál

Hvort sem um er að ræða verð á smávöru, verð fyrir þjónustu eða laun, ræðst flest af þessu á endanum af framboði og eftirspurn. Eftir hrun tók fólk á sig launalækkun frekar en að missa vinnuna. Nú fer bráðum að verða líklegra að fyrirtæki þurfi að leggja út í launahækkanir til að missa ekki starfsfólk. Þá vantaði vinnu, nú fer að vanta fólk í vinnu.

Bakari mun selja brauðið á eins háu verði og hann kemst upp með. Hveitiframleiðandinn mun selja honum hveitið á eins háu verði og hann kemst upp með. Þess vegna er fínt mál að samtök launþega eða neytenda fylgist með verðlagi til að fólk komist þá ekki upp með jafnhátt verð. Samkeppni heldur verði niðri. En ég hef litla trú á því að vitundarherferð stjórnvalda geri það.

Ríkisstjórnin hefur ýmis tæki til að efla samkeppni og lækka vöruverð. Hún getur lækkað og lagt af ýmsa neysluskatta sem seinasta stjórn kom á eða hækkaði. Hún getur einfaldað regluverkið og gert nýjum aðilum auðveldara að koma inn á markaðinn. Loks getur hún opnað fyrir innflutning á matvælum erlendis frá. Já, hvernig væri það?

Þegar markaðir í stýrðum hagkerfum klikka er algengt að menn kenni einhverju kjaftæði um, til dæmis okri kaupmanna eða hamstri neytenda. En þegar á hólminn er komið eru skýringarnar alltaf af markaðslegs eðlis. Við tæklum ekki verðbólgu með sjálfsaga og viljastyrk.

# Fyrir 20 árum varð til Reykjavíkurlisti…

STJÓRNMÁL



Sigrún Magnúsdóttir
alþingismaður, skipaði efsta sæti Reykjavíkurlistans 1994

**➔ Ég hvet því konur til að taka þátt í mótun nærumhverfisins og gefa kost á sér á lista til sveitarstjórnar.**

Fyrir tuttugu árum síðan var mikið skeggrætt og unnið varðandi framboðsmál til borgarstjórnar. Flokkarnir héldu fundi saman og einnig hver í sínum ranni. Nánast á hverjum degi var umfjöllun í Morgunblaðinu um gang mála. Um miðjan janúar 1994 var tilkynnt að flokkarnir, sem voru í stjórnarandstöðu við Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík, hefðu ákveðið að bjóða fram sameiginlegan framboðslista til borgarstjórnar.

Reykjavíkurlistinn var skapaður af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og samtökum um Kvennalista á jafnréttisgrunni. Einn aðalsamningamaður framsóknarmanna var Valdimar Kr. Jónsson prófessor. Hann var einlægur stuðningsmaður þess að koma á sameiginlegum framboðslista og vann mikið og gott starf með fulltrúum hinna flokkanna.

Í mínum huga er sennilega sá útgangspunktur í starfinu sem mest situr eftir – að yfir vötnum sveif andblær nýrrar hugsunar varðandi jafnvægi/jafnrétti í samskiptum karla og kvenna sem og milli flokka. Konur voru þar ekki síður ráðandi en karlar. Önnur nýjung var sú að setja borgarstjóraefnið í áttunda sætið. Í heild var listinn skipaður vönduðu samhentu fólki, sem hafði reynslu af samstarfi í borgarstjórn.

Starfið í R-listanum og árangurinn er mér hugleikinn. Mér hefur stundum sárnað að þegar fulltrúar samstarfsflokkanna vilja í seinni tíð alfarið eigna sér framboðið og ganga svo langt að setja samasemmerki á milli Reykjavíkurlistans og flokks sem varð til síðar á landsvísu. Reyndar raskaðist hið góða samstarf og jafnvægi sem var innan listans einmitt við þá gjörð.

Framsóknarmenn eiga, ekki síður en aðrir, þátt í samstöðu listans sem og uppbyggingunni í þeim málaflokkum sem við settum á oddinn í kosningabaráttunni 1994 um skóla og leikskóla.

Starf í sveitarstjórn er afar gefandi og skemmtilegt. Þetta er starf sem ekki síður á að höfða til kvenna að mínu mati. Ég hvet því konur til að taka þátt í mótun nærumhverfisins og gefa kost á sér á lista til sveitarstjórnar. Reynsla af starfi í sveitarstjórn kemur til góða sama hvað fólk tekur sér fyrir hendur síðar á lífsleiðinni. Sennilega er sveitarstjórnarþátttaka einn besti skóli sem unnt er að sækja í mannlegum samskiptum sem og þekkingu á mótun samfélags.



# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1912** Robert Falcon Scott kemst á suðurpólinn, mánuði á eftir keppinaut sínum Roald Amundsen.

**1929** Teiknimyndasjóarinn Stjáni blái eftir Elzie Crisler Segar kemur út í dagblaði í fyrsta sinn.

**2013 Vilborg Arna Gissurardóttir kemst á suðurpólinn.**



**ÞETTA GERÐIST:** 17. JANÚAR 1914

## Óskabarn þjóðarinnar stofnað

Eimskipafjelag Íslands var stofnað í Reykjavík þennan dag árið 1914. Efnt var til fundar í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík, Iðnó, en hann varð svo fjölmennur að flytja varð hann yfir í Fríkirkjuna. Þar var stofnun félagsins samþykkt einu hljóði og kosin stjórn. Einnig voru samþykktar tillögur um að láta smíða tvö skip til millilandaferða og að láta smíða eða kaupa tvö strandferðaskip, síðari tillagan þó með þeim fyrirvara að landssjóður gerist hluthafi í félaginu með 400 þúsund krónur.

Eimskipafjelagið var oft kallað „óskabarn þjóðarinnar“ því hlutafjársöfnun gekk með afbrigðum vel. Þjóðin lagðist öll á eina sveif og áhuginn var slíkur að jafnvel bændur á örreytiskotum inn til dala lögðu í púkkið til að vonir Íslendinga um eigin gufuskipafélag yrðu að veruleika. Vestur-Íslendingar veittu málinu líka mikilvægan stuðning.






**Á ÆFINGU HEIMA HJÁ JÓNASI** Kristbjörg mun lesa ljóðin á efnisskránni og Þóra syngja þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þá er ljóðið svo hollt

Við slaghörpuna í hálfa öld nefnist tónleikaröð sem Jónas Ingimundarson er að hefja í Salnum á sunnudaginn – með einvalalið söngvara og ljóðalesara með sér.

„Maður verður að gera eitthvað til að réttlæta þessa vitleysu alla,“ segir Jónas Ingimundarson píanóleikari glettnislega um samkomurnar sem hann heldur í Salnum á næstunni í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá því hann byrjaði að spila opinberlega fyrir þjóðina. Þær bera yfirskriftina Við slaghörpuna í hálfa öld.

Fyrstu tónleikarnir eru nú um helgina, á sunnudag klukkan 12, og daginn áður eru þeir endurteknir klukkan 10.45 fyrir langt komna söng- og tónlistarnemendur. Dagskráin felst í söng við píanóið og ljóðalestri. Þóra Einarsdóttir söngkona og Kristbjörg Kjeld leikkona koma fram með Jónasi á fyrstu tónleikunum. „Það er glæsilegt listafólk sem ég hef fengið með mér, þú getur ímyndað þér hvort ég finni mig ekki stoltan,“ segir Jónas kampakátur. „Ég vona bara að fólk sjái sér fært að njóta þessa með okkur. Er ekki alveg búið með sunnudagssteikina hvort sem er?“

En hvar skyldi Jónas hafa komið fyrst fram fyrir fimmtíu árum? „Það var nú austur í sveitum í tengslum við kórastarf hjá karli föður mínum í Þorlákshöfn og Hveragerði,“ upplýsir hann og það líka að hann sé fæddur á Bergþórshvoli. Því er hann stoltur af. „Ég er svo heppinn að vera fæddur eftir brennu,“ segir hann glaðlega.

Á hádegistónleikunum í Salnum segir Jónas verða blaðað í sönglagastafla heimsins, bæði íslensku og erlendu efni og tekur fram að Reynir Axelsson stærðfræðingur hafi þýtt fyrir hann erlendu ljóðin og gert það vel. „Ljóðin verða lesin á undan hverjum söng,“ útskýrir Jónas. „Núna á sunnudaginn verðum við með kippu af Mozart, við verðum með Þorkel Sigurbjörnsson, æðislega gullmola frá Frakklandi og nokkur Schubertslög í lokin þannig að það er víða leitað fanga. En það er engin krafa um að leikarinn og söngvarinn skilji ljóðið sama skilningi heldur ríkir algert frjálsræði í túlkun. Við ætlum að skapa stemningu og koma bæði flytjendum og áheyrendum inn í heim texta og tóna sem er heillandi. Í nútímanum gengur allt svo hratt fyrir sig. Þá er ljóðið svo hollt.“ gun@frettabladid.is

### Við slaghörpuna í hálfa öld

Fyrstu gestir Jónasar í Salnum í hádeginu á sunnudag eru Þóra Einarsdóttir og Kristbjörg Kjeld. Á næstu tónleikum, 2. febrúar, kemur söngvarinn Gunnar Guðbjörnsson fram ásamt leikaranum Arnari Jónssyni. Hinn 16. febrúar mæta Snorri Wium og Sigurður Skúlason. Um miðjan marsmánuð stíga Auður Gunnarsdóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir á svið og að lokum, hinn 23. mars, er röðin komin að Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Guðrúnu S. Gísladóttur. Við slaghörpuna situr sjálfur Jónas.

---

†



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar sonar okkar, föður og bróður,

**GUNNARS VALDIMARSSONAR**

Við viljum sérstaklega þakka starfsfólki 13E einstaka hlýju og góða umönnun.

**Guðný María Gunnarsdóttir, Sverrir Júlíusson,
Valdimar Jóhannsson, Jóhanna Aðalsteinsdóttir,
Soffía Hrönn Gunnarsdóttir og dætur,
Guðný Jórunn Gunnarsdóttir, Guðmundur Sófusson og börn,
Jóhann Valdimarsson, Soffía Valdimarsdóttir
og Davíð Guðmundsson**

---

†



Áskær móðir mín,

**HULDA JÓNSDÓTTIR**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 11. janúar. Jarðarförin fer fram í kapellu Fossvogskirkju mánudaginn 20. janúar klukkan 13.00.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda og vina,
Nína Geirsdóttir og synir.**

---

†



Ástkær faðir minn, sonur, bróðir okkar, mágur og frændi,

**BRAGI STEFÁNSSON**
**Stekkjargerði 10, Akureyri,**

lést mánudaginn 6. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. janúar kl. 13.30.

**Lína Aðalbjargardóttir
Stefán Bragi Bragason
Soffía Guðmundsdóttir
María Stefánsdóttir
Guðný Stefánsdóttir
Sigurlaug Stefánsdóttir
og frændsystkin.**

**Sveinn Ásgeirsson
Þorgeir Smári Jónsson
Arnór B. Vilbergsson
Ingvar Kristjánsson**

---

†



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA LÁRUSDÓTTIR**
**Nestúni 4, Hvammstanga,**

lést á heimili sínu 12. janúar. Útförin fer fram frá Melstaðarkirkju laugardaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Theodór Pálsson
Sigríður L. Andresen
Páll Theodórsson
Birgir Theodórsson
Kolbrún Ruth Theodórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

**Lassi Andresen
Ásdís Þórisdóttir
Kristín Ólöf Þórarinsdóttir
Gunnar Lundberg**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL GUÐMAR VIGFÚSSON**
**Sautjándajúnítorgi 1, Garðabæ**
**(áður Seli í Ásahreppi, Rangárvallasýslu)**

lést á blóðlækningadeild Landspítalans mánudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju laugardaginn 18. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landspítalann en fjölskyldan þakkar hlýhug starfsfólks á deild 11-G.

**Sigríður Guðrún Skúladóttir
Friðrik Egilsson
Fanney Egilsdóttir
Skúli Egilsson
Harpa Vífilsdóttir
Vilhjálmur Egill Vífilsson**

**Vífill Sigurjónsson
Zina Egilsson
Árni Þorvarðarson
Alexandra Einarsdóttir**

**og barnabarnabörn.**

---

†



Konan mín,
elskuleg móðir okkar, dóttir og systir,

**ÞORGERÐUR ERLENDSDÓTTIR**
**héraðsdómari,**
**Hvassaleiti 123, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu föstudaginn 10. janúar, verður jarðsungin frá Neskirkju í dag, föstudaginn 17. janúar, kl. 13.00.

**Kristján S. Sigurgeirsson
Erlendur Kári Kristjánsson
Friðrik Gunnar Kristjánsson
Erlendur Sveinsson
Júlíana B. Erlendsdóttir
Sveinn Erlendsson
Hugborg Pálmína Erlendsdóttir**

---

†



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar og systur minnar,

**AÐALBJARGAR JÓNSDÓTTUR**
**sjúkraliða.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar heilsugæslu Kópavogs, deild L-3 á Landakoti og deild 13-E á Landspítala við Hringbraut fyrir góða umönnun og hlýju. Megi árið verða ykkur farsælt.

**Sigríður Rut Skúladóttir
Valgerður Margrét Skúladóttir
Jón Hjörtur Skúlason
Steinunn Skúladóttir
barnabörn og barnabarnabörn,
Lilja Sigurrós Jónsdóttir**

**Sveinbjörn Halldórsson
Margrét Óðinsdóttir
Guðni Erlendsson**



## GENGIÐ Á SKÍÐUM

**Ferðafélagið Útivist býður upp á gönguskíðaferð úr Bláfjöllum í Litlu kaffistofuna á morgun. Farið verður með rútu kl. 9.30 í fyrramálið og gengnir verða 20 km. Áætlaður göngutími er sex klukkustundir.**


Nýjar vörur í hverri viku
Alltaf eitthvað nýtt og spennandi





Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




**VIÐ FRYSTINN** Hafdís eldar og frystir mat. Til að auka fjölbreytnina býttar hún á mat við annað fólk í gegnum facebook-síðuna matarbýtti. MYND/GVA

# BÝTTAR Á MAT, GARNI OG FÖTUM

**HEIMILI** *Hafdís Bjarnadóttir stofnaði nýverið Facebook-síðu þar sem fólk getur býttað á ýmsum frosnum réttum sem það hefur eldað.*

Hugmyndina að Facebook-síðunni Matarbýtti fékk Hafdís eftir samtal við góða vinkonu. „Hún hefur mjög gaman af að elda en gefst minni tími til þess eftir að hún eignaðist barn á síðasta ári. Hún brást við með því að undirbúa matinn fyrir allan mánuðinn með því að elda og setja í frysti. Ég fór sjálf að elda og frysta enda oft upptekin seinnipart dags og þá er gott að eiga eitthvað í frysti sem búið er að elda og sem hita má upp. Vandinn er sá að frystirinn minn er lítill og fljótur að fyllast. Þannig sá ég fram á að við þyrftum að borða sama matinn með stuttu millibili. Þá fékk ég þessa hugdettu hvort ég gæti býttað við aðra á frosnum mat í gegnum Facebook. Sá einnig fyrir mér að þetta væri sniðugt fyrir fólk sem eldar fyrir lítil heimili og neyðist til að kaupa mat í stórum skömmtum. Þá gæti þetta líka orðið til þess að maður fengi að smakka ýmsa rétti sem maður kann ekki sjálfur að elda.

Hafdís stofnaði því Facebook-síðuna og viðbrögðin hafa verið góð. „Fólki finnst þetta sniðugt og það tínist hægt og hljótt í hópinn. Við erum orðin 48 núna,“ segir Hafdís sem bjó til garnbýttihóp á netinu í fyrra og í honum eru yfir 400 manns sem býtta á garnafgöngum.

En er fólk ekki feimið að fá mat hjá fólki sem það þekkir ekki neitt? „Ég hafði nú dálitlar áhyggjur af því en langaði samt að prufa þetta. Síðan fær maður tilfinningu fyrir fólkinu og hvort það er á sömu línu og maður sjálfur. Ég hugsaði síðuna líka á þann hátt að maður gæti komist í tengsl við einhvern tengdan manni sem er að elda,“ segir Hafdís en hún bendir á að hugmyndin sé ekki ný af nálinni. „Það er til dæmis til síða sem heitir www.shareyourmeal.net þar sem allur heimurinn er undir. Þar getur fólk skráð sig, matinn sem það er að elda, magn og verð,“ lýsir Hafdís.

Hagsýni er Hafdísi afar hugleikin. Árið 2013 skoraði hún á sjálfa sig að eyða ekki krónu í föt nema selja önnur föt á móti. „Ég stóðst áskorunina og fjármagnaði fatakaup á alla fjölskylduna með því að selja gömul föt og dót úr geymslunni á bland.is, fataskipti.is og ýmsum flóamörkuðum,“ segir Hafdís sem fann verulega fyrir þessu átaki í buddunni. „Mér tókst til dæmis að borga upp eitt bílalán á árinu.“

Hafdís lærði margt af átakinu. „Ég er orðin mjög hagsýn í fatakaupum. Ég keypti mikið í Kolaportinu, á bland.is og fataskipti.is og fann ýmislegt fínt með því að gramsa. Þá keypti ég líka inneignarnótur og gjafabréf á góðum afslætti sem fólk var að selja á bland.is,“ segir Hafdís en þannig fjármagnaði hún kaup sín á brúðarkjólnum sínum. „Mér finnst ég kunna að meta betur gildi hlutanna enda meira puð að eignast þá,“ segir hún glaðlega. **solveig@365.is**

### ELDAR OG FRYSTIR

„Ég fór sjálf að elda og frysta enda oft upptekin seinnipart dags. Vandinn er sá að frystirinn minn er lítill og fljótur að fyllast. Þannig sá ég fram á að við þyrftum að borða sama matinn með stuttu millibili. Þá fékk ég þessa hugdettu hvort ég gæti býttað við aðra á frosnum mat í gegnum Facebook. .“


OUTLET
SKÓR
Stórlækkað verð á útsöluvörum





Lækkað verð 6900
Dömu æfingaskór
St. 36-41





Stór lækkað verð 5900
Dömu kuldaskór
St. 36-41





Stór lækkað verð 3900
Stráka skór
St. 27-35





Lækkað verð 7900
Herra skór
St. 40-46
OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407



NINGS





Toppur 99 kr. með öllum heilsuréttum Nings í janúar 2014
065
Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr
1490 | 1090
HEILSU RÉTTIR
Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum.
Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.
Án salts og sykurs.
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00
Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is



Útsala í fullum gangi!
Hægt að gera góð kaup á vandaðri vöru
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Vertu velkomin! Sjáðu myndirnar á facebook.com/Parisartizkan!

Útsala
Útsala
50% afsláttur
Kjólar-bolir-peysur-mussur-buxur
Enn er hægt að gera góð kaup :-)
Nýtt kortatímabil
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


útsala
útsala
“Pleður - Bikerjakki”
Verð nú
9.030 kr.
Nýtt kortatímabil.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516





# SKEMMTILEGASTI KÓR LANDSINS

**POPPKÓR** *Vocal Project er skemmtilegasti kór landsins að mati kórstjórans og mikið stuð í kringum hann. Í kvöld verður kórinn með Hamagang í Hörpu.*

Vocal Project er óvenjulegur poppkór sem var stofnaður fyrir rúmum þremur árum. „Forsagan er þannig að nokkrir vinir voru saman í gospelkór Háskólans í Reykjavík sem lagður var niður. Þau langaði að halda áfram að syngja saman og auglýstu því eftir stjórnanda til að stjórna sönghópnum. Ég sá þá auglýsingu og sló til,“ segir Matthías Baldursson, djass- og popptónlistarmaður, eða Matti Sax eins og hann er kallaður.

**ÓVENJULEGUR KÓR**

„Kórinn er óvenjulegur að því leyti að við syngjum á brjóströddunum, það er að segja við syngjum eins og poppsöngvarar en flestir kórar eru klassískari og hljóma frekar eins og óperusöngvarar. Á tónleikum hjá okkur erum við líka með stóra hljómsveit með okkur og Vocal Project er eini kórinn á landinu með þá sérstöðu að hafa fastráðinn trommuleikara í stað píanóleikara eins og er algengast í kórum.“

Kórfélagar hittast mikið utan æfinga og segir kórstjórinn það vera aðalmálið að halda góðum móral í hópnum. „Okkur finnst skemmtilegast af öllu að syngja og því er það þannig að um leið og fyrsti maður mætir í partí þá er gítarinn rifinn upp og honum er ekki pakkað niður fyrr en síðasti maður er farinn úr partíinu. Ef við svo förum í bæinn saman förum við á karókíbar og höldum áfram að syngja.“

**LEYNIVERKEFNI Í VOR**

Vocal Project hefur haldið um það bil tvenna stórtónleika á ári síðan kórinn var stofnaður. „Við spiluðum með Sniglabandinu síðastliðið vor þar sem við útsettum Sniglabandslög upp á nýtt. Þeir spiluðu undir hjá okkur í nokkrum lögum og svo sungum við bakraddir í öðrum. Þetta var mjög skemmtilegt og við stefnum að því að gera meira af þessu. Það stefnir í rokktónleika í vor en það eina sem ég get sagt er að þeir verða með þekktu bandi. Það er því vissara að fylgjast með okkur,“ segir Matti leyndardómsfullur.

**HAMAGANGUR Í KVÖLD**

Í kvöld verður Vocal Project með tónleika sem kallast Hamagangur í Hörpu. Þar verður meðal annars boðið upp á lög eftir þekktar popp- og rokkhljómsveitir. „Við í Vocal Project ráðumst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Poppkór Íslands, eins og við köllum okkur stundum, er ekki þekktur fyrir það, við erum stórhuga, djörf og bjartsýn þótt við séum einungis þriggja ára. Í kvöld ætlum við að taka lög eins og til dæmis Africa með Toto, Celebration með Kool & The Gang og Little Talks með Of Monsters and Men. Einnig tökum við eitthvað með U2, Coldplay, ABBA, Van Halen og Stevie Wonder.“

Kórinn frumflytur tvö lög á tónleikunum, annars vegar lag um íslensku konuna eftir Áslaugu Helgu Hálfdánardóttur og hins vegar lag eftir skáldkonuna Þórunni Valdimarsdóttur. „Lagið eftir Þórunni er glænýtt klögunarlag sem var sérstaklega samið fyrir kórinn. Þetta er alþjóðleg hugmynd þar sem kórar alls staðar að úr heiminum syngja klögunarlög. Það eru meira að segja til svokallaðir klögunarkórar. Þar er þá verið að kvarta yfir þjóðfélaginu og fá útrás fyrir pirringinn. Þetta er samt sem áður furðulega skemmtilegt,“ segir Matti og skellir upp úr.

■ liljabjork@365.is



**MIKIL STEMNING** „Stemningin á tónleikum Vocal Project er oft ansi klikkuð,“ segir kórstjórinn. Svona var stuðið á tónleikum kórsins í Borgarleikhúsinu með Sniglabandinu í fyrra.
MYND/BENT MARINÓSSON



**KÓRSTJÓRINN** Matti Sax stökk á tækifærið til að stjórna Vocal Project fyrir þremur árum og sér ekki eftir því.
MYND/ALDÍS FJÓLA BORGFJÖRÐ

# EINFALDAR ORKUSTANGIR

*Hollur og bragðgóður biti úr þremur hráefnum sem auðvelt er að búa til heima og eiga í frysti. Möndlur, þurrkaðir ávextir og döðlur fara afar vel saman.*

**ORKUSTANGIR**

**Innihald:**

Möndlur (gott að rista þær í 160 gráðu heitum ofni í 10 mínútur og kæla)
Þurrkuð kirsuber (eða hvaða þurrkuðu ávextir sem er)
Döðlur

Einfalt er að skella einum bolla af hverju hráefni út í matvinnsluvélina og mauka vel saman í nokkrar mínútur eða þar til allt er orðið að klesstum massa. Þá er massanum skóflað yfir á bökunarpappír á borði eða ofan í form og jafnað út. Gott er að leggja aðra örk af bökunarpappír yfir massann og jafna út með höndunum eða kartöflustappara eða rúlla yfir með kökukefli. Þá er „kakan“ kæld vel undir plastfilmu í ísskáp áður en hún er skorin niður í litlar stangir í hentugri stærð. Vefjið stangirnar inn í plastfilmu og geymið í kæli. Þær ættu að geymast í nokkrar vikur í ísskápnum og allt upp í þrjá mánuði í frysti.

Gott að setja út í: chia-fræ, kókosmjöl, kakóduft, rifinn sítrónubörk, kanil eða dökkt súkkulaði.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
17. JANÚAR 2014

*Orri Helgason, fyrir-sæta og nemi*
**GEKK Á TÍSKU-SÝNINGU HJÁ VERSACE 2**

*Dögg Mósesdóttir kvikmyndagerðarkona*
**HEIMAFÆÐINGAR ERU BRÝNT VIÐ-FANGSEFNI 4**

*Jóhanna og Guðrún Kristjánsdætur*
**REKA HEILSU-HOFIÐ SYSTRA-SAMLAGIÐ 10**



*Þorbjörg Hafsteinsdóttir*

# VIÐ VERÐUM AÐ LÆRA AÐ DRAGA ANDANN

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Það var margt um manninn í Borgarleikhúsinu á laugardagskvöld, en þar var verkið Hamlet frumsýnt fyrir fullum sal. Á meðal gesta voru hjónin **Þorgerður Katrín**



**Gunnarsdóttir** og Kristján Arason, leikstjórinn **Ragnar Bragason** og búningahönnuðurinn Helga Rós Hannam, **Tinna Gunnlaugsdóttir,** þjóðleikhús-



stjóri og Stefán Jónsson leikstjóri svo einhverjir séu nefndir. Hamlet er í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar en Ólafur Darri fer með titilhlutverkið.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Elly Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Vilhelm Gunnarsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

# TÍSKA UPPGÖTVAÐUR Í BÓNUS

*Orri Helgason slær í gegn á tískusýningu hjá tískurisanum Versace*

Helgi Ómarsson ljósmyndari sá mig í Bónus fyrir þremur árum. Hann hafði svo samband og bað mig um að koma í myndatöku. Ég var hálfragur við það fyrst en lét svo til leiðast," segir hinn 19 ára Orri Helgason sem er nemi í Verslunarskólanum. Eftir myndatökuna fóru hjólin að snúast, Orri fór á skrá hjá Eskimo Models og myndirnar sem Helgi Ómarsson tók rötuðu inn á tískusíðuna Thefashionisto.com. Skömmu síðar bauðst Orra tækifæri til að fara til Mílanó á vegum Eskimo Models og fyrirsætuskrifstofunnar 2morrow Model í prufur hjá Calvin Klein. Þá fékk hann ekki tækifæri til að spreyta sig en í síðustu viku var Orri sérbókaður að nýju til Mílanó og fór í prufur fyrir Versace. Hann endaði á tískupallinum ásamt öðrum þaulvönum fyrirsætum. Hann segist hafa verið óvenju lítið stressaður þegar sýningin fór í gang og hafi í raun ekki áttað sig á öllu umfanginu fyrr en heim kom. „Mér fannst þetta allt voðalega skrítið. Ég var settur í hár- og handsnyrtingu og förðun og gekk á smá hælum á runway-inu," segir hann og hlær. „Þarna var fólk í bransanum sem vildi mynda sig með Orra frá Íslandi, sem ég skil ekki. Svo sat tónlistarmaðurinn Drake á fremsta bekk og ég sá hann ekki einu sinni."

*Andrea Brabin, eigandi Eskimo Models, segir árangur Orra þann besta sem karlfyrirsæta frá Íslandi hefur náð á svo stuttum tíma.*

Andrea Brabin, eigandi Eskimo Models, segir árangur Orra þann besta sem karlfyrirsæta frá Íslandi hefur náð á svo skömmum tíma. Orri hyggst þó ekki hella sér alfarið í fyrirsætubransann og segist vilja klára skólann með glæsibrag og halda áfram að iðka crossfit sem keppnisíþrótt.







FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK




SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151 - ÁRMÚLI 21
FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK
FACEBOOK.COM/FASHIONACADEMYREYKJAVIK

# LIST FÆR SINN INNBLÁSTUR AF VERALDARVEFNUM

*Erna Kristín Stefánsdóttir teiknar undir nafninu Stín á Facebook.*

„Ég var búin að teikna upp öll dýrin mín áður en ég byrjaði að teikna uglur en það var svo mikill hópþrýstingur að ég ákvað að stökkva á ugluæðið sem gekk um veraldarvefinn og sé alls ekki eftir því," segir Erna Kristín Stefánsdóttir þegar talið berst að ugluæðinu á Íslandi. „Ég held mig við minn stíl og hef ekki sótt innblástur til annarra íslenskra hönnuða en það hafa að sjálfsögðu margir verið að teikna með sugar-owl- og aztec-stílnum." Erna Kristín selur verk sín undir nafninu Stín á Facebook en hún hefur verið að teikna ýmislegt annað með pennanum. Í barnaherbergin hafa kanínur, pandabirnir og fílar meðal annars verið vinsæl en nýjasta verkefnið eru uglur á bolla undir te eða kaffi.

Erna Kristín er að læra guðfræði við Háskóla Íslands og býr á Selfossi. Hún segir að oft geti verið áskorun að fara á milli yfir hávetúrinn en að allt sé mögulegt sé viljinn fyrir hendi. „Ef maður er í skemmtilegu námi er maður ekkert að pæla í þessari heiði, maður fær sér bara gott kaffi og hlustar á tónlist og þá er maður kominn á leiðarenda."

Áhuginn á listinni hefur alltaf verið til staðar en Erna Kristín hefur einungis tekið tvo teikniáfanga í myndlistarskólanum og segir þetta aðallega vera dund sem hún þó óskar að stækka, selja í fleiri búðum og jafnvel flytja verkin út fyrir landsteinana. „Ég er ekki bara að horfa á Ísland því ég er búin að selja verk til Rómar, Kaupmannahafnar og Finnlands."

Hér á landi fást verkin hennar í versluninni Kauptúninu á Akureyri, Kaupstaður.is og undir Stín á Facebook.



Erna Kristín Stefánsdóttir hyggst halda áfram að teikna og jafnvel koma listinni út fyrir landsteinanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Erna Kristín vann bollana í samvinnu við Merkt.is

Eirberg

HLAUPTU LENGRA



BAUERFEIND®

## Viðurkenndar stuðningshlífar

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara.

reddot design award
winner 2011

## Anita active íþróttabrjóstahaldarar

- Einstakur stuðningur
- Góð öndun
- Allt að 78% minni hreyfing á brjóstum
- Verðlaunuð hönnun
- Stærðir A-H 70-105

Anita active



Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# HEILSA ANDLEGT JAFNVÆGI Í FORGANG

***Haraldur Magnússon ráðleggur hvernig hægt er að vinna bug á streitu með réttu hugarfari og réttum verkfærum og bendir á að stress getur verið vinur þinn.***


Haraldur Magnússon, streitu- og vellíðunarráðgjafi.

Haraldur Magnússon hefur sérhæft sig sem streitu-og vellíðunarráðgjafi frá Canadian Institute of Stress og heldur námskeið í streitustjórnun sem ber nafnið Náðu tökum á stressi – einfaldar leiðir til betra lífs. Dagsdaglega starfar hann sem osteópati, sem þýðir að hann meðhöndlar og leysir stoðkerfisvandamál hjá viðskiptavinum sínum sem eru jafnan með verki í hálsi, baki og ýmis krónísk tilvik. Haraldur segir að hægt sé að flokka fólk niður í sex mismunandi stress-týpur en námskeið hans byggir á því að þú lærir að þekkja þig sem stressmanneskju og færð verkfæri til þess að slaka á svo stressið nái ekki yfirhendinni.

„Eftir nokkur ár við að meðhöndla fólk tók ég greinilega eftir því að manneskju, sem var undir miklu álagi eða var neikvæð gagnvart ástandi sínu, farnaðist mun verr en þeim sem var jákvæður og tók yfirvegað á vandamálum sínum. Það er greinilegt að hugarfar fólks gagnvart vandamálum sínum er stór þáttur í alhliða heilbrigði manneskjunnar. Samspil hugar og líkama er ótrúlegt fyrirbæri," segir Haraldur.

En hvað er eiginlega stress? Haraldur segir að skilgreiningarnar séu margþættar en einna helst er stress breyttar aðstæður eða álag sem manneskjan þarf að laga sig að. Streita er því persónubundin. „Dæmi um stress getur verið að kaupa sér hús, andlát maka, veikindi, fjármál, slæmt mataræði, koma börnunum í skóla og svo á æfingu eða samskipti við börnin sín og maka. Það sorglega við það er að við erum alltaf að hugsa um heilsuna hvað varðar mataræði og hreyfingu en streitan er lykillinn að heilbrigðu líferni. Það má ekki gleyma því að það sem við köllum stress er eðlilegur hluti af lífi hverrar manneskju og mun alltaf vera til staðar í mismunandi formi. Okkar hlutverk er hins vegar að lágmarka slæm áhrif þess og hámarka jákvæðu áhrifin."

Það er alkunna að stress er óhollt og veldur skaðlegri niðurbrjótandi hversdagshegðun. Margar rannsóknir tengja stress við offitu og stærsta hluta af öllum heimsóknum til heimilislæknis má rekja til streitu.

„Hið dæmigerða meðal við streitu er að finna eitthvert ráð til að slaka á, djúpslökun eða íhugun, setja sér raunhæfari markmið og halda sig við jákvæðar dagsdaglegar rútínur. Mikilvægt er að spyrja sjálfan sig: hvað vil ég fá út úr lífinu? Slökun er góð, en galdurinn liggur í að nota sönnuð verkfæri til að kljást við streitu nær uppruna sínum á þann veg sem hentar þér persónulega."

Hægt er að nálgast upplýsingar um námskeiðið á vefsíðu Lifandi markaðar, **www.lifandimarkadur.is**

# FÆÐINGAR ÞITT ER VALIÐ!

***Dögg Mósesdóttir vinnur að heimildarmyndinni Valið, en myndin fjallar um val kvenna á fæðingarstöðum á Íslandi. Hún óskar eftir styrkjum til að ljúka myndinni á Karolinafund.***


Dögg Mósesdóttir kvikmyndargerðakona
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta byrjaði sem lítil fræðslumynd sem ég ætlaði að taka í fæðingarorlofinu mínu fyrir tæpum tveimur árum, en vinkona mín benti mér á að það væri ákveðin vöntun á umfjöllum um heimafæðingar vegna ýmissa ranghugmynda í samfélaginu," segir Dögg Mósesdóttir kvikmyndagerðarkona. Sjálf ætlaði Dögg að eiga sitt barn heima en hún endaði í bráðakeisara uppi á Landspítala. „Ég prófaði eiginlega tvær fæðingar í einni og fékk reynslu bæði af spítala og heimafæðingu. Ég var svo fegin að vera eins lengi og ég gat heima." Dögg segir að ranghugmyndirnar snúist oft um það að fólk haldi að heimafæðing sé subbuleg og hættuleg en það sé fjarri lagi. Ljósmæðurnar beri mikla virðingu fyrir konunni og hlutverki hennar í fæðingunni. Þær sjái um öll þrif og leggja ríka áherslu á fyrstu tengslin milli barnsins og foreldranna. Dögg er hálfnuð með myndina og segir þetta eldfimt viðfangsefni þar sem margir innan heilbrigðisgeirans séu ekki sérlega hrifnir af heimafæðingu. „Það eru skiptar skoðanir á þessu og það er sennilega ástæðan fyrir því hve erfitt er að fá fjármagn í myndina því hún er óvenjuleg." Dögg hvetur konur til að kynna sér nánar möguleikana hjá Mæðraverndinni og óskar eftir að fá að vera viðstödd fleiri heimafæðingar.


Arney Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir.

Arney Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir eru sjálfstæðar ljósmæður hjá Björkinni og vinna eingöngu í heimafæðingum. Arney segir heimafæðingar einungis vera fyrir hraustar konur og bendir á að heimafæðingar hafi aukist undanfarin ár þar sem konur séu orðnar meðvitaðar um valið. Í kringum 2% allra fæðinga á Íslandi eru heimafæðingar sem er hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum. „Margar konur eru hræddar við spítala sem getur haft áhrif á framgang fæðingarinnar en í heimafæðingu eru konur í umhverfi sem þær þekkja og eru öruggar í. Við ljósmæður erum með ýmislegt í töskunni en við notum enn vatnið númer eitt, tvö og þrjú sem verkjastillandi," segir Arney Þórarinsdóttir.


Heimafæðing í gangi.

Hægt er að styrkja verkefnið á Karolinafund http://www.karolinafund.com/project/view/191 en einnig geta velunnarar lagt beint inn á reikning 0321-26-8010 kt. 1903792999.

# HEILSA FÉLAGSLEGI ÞÁTTURINN LEIKUR STÓRT HLUTVERK

***Unnur Pálmarsdóttir, stöðvarstjóri World Class á Seltjarnarnesi, fer yfir nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga hvað heilsu og vellíðan í lífi og starfi á nýju ári varðar.***

Á nýju heilsuári setjum við okkur ávallt ný markmið og stefnu. Heilsan skiptir okkur öll miklu máli og því er nauðsynlegt að hlúa vel að líkama og sál. Besta leiðin er að byrja að hreyfa sig og breyta rólega um mataræði, setja sér raunhæf markmið og fylgja þeim eftir. Gott er byrja á því að fá leiðbeiningar hjá einkaþjálfara svo að framkvæmd við æfingar séu réttar. Finna sér æfingafélaga sem gerir það að verkum að æfingarnar verða skemmtilegri því félagslegi þátturinn leikur stórt hlutverk í vellíðan og skemmtun við æfingar. Aðalatriðið er að gefast ekki upp þótt á móti blási og halda ávallt áfram. Stundum koma nokkrir erfiðir dagar og þá er ráð að stíga eitt skref aftur og tvö skref áfram.


Unnur Pálmarsdóttir FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Hér eru 10 góðir heilsupunktar í lífi og starfi fyrir ykkur, kæru lesendur

**1** Setjum okkur og heilsuna í fyrsta sætið!

**2** Heilsan skiptir okkur öll máli, því er nauðsynlegt að hlúa vel að henni og hlusta á líkamann.

**3** Leyfum okkur að dekra við líkamann t.d. fara í nudd, sund eða það sem hentar þér til að ná betri líðan. Vellíðan öðlumst við einnig með vaxandi sjálfstrausti sem eykst þegar við ræktum líkama og sál.

**4** Verum sátt við sjálf okkur. Þegar við erum sátt við lífið og tilveruna þá virðast allar dyr opnar og möguleikar lífsins verða endalausir! Göngum um dyr lífsins og njótum þess að vera til og lifa heilbrigðu lífi.

**5** Andlegt og líkamlegt jafnvægi skapast með hreyfingu og að borða rétt fæði.

**6** Skipuleggjum okkur betur, þá skapast meiri tími og svigrúm til að stunda hreyfingu og tómstundir sem við viljum iðka.

**7** Verið óhrædd að prófa nýja hreyfingu, líkamsrækt eða íþróttir á nýju heilsuári. Farðu út að skokka, synda, ganga, dansa eða kynnast nýrri heilsurækt.

**8** Lyftingar og að stunda heilsurækt er besta forvörnin við beinþynningu. Við lyftingar þá styrkjum við vöðvafestur og byggjum upp vöðvaþol og styrk. Markmiðið er að byggja upp líkamann til að forðast hættu á meiðslum. Því eru lyftingar og hreyfing í hvaða formi sem er öllum nauðsynleg.

**9** Sjáum okkur eins og við erum. Verum gagnrýnendur á okkar störf og því gerendur í leiðinni og framkvæmum. Þegar okkur líður betur með líkama og sál þá verða allir hlutir auðveldari og lífið leikur við okkur.

**10** Setjum okkur markmið með því að skipuleggja okkur og ná árangri. Sjálfsmynd þín verður sterkari þegar sjálfstraust þitt vex og dafnar við það eitt að leggja rækt við sjálfan þig og byrja að hugsa um heilsuna strax í dag.


30%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HÖNSKUM

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND




# ÚTSALA

## Allt að 70% afsláttur!

- Cube 2013 / Craft / Nike / Etxeondo / Louis Garneau / Brooks / Messingschlager -

WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00




# ÞORBJÖRG LOSAÐI SIG VIÐ SYKURPÚKANN OG FANN SIG Í JÓGA

***Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti hefur búið í Danmörku í rúmlega þrjátíu ár en er með annan fótinn á Íslandi og sinnir fjölbreyttum verkefnum sem varða heilbrigðan lífsstíl. Lífið ræddi við hana um sykurfíknina, metsölubækurnar, ástina og nýja þáttinn, Heilsugengið.***

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
vísir
Félag Fasteignasala

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!
vísir FASTEIGNIR.IS

Hún situr í rólegheitunum og sötrar kaffi þegar ég kem askvaðandi inn á K-bar. Við höfum aldrei sést áður en um leið og hún sér mig stendur hún upp og faðmar mig af mikilli innlifun, rétt eins og góðar vinkonur gera. Þorbjörg Hafsteinsdóttir hefur töfrandi nærveru og ég kemst fljótt að því að saga hennar fjallar um unga konu sem var að vissu leyti stjórnlaus en fann hugarró í heilbrigðum lífsstíl. Þorbjörg útskrifaðist með hæstu einkunn í hjúkrunarfræði en þá var hún komin með aðrar hugmyndir. Áhuginn á næringarfræði og huglægari málefnum var orðinn mikill svo hún lagði hjúkrun á hilluna og menntaði sig sem næringarþerapista.

***Hvenær fékkstu þennan mikla áhuga á næringarfræði?*** „Ég var 19 ára þegar ég flutti til Danmörku en þangað flutti ég einnig með sykurþörfina með mér. Ég hafði tekið þetta með trompi á Íslandi og datt út úr menntaskóla í þriðja bekk því ég gat ekki einbeitt mér eða mætt í skólann. Ég svaf bara. Þegar ég uppgötvaði að ekki væru allir eins og í nýja menntaskólanum mínum í Danmörku fór ég í mikla sjálfskoðun því ég var í raun búin að vera sykurfíkill síðan ég var þriggja ára.“

***Hvað þýðir að vera sykurfíkill?*** „Sykurfíkill er einstaklingur sem er með óstjórnlega lyst og þörf fyrir sykraðan mat, sælgæti eða því sem er sætað með sykri. Þetta er bæði andleg og líkamleg fíkn. Þetta kemur við allar frumur líkamans, þar á meðal heilafrumur sem verða háðar þessum sykri. Þetta er alveg vísindalega sannað að heilastöðvar sem verða fyrir sykurárás kveiki í fíkninni líkt og hjá alkóhólistum eða dópistum. Það er alltaf saga á bak við fíkn og ég á mína sögu líka sem fjallar um foreldraskilnað og einmanaleika. Ég var óstýrilát og var talin frekur krakki sem hafði hátt. Ég lét á mér bera í skóla og fékk áminningu fyrir að skera mig úr. Ég hef eflaust verið með ADHD þá en fékk ekki greiningu fyrr en ég var fullorðin.“

***Ertu sem sagt greind með athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) í dag?*** „Já, en mér er alls ekkert vel við þennan greiningartitil. Þá fer maður að skilgreina sjálfan sig í gegnum greiningarnar sem er mjög óheppilegt þegar maður er til dæmis að vaxa úr grasi. Maður á ekki að stimpla sjálfan sig sem eitthvað neikvætt. Það er mikilvægt að við sjáum jákvæðu hliðarnar. Alltof margar konur eru að tengja sjálfa sig við einhverja neikvæða hugsun og stöðva sjálfa sig í að lifa lífinu til fullnustu. Ég get þetta ekki, ég er ekki hæf, þetta er of erfitt, nei, ég er ekki nógu klár. Uppalendur, kennarar og aðrir þurfa einnig að vera vakandi fyrir því hve mikla þýðingu það hefur hvernig við komum fram við börn og styrkja þau í að vera sjálfstæðir einstaklingar sem þykir vænt um sjálfa sig og þora að vera til. Ég er ekki að tala um að pakka börnunum inn í bómull. Það er eins mikill glæpaháttur og hitt.“

## Skar sig úr fjöldanum

***Hvað varð til þess að þú fórst að vinna í því að verða sykurlaus?*** „Það er ákveðin ábyrgð að vera öðruvísi en fjöldinn og skera sig úr. Margir eru hræddir við að sleppa öryggninu því að þó að þér líði illa þar sem þú ert þá ertu samt örugg, þú veist hvað þú hefur. Ég kynntist góðum og flottum manni sem var 12 árum eldri en ég. Hann er faðir barnanna minna þriggja og er mikill heimsmaður. Ég leit mjög mikið upp til hans því hann var svo klókur. Hann spurði mig bara beint einn daginn: Af hverju ertu að borða svona mikinn sykur, hvað er þetta að gera fyrir þig? Þá áttaði ég mig á því að kannski var þetta óeðlilegt og ákvað breyta um lífsstíl.“

Þorbjörg ákvað að sleppa sykrinum en fékk mikil fráhvörf. „Ég varð veik, hristist öll, grét og var alveg ómöguleg en eftir þrjá daga fór ég að hugsa skýrt án þess að láta undan þörfinni sem kallaði á mig: Iss, þú átt þetta skilið því nú ertu búin að vera svo dugleg! Þetta var ekki bara sykurinn heldur var það líka brauðið sem maður borðaði alla daga. Ég var ekki alveg heil þó ég væri búin að sleppa sykrinum. Ég var enn þá með útblásinn maga, ég var enn þá vansæl og fór enn þá inn í slæmt hegðunarmunstur. Ég fór að lesa mér til og uppgötvaði glúteinóþol og í dag er ég laus við hvort tveggja og það er grunnurinn í mínum lífsstíl.“

Þorbjörg ber fræðum sínum góða sögu og hefur gefið út bækurnar 10 árum yngri á 10 vikum, 9 leiðir til lífsorku, Matur sem yngir og eflir og Safaríkt líf, sem allar eru byggðar á þeim fræðum að vinna með líkamann í heild sinni. Hún skellir stórri bók á borðið. „Þetta er nýja bókin mín,

*Það er hins vegar brýn nauðsyn að við lærum að slaka svolítið á. Ég hugsa að það þurfi að vera eins konar þjóðarátak til þess að lyfta upp þessu andlega verkefni saman.*



## Uppáhalds

**MATUR**
Ég er mjög hrifin af fiski, alls konar. Ég á alltaf mismunandi gerðir af köldum sósum og pestói.

**DRYKKUR**
Það er kaffi og grænt te.

**VEITINGAHÚS**
GLÓ, KK barinn og Forréttabarinn er góður.

**VEFSÍÐA**
Livestrong.com og thorbjorg.dk

**VERSLUN**
Whole Food Market stendur upp úr.

**HÖNNUÐUR**
Hella Jongerius, Eames, og klassísk dönsk húsgögn.

**HREYFING**
Jóga og sund og fjallgöngur.

**DEKUR**
Góð mynd og popp með ástvinum.

en hún er ekki komin til Íslands. Þessi bók átti bara að verða eins konar bæklingur en þegar ég byrjaði að skrifa fæddist þessi svokallaða húðbiblía sem inniheldur upplýsingar um ýmis húðvandamál, og hrukkumeðferðir, bæði þær hefðbundnu og óhefðbundnu.“

### Botox eða brokkolí?

Talið berst að danska þættinum Botox og brokkolí sem Þorbjörg tók þátt í í fyrra.

Þættirnir voru byggðir þannig upp að tveir hópar voru settir upp hvor á móti öðrum og kepptu á 8 vikum í að öðlast yngra og betra útlit. Þorbjörg tók að sér brokkolíhópinn sem fylgdi hennar næringarráðgjöf en hinn hópurinn var í höndunum á dönskum lýtalækni. Hópur Þorbjargar stóð betur eftir þessar átta vikur.

***Ertu þá á móti inngripum eins og botoxi og restylane?*** „Nei, nei, ég er ekkert í þeirri aðstöðu að vera á móti því. Ég bið bara konur um að endurskoða ákvörðunina og spyrja sjálfa sig, af hverju þær eru að gera þetta. Hvað er að? Og muna að fegurðin kemur frá svo mörgu öðru en bara einhverri sprautu. Sprautan virkar kannski í sex mánuði en þú sefur kannski enn þá illa og ert enn þá með lélegt sjálfsálit og þú ert enn þá of feit eða of mjó eða þú ert enn þá vannærð eða með þurrk í húðinni. Botox er eiturefni en Restylane er náttúrulegt efni sem unnið úr sykri, svo það er ekkert hræðilegt. Þetta er hyaluron-sýra sem er efni sem þú framleiðir sjálf og er í gelinu á milli allra húðfruma. Gelið, sem heitir globulin, hefur þann eiginleika að það bindur mikinn vökva og þessi vökvasöfnun í húðinni fyllir út í húðina.“

***Er þú sammála því að mataræði eigi 80% í því að vera í líkamlegu góðu formi?*** „Mataræði hefur að sjálfsögðu mikið að segja en það hefur hreyfingin líka. Sérstaklega eftir því sem maður eldist. Þegar maður er ungur þá kemst maður upp með það að hreyfa sig lítið sem ekkert í langan tíma og lifa á góðu fæði, en svo koma tímamót þar sem hægist á brennslunni og hormónin breytast rétt í kringum fertugt. Þá er mataræði ekki bara nóg. Því breytti ég því hvernig ég hreyfi mig.“

***Sjálf geislar þú af lífsorku. Hvað gerir þú til að halda þér í andlegu og líkamlegu formi?*** „Ég er alltaf að vinna í sjálfri mér uppi í huganum og kannski einum of mikið því ég er ekki alveg laus við athyglisbrestinn. Ég reyni að temja mér það að hugleiða og fara í jóga og gera meðvitaða öndun. Ég hef tileinkað mér það síðustu árin að draga andann djúpt niður í magann. Ég lærði að meta jóga fyrir fimm árum í NY þegar ég kynntist bikram-jóga. Þá fann ég sjálfa mig. Þetta var svo erfitt því ég þurfti að sleppa og ég barðist í fleiri skipti við að halda sönsum inni í þessum sal í þessum hræðilega hita með þessar hræðilegu pósur en alltaf kallaði þetta á mig. Þetta snýst um að læra og þora að sleppa stjórninni,“ segir hún og brosir. „Ég er einmitt að fara af stað með námskeiðið Jóga Food, næring fyrir líkama og sál, ásamt






Hætti að borða sykur og brauð og fann gleðina á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Önnu Margréti sem rekur Yoga Shala Reykjavík. Í okkar vestræna heimi er svo mikill hraði og við verðum að læra að draga andann."

### *Á sykri eða gleðipillum*

***Hefur þú fundið fyrir því að streita sé meira áberandi hér á landi en í Danmörku?*** „Já og nei. Oprah Winfrey kom til Danmerkur fyrir nokkrum árum og var ofsalega hrifin og teiknaði upp glansmynd af Dönum sem hamingjusömustu þjóð í heimi. Það er mikil hamingja í gangi en ekki mikið meira en hér á landi. Það er bara önnur stemning og menning sem fjallar um að þeir eru góðir í að „hygge sig" eða hafa það huggulegt og afslappað. Þeir eru einnig efstir á lista yfir þjóð sem notar hvað mest af gleðipillum. Íslendingar eru á sykrinum og þeir eru á gleðipillum," segir hún og hlær. „Hjólið er að bjarga Dönunum frá offitu og sykursýki-tvö því þeir hjóla nánast allt sem þeir fara og fæstir eiga bíl í borginni. Hér heima erum við öll í bílum og það nægir ekki að leggja 300 metrum frá staðnum, heldur beint fyrir utan. Það er hins vegar brýn nauðsyn að við lærum að slaka svolítið á. Ég hugsa að það þurfi að vera eins konar þjóðarátak til þess að lyfta upp þessu andlega verkefni saman. Við þurfum að læra að tengja mataræðið og slökunina. Fara í jóga og nota verkfærin sem maður finnur þar."




***Nú var að hefja göngu sína þátturinn Heilsugengið, en þar ert þú í fararbroddi ásamt öðrum góðum konum. Segðu frá því.*** „Þátturinn er heilsuþáttur og markmiðið er að sýna hvað gerist ef þú breytir lifnaðarháttum og lífsstíl, sérstaklega þegar þú breytir um mataræði. Þessi þáttur er hugverk Völu Matt en hún fékk okkur Sollu með.

*Sprautan virkar kannski í sex mánuði en þú sefur kannski enn þá illa og ert enn þá með lélegt sjálfsálit og þú ert enn þá of feit eða of mjó eða þú ert enn þá vannærð eða með þurrk í húðinni.*

Ég hef hitt margt frábært fólk við gerð þáttarins þar sem ég gef ráðleggingar í sambandi við mataræðið og Solla útbýr réttina."

***Svona rétt í lokin, hefurðu nokkur góð ráð handa konum sem vilja lifa heilbrigðara lífi?*** „Lesa bókina 9 leiðir að lífsorku því hún er svo heildræn og fjallar mikið um sjálfsvinnuna. Þetta er í raun níu bækur í einni þar sem þú getur farið inn í hvaða kafla sem er og fundið lausnir og fengið nákvæmar leiðbeiningar og upplýsingar um orkuna, hreyfingu eða jafnvel um ástríðuna og kynlífið. Bókin var skrifuð í þremur heimsálfum, í Taílandi, New York og í Aðalvík á Íslandi. Hún er ansi mögnuð þessi bók. Ef ég mætti segja fimm atriði þá er það-lestu 9 leiðir að lífsorku, dragðu andann meðvitað og láttu símann þinn minna þig á það. Borðið morgunmat sem er fullur af prótíni og fitu, góðan sjeik eða ommelettu sem setur ekki álag á blóðsykurinn."



# HÆTTU Í MEGRUN – VERTU FIT



**Þær Alexandra Sif Nikulásdóttir og Katrín Eva Auðunsdóttir hjá Betri Árangur.is hafa þróað sérstaka FIT-rétti með Culiacan. Þær hafa hjálpað fjölda kvenna að ná sínu besta formi. Þetta eru tveir réttir, FIT-kjúklingasalat og FIT-kjúklingaspjót og hafa þeir fengið frábærar viðtökur.**



FIT réttir

FIT réttirnir eru hannaðir með Alexöndru Sif, þjálfara hjá Betri Árangri sem hjálpað hefur fjölda kvenna að komast í sitt besta form. Þar er lögð áhersla á "hreinan mat", próteinríkan og fitusnauðan. Þjálfararnir sem allir eru með mikla reynslu af líkamsrækt vilja að heilbrigt mataræði sé hluti af lífsstílnum en ekki kúr. Hættu í megrun og vertu FIT.

**FIT KJÚKLINGA-SALAT**

Bökuð tortillaskál, iceberg, kjúklingalundir, ferskt salsa, kornsalsa, ostur, mild sósa og Fit-dressing.

430 kcal **1.790 KR**

**FIT KJÚKLINGA-SPJÓT**

Mexíkó-hrísgrjón, baunir, kjúklingaspjót, iceberg, ferskt salsa, kornsalsa, ostur, smá guacamole og Fit-dressing.

420 kcal **1.790 KR**

Veitingastaðurinn Culiacan á Suðurlandsbraut hefur síðustu misseri þróað ýmsa rétti í samstarfi við fjölmarga einstaklinga úr heilsuræktargeiranum. Þetta eru næringarfræðingar, þjálfarar og fólk sem hefur sérhæft sig í ákveðnum lífsstíl eða mataræði. Réttirnir sem komið hafa út úr þessu samstarfi eru stílaðir inn á ákveðna hópa sem eru að gera mismunandi hluti. Nýjasta samstarfið er við þær Alexöndru Sif Nikulásdóttur og Katrínu Evu Auðunsdóttur hjá Betri Árangur.is en þær hafa hjálpað fjöldanum öllum af konum að komast í sitt besta form.

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt verkefni," segir Alexandra Sif. „Sólveig Guðmundsdóttir, eigandi Culiacan, hefur verið ötul við að þróa heilsurétti sína í samstarfi við hina ýmsu aðila úr heilsuræktargeiranum. Þeir henta meðal annars hlaupurum, Crossfitiðkendum, fólki sem er á lágkolvetnafæði og þar fram eftir götunum og nú hefur Betri Árangur bæst í hópinn." Alexandra Sif segir að hún og Katrín Eva hafi tekið samstarfinu opnum örmum. „Við höfum einmitt mælt með staðnum sem hollum kosti fyrir þá sem eru að leita að góðum og næringarríkum mat. Þá finnst okkur staðurinn gott og ánægjulegt dæmi um þá heilsuvakningu sem hefur orðið á meðal veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu."

Alexandra Sif og Katrín Eva þróuðu tvo rétti í samstarfi við Sólveigu. Annars vegar FIT-kjúkligasalat og hins vegar FIT-kjúklingaspjót. „Sólveig var tilbúin að þróa réttina nákvæmlega eftir okkar óskum um samsetningu fæðunnar. Hún skipti til dæmis úr venjulegum osti, sem flestir veitingastaðir nota, yfir í fjörostinn sem er okkar uppáhald en hann inniheldur aðeins 9 prósent fitu. Þá er sósan sem vanalega er útbúin úr tíu prósent sýrðum rjóma, og því meinholl fyrir, nú úr 5 prósent sýrðum rjóma og létt AB-mjólk. Culiacan notar auk þess aðeins ferskt hráefni en okkar ráðleggingar byggjast einmitt á því að fólk borði hreinan mat sem er í senn næringarríkur og prótínríkur og gefur góða magafylli, án þess þó að innihalda óþarfa aukahitaeiningar. Ef maturinn sem við borðum er þannig samsettur þurfum við ekki að neita okkur um allt sem er gott. Galdurinn er að velja hollari kostinn. Alexandra Sif hvetur alla til að prófa FIT-réttina. Þeir eru næringarríkir, fitusnauðir, bragðgóðir og saðsamir.






## BÖRNIN LEIKA SÉR Í VILLTA VESTRINU

Staðurinn var nýlega stækkaður og bætt við flottri aðstöðu fyrir krakkana að leika sér í. „Barnahornið er í stíl við villta vestrið, og krakkarnir elska þetta," segir Sólveig Guðmundsdóttir, eigandi Culiacan.








# BÖRN SKREYTUM BOLLAKÖKUR

***Gotterí og gersemar halda skemmtileg og hugmyndarík námskeið fyrir ungu kynslóðina.***

Barna- og unglinganámskeiðin eru fyrir alla unga áhugamenn um kökuskreytingar frá 8 ára aldri. Á bollakökunámskeiðunum er farið yfir baksturstækni, leiðbeiningar í smjörkremsgerð og mismunandi stífleika á kremi fyrir margvíslegt skraut,“ segir Berglind Hreiðarsdóttir sem rekur Gotterí og gersemar á www.gotteri.is. Fyrstu námskeiðin hafa lofað góðu og segir hún börnin hafa verið himinlifandi með afraksturinn. Berglind segir að á bollakökunámskeiðunum sé einnig farið yfir hvernig lita skal krem og gera tvílitt. Kennd er notkun á pokum og stútum ásamt spraututækni fyrir einfaldar og fallegar skreytingar. „Þar sem börn og unglingar eru yfirleitt með hugmyndaflugið í lagi er leyfilegt að leika sér með hráefnið að vild og skreyta kökur eftir eigin höfði. Í lok námskeiðs fá allir að taka kökurnar sínar með heim til að deila með fjölskyldu og vinum, ef þeir tíma því.“

Meðfylgjandi myndir voru teknar á bollakökunámskeiði sem haldið var í lok árs. Nánari upplýsingar á gotteri@gotteri.is






Krakkarnir voru himinlifandi eftir bollukökunámskeiðið og fengu að taka sínar kökur með heim.

## AUGLÝSING: CHANEL KYNNIR

# EINS OG SÓLARDAGUR

**Mjúkir tónar eru áberandi í vorlínunni frá Chanel sem er að koma í verslanir þessa dagana. Litirnir passa fyrir flesta og með nánast öllum litum í fatavali.**

Vorlitirnir frá Chanel eru að koma í verslanir þessa dagana en margir bíða þeirra með eftirvæntingu. „Vorlitirnir frá Chanel í ár minna á fyrsta sólardag vorsins. Þeir eru melódískir þar sem litirnir eru tónverkið,“ segir Sesselja Sveinbjörnsdóttir, fræðslufulltrúi og þjálfari fyrir Chanel.

„Bleikt og fjólublátt umvafið leikandi rauðum litum setja tóna vorsins eins og vel samhæfð strengjasveit. Förðunin er samt sem áður hefðbundin og geta allir tileinkað sér hana. Litirnir eru mjög mjúkir og passa fyrir flestar týpur og með nánast öllum litum í fatavali.“

Augnskuggarnir frá Chanel eru mjúkir í vor og eru þeir með tónum af beige, ferskjubleikum og mismunandi mjúkum tónum af plómulit. „Þeir eru annars vegar fjórfaldir, Quadrille 537, og hins vegar tvöfaldir og þeir heita Rose majeur 70. Einnig eru tveir stakir skuggar í ILLUSION D‘OMBRE NO 92 og 93 en þeir gefa útlitinu ferskan blæ. Með þessu er svo maskarinn INIMITABLE INTENSE noir en hann er sérstaklega svartur og blautur augnblýantur, LIGNE GRAPHIQUE DE CHANEL. Það er einstaklega auðvelt að nota augnblýantinn þar sem pensillinn er mjög grannur sem gerir mjög auðvelt að stjórna því hversu breið línan verður. Í varalitunum, naglalökkunum og glossunum eru fallegir, bjartir og mjúkir tónar vorsins, geislandi af fjöri,“ segir Sesselja.




# MAGNESÍUM ER LÍFSNAUÐSYNLEGT FYRIR OKKUR

***Jóhanna og Guðrún Kristjánsdætur reka heilsuhofið Systrasamlagið og selja kísil og magnesíum. Þær byrjuðu reksturinn fyrir rúmum sex mánuðum.***

Fjórir vinna að þessu verkefni í dag, þau Egill Gauti Þorkelsson, sem er „master distiller“, Eva María Sigurbjörnsdóttir stýrir framleiðslunni, Sigrún Jenný Barðadóttir er rekstrarstjóri og Haraldur er framkvæmdastjóri.

Sem stendur er eingöngu boðið upp á Flóka viskí á tunnu, til dæmis í sérpöntun hjá ÁTVR, og eins má fá Flóka beint af tunnu á Microbar, Dillon, Bravo og fleiri stöðum í miðbæ Reykjavíkur.

„Fyrsta átöppun á flöskur í almenna sölu er áætluð síðar á þessu ári þar sem Flóki er ekki fullþroskaður enn, beint af tunnu er hugsað meira fyrir alhörðustu viskíáhugamenn.“

Í desemberframleiðslunni voru teknar frá tunnur sem verða fyrsta tíu ára átöppun fyrirtækisins og kemur þá á markað árið 2023.

Flóki er meginframleiðsluvara Eimverks Distillery en fyrirtækið stóðst ekki mátið með bæði tæki og þetta frábæra íslenska hráefni í höndunum og hefur verið að þróa alíslenskt gin að undanförnu.

„Ginið okkar heitir Vor og er það sem kallað er „Pot Distilled Gin“ sem er gin með gamla laginu, handlagað, úr lífrænu íslensku byggi, bragðbætt með íslenskum einiberjum og villtum kryddjurtum. Við erum verulega spennt fyrir þessari vöru sem kemur í sölu á næstu vikum. Vor er einstakt gin og íslenska byggið kemur sterkt í gegn, toppað með kryddi úr íslenskri náttúru,“ segir Haraldur.

Undanfarin tíu ár hefur gengið mjög vel að rækta bygg á Íslandi og eru tækifærin sem fylgja þeirri velgengni mörg. „Tækifærin eru mörg og við stöndum vel að vígi, ég hef fundið fyrir miklum áhuga erlendis og við stefnum á erlendan markað sem allra fyrst.“

> **Tækifærin eru mörg og við stöndum vel að vígi, ég hef fundið fyrir miklum áhuga erlendis og við stefnum á erlendan markað sem allra fyrst.**
> *Haraldur Þorkelsson*

Hugmyndin að Flóka sem slík er ekki ný, íslenskur einmöltungur hefur verið draumur margra.

„Hér eru allar aðstæður í dag ákjósanlegar fyrir viskíframleiðslu. Viskí hefur auk þess verið í mikilli sókn um allan heim. Skoskt viskí var til að mynda flutt út frá Skotlandi fyrir 4,27 milljarða punda og víða í löndunum í kringum okkur er viskíframleiðsla blómstrandi sprotagrein, til dæmis í Stauning í Danmörku.“

gunnarleo@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

47 RONIN
2014 FRANSKA KVIKMYNDAHÁTÍÐIN — NÝ GÆÐAMYNDIR Á KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI 17.–30. JANÚAR 2014
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2
THE SECRET LIFE OF WALTER MITTY ★★★★½ -S.G.S., MBL ★★★★ -L. K.G., FBL

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VENUS Í FELDI KL. 6 (7) / EYJAFJALLAJÖKULL KL. 8 | | 7 |
| ÉG UM MIG OG MÖMMU KL. 10 (12) / 38 VITNI | KL. 5.50 | 12 |
| EINN Á BÁTI KL. 8 (L) / AÐEINS ÞÚ | KL. 10 | 12 |
| 47 RONIN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 2 2D | KL. 5.40 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 2 3D | KL. 5:50 | L |
| 47 RONIN KL. 8 - 10:15 (12) / LONE SURVIVOR KL. 5.50 | | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10:15 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
47 RONIN — SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 — LONE SURVIVOR: FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
HOBBIT: SÝND Í 3D 48 RAMMA — MITTY ★★★★½ S.G.S - MBL ★★★★ L.K.G - FBL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 47 RONIN 3D | 8, 10:30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | 4 | L |
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| HOBBIT 2 3D (48R) | 5, 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 4, 6 | 7 |

SAMBÍÓIN
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FRÁ LEIKSTJÓRA SILVER LININGS PLAYBOOK OG THE FIGHTER
christian BALE bradley COOPER amy ADAMS jeremy RENNER jennifer LAWRENCE
AMERICAN HUSTLE
3 Sigurvegarinn á Golden Globe BESTA MYND ÁRSINS (COMEDY OR MUSICAL)
10 ÓSKARSTILNEFNINGAR m.a. Besta Mynd, Besti Leikstjóri, Besti Leikari, Besta Leikkona, Besta Handrit

12 YEARS A SLAVE
★★★★★ THE TIMES ★★★★★ THE NEW YORK TIMES ★★★★★ THE GUARDIAN
Golden Globe BESTA MYND ÁRSINS (DRAMA)
9 ÓSKARSTILNEFNINGAR m.a. Besta Mynd, Besti Leikstjóri, Besti Leikari, Besti Leikari í aukahlutverki

LEONARDO DiCAPRIO — A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
★★★★★ EMPIRE ★★★★★ THE GUARDIAN ★★★★★ ROLLING STONE
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR m.a. Besta Mynd, Besti Leikstjóri, Besti Leikari, Besti Aukaleikari, Besta Handrit

SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 — HOBBIT ★★★★★ EMPIRE — FROSINN ★★★★★ USA TODAY: SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5 - 8 - 10:45 | 16 |
| 12 YEARS A SLAVE VIP | KL. 8 | VIP |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 5 | VIP |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 4:30 - 8:30 - 10:20 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET VIP | KL. 10:45 | VIP |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 2D | KL. 4:10 - 6:20 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 - 11 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| FROSINN ENS TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5 - 8:30 - 10:20 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |
| LONE SURVIVOR | KL. 10:45 | 16 |
| 47 RONIN | KL. 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:25 | 12 |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
GRAVITY 3D — BESTA MYNDIN — „STÓRKOSTLEG MYND“ LARS BUKDAHL, KVIKMYNDATÍMARITIÐ EKKO
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



MÖGNUÐ ÚTSALA
Á UM 1000 VÖRUM
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
BÆTUM VIÐ VÖRUM DAGLEGA - ENN MEIRI AFSLÁTTUR!
NÝTT KORTATÍMABIL! NÝTT KORTATÍMABIL! NÝTT KORTATÍMABIL!
MIKIÐ ÚRVAL RAFTÆKJA Á ÚTSÖLU
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
Brauðristar, Hraðsuðukönnur, Blandarar, Kaffivélar, Safapressur, Vöfflujárn, Mínútugrill, Töfrasprotar, Matvinnsluvélar, Baðvogir, Straujárn
POTTAR OG PÖNNUR 20-50%
25%
GRUNWERG KERAMIK PÖNNUR
Fissler
20%
FISSLER POTTAR OG PÖNNUR
50%
TRISTAR PÖNNUR
RAFTÆKI 20-50%
MELISSA
TÖFRASPROTI
50%
VERÐ ÁÐUR... 6.999
TILBOÐ ......... 3.500
TRISTAR
BLANDARI 500W
MYLUR KLAKA!
30%
VERÐ ÁÐUR... 9.990
TILBOÐ ......... 6.990
iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI
SPARAÐU ÞÚSUNDIR!!!
Verð frá 44.995
20-40%
ALLAR BAÐVOGIR Á 20-40% AFSLÆTTI
WasserMaxx SÓDAVATNSTÆKI
26%
FRÁBÆRT VERÐ!
HYLKI FYLGIR MEÐ!
VERÐ ÁÐUR... 14.999
TILBOÐ ......... 10.999
HÁRTÆKI 20-50%
BABYLISS
BYLGJUJÁRN
30%
VERÐ ÁÐUR... 12.990
TILBOÐ ........... 8.990
BABYLISS
SLÉTTUJÁRN
35%
VERÐ ÁÐUR... 8.999
TILBOÐ ......... 5.849
REMINGTON
SLÉTTUJÁRN
SILK
20%
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.995
BABYLISS
PRO HÁRBLÁSARI
2000w AC MÓTOR
50%
VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOÐ ........... 5.500
BÚSÁHÖLD 20-50%
Virkar á spansuðu
25%
PÖNNUKÖKUPANNA
VERÐ ÁÐUR... 3.999
TILBOÐ ......... 2.999
GRUNWERG HNÍFAR ÖLL LÍNAN
25%
ÚTSÖLUVERÐ FRÁ 2.246 – 4.121
VASAPELI
MEÐ 4 STAUPUM
40%
VERÐ ÁÐUR... 3.290
TILBOÐ ......... 1.979
50%
FLAUTUKETILL
VERÐ ÁÐUR... 3.299
TILBOÐ ......... 1.650
RÝMINGARSALA 50-70%
ALLT Á AÐ SELJAST!
50%
aida daily design
BOLLAR, GLÖS, DISKAR, SKÁLAR OG FLEIRA
50%
HITABRÚSI 1L
VERÐ ÁÐUR... 3.999
TILBOÐ ......... 2.000
PRESSUKANNA
8 BOLLA
50%
VERÐ ÁÐUR... 7.499
TILBOÐ ......... 3.750
VASAHNÍFUR
10 AÐGERÐIR
70%
VERÐ ÁÐUR... 1.662
TILBOÐ ............ 499



# HEILSA Í HAGKAUP





TILBOÐ 2.174 kr/kg v.á. 2899

AÐEINS 1% FITA

25% AFSLÁTTUR Á KASSA

100% KJÚKLINGAKJÖT ÁN ALLRA AUKEFNA.

## KJÚKLINGABRINGUR

Holtabringur innihalda minna en 1% fitu.





TILBOÐ 1.799 kr/kg v.á. 2398

25% AFSLÁTTUR Á KASSA

## ÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI

Hollara en Holta verður það ekki!





TILBOÐ 3.248 kr/kg v.á. 4997

35% AFSLÁTTUR Á KASSA

## LAMBA INNRALÆRI





20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## NOW VÖRUR

NOW vörurnar bera GMP stimpilinn. Hann þýðir að allt framleiðslu-ferlið er undir ströngu innra sem ytra eftirliti.





20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## GULI MIÐINN VÍTAMÍN

Stendur alltaf fyrir sínu og heldur fjölskyldunni heilbrigðri.



## ANANAS

Vissir þú?

- Ananas er stútfullur af C-vítamínum.
- Ananas inniheldur bromelain ensím sem er gott fyrir meltingu og hefur verið þekkt fyrir að bæla hósta og vera slímlosandi.
- Ein ananasplanta gefur af sér einn ananas á tveggja ára fresti.
- Ananasplantan getur lifað í u.þ.b. 50 ár.
- Ananas er hitaeiningalítill og trefjaríkur

NÝTT Í HAGKAUP





## BUDDY FRUITS

Nýjar skvísur með 100% ávöxtum og grænmeti. Bakaðar eplaskífur í poka. Brakandi gott snakk á milli mála.





10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## HLEÐSLA OG HLEÐSLU SKYR

100% hágæða prótein





20% AFSLÁTTUR Á KASSA

10% AFSLÁTTUR Á KASSA

## GÓÐOSTUR, FJÖROSTUR OG KOTASÆLA

KYNNINGAR

**Í Smáralind:**
**föstud.** 17-19
**laugard.** 14-17



TILBOÐ 7.999 kr/stk v.á. 9999

## SÓDAVATNSTÆKI

Búðu til sódavatn í flösku. Hentugt tæki sem hægt er að setja ofan í skúffu eftir notkun. Gott að setja gos í vatn með niðurskornum ávöxtum .

## MANGÓ

Mangóin okkar eru fullþroskuð þegar þau koma í búðir og því hægt að borða þau strax!

Mangóið er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.

Vissir þú?

- Að til eru mörg hundruð afbrigði af mangó og er það einn mest notaði ávöxturinn í heiminum.



ávöxtur mánaðarins

Það geta ekki allir bananar orðið Chiquita bananar!






HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Geir á sömu slóð og Alfreð og Dagur



Geir Sveinsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarliðið SC Magdeburg og mun hann taka við þjálfun liðsins eftir þetta tímabil. Geir hefur þjálfað austurríska liðið A1 Bregenz síðustu tvö tímabil en var áður þjálfari Vals og Gróttu á Íslandi.

Geir fetar þarna sömu slóð og íslensku þjálfararnir Alfreð Gíslason og Dagur Sigurðsson. Alfreð þjálfaði lið SC Magdeburg frá 1999 til 2006 og Dagur tók við liði í þýsku úrvalsdeildinni (Füchse Berlin) eftir að hafa þjálfað A1 Bregenz í fjögur ár frá 2003 til 2007. Magdeburg lýsti því yfir á dögunum að félagið vildi fá þjálfara sem er líkur Alfreð Gíslasyni en Alfreð og Geir léku lengi vel saman hjá íslenska landsliðinu.

Geir lék í fjölda ára sem atvinnumaður þar á meðal með Wuppertal í Þýskalandi.

## Erum að spila með hjartanu

**HANDBOLTI** Björgvin Páll Gústavsson var svolítinn tíma í gang í gær en fór síðan algjörlega á kostum og varði nítján skot. Mörg hver glæsilega.

„Vítin sem ég varði í upphafi komu mér í gang. Það var svekkjandi að tapa þessum leik. Við vorum að spila gegn gæðaliði. Þeir hafa spilað svona leiki margoft og kunna að klára svona leik. Við hefðum samt getað gert betur,“ sagði keppnismaðurinn Björgvin Páll svekktur í leikslok.

„Það er erfitt að kyngja þessu. Við erum með gott lið og frammistaða okkar flott. Mannskapurinn er laskaður en við erum að berjast um hvern einasta bolta. Menn eru á fullu gasi. Ég verð að hrósa strákunum fyrir framan mig en þeir eru frábærir. Það sást á hverjum manni að hann er búinn á því og skilur allt eftir á vellinum. Við erum búnir á því bæði andlega og líkamlega. Við verðum að rífa okkur strax upp enda nóg eftir af mótinu.“

Björgvin er ánægður með frammistöðu liðsins í riðlakeppninni. „Við erum að spila vel en þurfum að fækka slæmu mínútunum. Þetta er gott lið með menn sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig fyrir þjóðina. Menn eru að spila með hjartanu og það er hægt að komast langt á því.“ **- hbg**



**VARÐI 19 SKOT** Björgvin Páll Gústavsson var í ham gegn heimsmeisturunum á EM í handbolta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## EM Í HANDBOLTA

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **MAKEDÓNÍA - AUSTURRÍKI** | **22-21 (12-10)** |
| **DANMÖRK - TÉKKLAND** | **33-29 (21-16)** |

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 3 | 3 | 0 | 0 | 95-79 | 6 |
| Makedónía | 3 | 1 | 1 | 1 | 67-74 | 3 |
| Austurríki | 3 | 1 | 0 | 2 | 80-75 | 2 |
| Tékkland | 3 | 0 | 1 | 2 | 73-87 | 1 |

**B-RIÐILL**

**ÍSLAND - SPÁNN 28-33 (15-16)**

**Mörk Spánar (skot):** Joan Cañellas 8/1 (10/1), Jorge Maqueda 7 (10), Víctor Tomás 5 (7), Juan Andreu 3 (3), Cristian Ugalde 2 (3), Jesus Garcia 2 (4), Valero Rivera 2 (4/2), Gedeón Guardiola 2 (5), Albert Rocas 1 (2/1), Raúl Entrerríos 1 (4).

**Varin skot:** José Manuel Sierra 11 (25/2, 44%), Gonzalo Pérez de Vargas 8/1 (22/2, 36%),

**Mörk Íslands (skot):** Aron Pálmarsson 8 (13), Guðjón Valur Sigurðsson 7/3 (7/3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 5 (9), Rúnar Kárason 3 (3), Gunnar Steinn Jónsson 2 (4), Róbert Gunnarsson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (2/1), Þórir Ólafsson 1 (3), Ólafur Guðmundsson (1), Bjarki Már Gunnarsson (1), Kári Kristján Kristjánsson (2),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 19/2 (51/3, 37%), Snorri Steinn Guðjónsson (1, 0%),

**UNGVERJAL. - NOREGUR 26-26 (16-13)**

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 3 | 3 | 0 | 0 | 94-80 | 6 |
| Ísland | 3 | 1 | 1 | 1 | 86-86 | 3 |
| Ungverjaland | 3 | 0 | 2 | 1 | 80-87 | 2 |
| Noregur | 3 | 0 | 1 | 2 | 77-84 | 1 |

**MILLIRIÐILL 1 (HEFST Á MORGUN)**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 2 | 2 | 0 | 0 | 67-55 | 4 |
| Danmörk | 2 | 2 | 0 | 0 | 62-50 | 4 |
| Makedónía | 2 | 1 | 0 | 1 | 43-50 | 2 |
| Ísland | 2 | 0 | 1 | 1 | 55-60 | 1 |
| Ungverjaland | 2 | 0 | 1 | 1 | 54-61 | 1 |
| Austurríki | 2 | 0 | 0 | 2 | 50-55 | 0 |



**ENN EIN MEIÐSLIN** Sverre gat ekki beitt sér að fullu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Sverre er líka meiddur

**HANDBOLTI** Það á ekki af íslenska landsliðinu að ganga en í leiknum gegn Spánverjum í gær meiddist varnartröllið Sverre Jakobsson.

„Það var rosalega skemmtilegt að berjast við þessa kappa en hnéð gaf sig í fyrri hálfleik og ég náði ekki að taka eins mikinn þátt í slagsmálunum og ég vildi. Það var leiðinlegt að lenda í þessu núna en ég vildi virkilega spila,“ sagði Sverre svekktur. „Ég hafði áhyggjur af þessu hné fyrir mótið og vonaði er þetta ekkert alvarlegt.“

Þrátt fyrir tapið í gær er Sverre nokkuð sáttur við leik Íslands í riðlakeppninni.

„Vörnin stóð vel í kvöld en á móti svona góðu liði þarf að spila vel í 60 mínútur. Það er ekkert annað í boði. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir þetta. Við erum samt metnaðarfullir og sættum okkur helst ekki við neitt nema fullkomnun. Það var svekkjandi að ná ekki að berjast alveg til enda. Nú er það milliriðillinn og vonandi komast menn almennilega upp á lappirnar aftur.“ **- hbg**



**EITT AF DAUÐAFÆRUNUM SEM NÝTTUST EKKI** Þórir Ólafsson fékk kjörið tækifæri til að koma íslenska liðinu aftur inn í leikinn í hraðaupphlaupi í seinni hálfleiknum en lét José Manuel Sierra verja frá sér. Íslenska liðið fór illa með nokkur frábær færi í annars vel spiluðum leik í Álaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Nautabanarnir of sterkir

Strákarnir okkar gáfu allt sem þeir áttu gegn heimsmeisturunum og voru ekki fjarri því að leggja spænsku risana. Þeir halda nú í milliriðil í Herning með eitt stig í farteskinu og það stig gæti reynst afar dýrmætt.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is
Daníel Rúnarsson
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** Vængbrotið lið Íslands sýndi frábæra frammistöðu gegn Spánverjum í gær en varð að lokum að sætta sig við fimm marka tap, 33-28, í sveiflukenndum og skemmtilegum leik í Álaborg.

Ísland fékk ekki góð tíðindi fyrir leik því Arnór Atlason komst ekki í gegnum upphitun og gat því ekki spilað. Þó svo íslenskur áhorfendurnir hafi aftur sungið þjóðsönginn í stúkunni án undirleiks þá dugði það ekki til að kveikja almennilega á strákunum.

Þeir voru allt of linir í vörninni á upphafsmínútunum og Spánverjar löbbuðu óáreittir í gegn. Smám saman óx okkar mönnum þó ásmegin. Aron Pálmarsson fór algjörlega á kostum í sókninni og skoraði að vild.

Þegar sjö mínútur voru til leikhlés þá komst Ísland yfir í fyrsta skipti, 12-11. Við tók frábær kafli hjá íslenska liðinu þar sem það náði þriggja marka forskoti, 15-12. Þá tóku Spánverjar Aron úr umferð. Við það var allur vindur úr okkar mönnum, Spánverjar skoruðu fjögur síðustu mörk hálfleiksins og höfðu eins marks forystu í hléinu, 16-15. Lokamarkið kom beint úr aukakasti. Klaufalegt.

Strákarnir komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og ætluðu greinilega að selja sig dýrt. Þeir náðu aftur þriggja marka forskoti, 22-19, með því að skora fjögur mörk í röð. Þá féll þeim á ný allur ketill í eld. Spánverjar svöruðu með sex mörkum og náðu forskoti sem þeir gáfu aldrei eftir.

Strákarnir seldu sig þó dýrt og náðu að klóra í Spánverjana. Þeir fóru aftur á móti illa með dauðafærin og það má ekki gegn svona frábæru liði. Að tapa með fimm marka mun gaf svo engan veginn rétta mynd af gangi leiksins.

Aron Pálmarsson fór algjörlega hamförum í fyrri hálfleik og skoraði að vild. Svo öflugur var hann að heimsmeistararnir neyddust til þess að taka hann úr umferð. Aron er tæpur vegna meiðsla og þurfti að spila mikið í kvöld. Það kemur vonandi ekki í bakið á liðinu.

Guðjón Valur átti einnig stórleik og klúðraði ekki skoti. Ásgeir Örn virkilega grimmur og vex við hverja raun. Björgvin Páll var í banastuði í markinu og þeir Bjarki Már og Vignir virkilega sterkir fyrir miðri miðju.

Miðað við allt sem á undan er gengið hjá strákunum okkar þá mega þeir vera stoltir af þessari riðlakeppni. Þeir hafa lent í miklum áföllum og lykilmenn eru að spila meiddir á þessu móti. Þeir kvarta samt ekki og gefa sig hundrað prósent í hvern einasta bolta og eru aldrei sáttir nema þeir vinni. Þetta lið er með risastórt hjarta og það er þetta hjarta, viljastyrkur og samstaða sem hefur fleytt þeim áfram.

Þeir unnu sannfærandi sigur á Noregi, voru óheppnir að ná ekki sigri gegn Ungverjum og stríddu heimsmeisturum Spánverja hressilega. Fram undan eru áhugaverð verkefni og strákarnir geta vel haldið áfram að gera flotta hluti í Herning.

# Of mörg mistök

## Aron Kristjáns landsliðsþjálfari svekktur eftir tap fyrir Spáni

**HANDBOLTI** „Þetta var leikur þegar tvær mínútur eru eftir en þeir refsa okkur síðan er við seljum okkur dýrt. Sierra varði fimm algjör dauðafæri frá okkur og svo fáum við á okkur brottrekstra á vondum tíma. Það reyndist bara vera of mikið,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari eftir tapið gegn Spáni í gær.

„Þeir eru ekki reknir út af fyrr en í blálokin og voru tilefni til að reka þá út af fyrr. Þeir fá smá hjálp frá dómurunum í þessum leik en við getum bara einbeitt okkur að því sem við getum gert. Við hefðum átt að nýta færin betur og ef við hefðum gert það hefði þetta verið spenna til enda.“ Þjálfarinn er nokkuð sáttur við riðlakeppnina þar sem mikið hefur gengið á.

„Ég er ánægður með spilamennskuna því við erum að spila vel. Sóknin er góð og vörnin hefur virkað lengstum. Ég hef notað sextán leikmenn á mótinu og allir eru að skila sínu. Það er mikilvægt upp á framhaldið að gera,“ sagði Aron en hann hrósaði læknateymi liðsins í hástert og segir það hafa unnið þrekvirki í Álaborg við að halda mönnum gangandi.

„Við erum komnir í næsta riðil og þetta verður skemmtilegt áfram. Við erum alls ekki hættir.“ **- hbg**




**STRÁKAR EKKI FARA SVONA MEÐ FÆRIN** Aron Kristjánsson var ekki ánægður með nýtinguna á dauðafærunum á móti spænsku heimsmeisturunum á EM í Álaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
The Guardian
GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
LEONARDO DICAPRIO
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Besta mynd
Besti leikstjóri: Martin Scorsese
Besti leikari í aðalhlutverki: Leonardo DiCaprio
Besti leikari í aukahlutverki: Jonah Hill
Besta handrit
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN

## Stöð 2 kl. 20.05
### Spider-Man 3



Þriðja stórmyndin um eina allra farsælustu ofurhetju hvíta tjaldsins Köngulóarmanninn, með Tobey Maguire. Að þessu sinni á hann í höggi við illmennin Sandman, Venom og erkióvin sinn Goblin. Það er sem fyrr Sam Raimi sem leikstýrir.

## Í KVÖLD



### Það var lagið
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.45** Vinsæll skemmtiþáttur frá árinu 2005 þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.



### Family Guy
**SKJÁR EINN KL. 19.55** Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.



### Undefeated
**STÖÐ 2 SPORT KL. 21.00** Óskarsverðlaunamynd í flokki heimildarmynda um ruðningslið í skóla sem reynir að breyta sorgum sínum í sigra eftir áralanga tapbaráttu og hvernig þjálfara þess, Bill Courtney, tekst að umbreyta því í frábært íþróttalið.

## FM 957 kl. 07.00
### Morgunþáttur FM 957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli klukkan 07.00 og 10.00 í boði Cocoa Puffs.




# FRÉTTABLAÐIÐ
## ER HELGARBLAÐIÐ



# NORÐURLJÓSIN SELD FYRIR MILLJARÐA

**Norðurljósin** öfluðu ferðaþjónustunni milljarða í tekjur á síðasta ári. Er langþráður draumur Einars Ben að rætast?



### Leikkona sem fór með veggjum
**María Pálsdóttir** lét sig unga dreyma um að verða leikkona en þorði samt ekki að taka þátt í Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri.

### Bestur í heimi
**Portúgalski snillingurinn Ronaldo** varð loksins hlutskarpari en Messi í kjörinu á besta knattspyrnumanni heimsins.



FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Drop Dead Diva**
**11.05** **Harry's Law**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mistresses**
**13.45** **Gulliver's Travels**
**15.25** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**15.45** **Xiaolin Showdown**
**16.10** **Waybuloo**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Nágrannar**
**17.35** **Bold and the Beautiful**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.40** **Impractical Jokers**
**20.05** **Spider-Man 3**
**22.20** **Fire With Fire** Hörkuspennandi mynd með Josh Duhamel, Bruce Willis og Rosario Dawson í aðalhlutverkum. Slökkviliðsmanni sem verður vitni að morði er boðið að fara í vitnavernd en það dugar skammt og hann þarf að berjast fyrir lífi sínu.
**23.55** **Blood Out** Spennumynd með Luke Goss, Val Kilmer og Vinnie Jones sem gerist í undirheimum Baton Rouge í Louisiana. Michael Savion er lögreglumaður sem þekkir þar hvern krók og kima og hefur alltaf lagt sig fram við að starfa á heiðvirðan og ráttlátan hátt.
**01.25** **Feel**
**02.55** **Not Forgotten**
**04.25** **Gulliver's Travels**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.40** **Meistaradeild Evrópu. Marseille - Arsenal**
**18.20** **World's Strongest Man 2013**
**18.50** **Fulham - Norwich**
**20.30** **La Liga Report**
**21.00** **Undefeated**
**22.35** **2006 Fifa World Cup Offical Film**
**00.05** **Sportspjallið**
**00.45** **NB90's. Vol. 3** Skemmtilegur þáttur um NBA á 10. áratugnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.35** **Hull - Chelsea**
**11.15** **Stoke - Liverpool**
**12.55** **Messan**
**14.30** **Fulham - Sunderland**
**16.10** **Cardiff - West Ham**
**17.50** **Tottenham - Crystal Palace**
**19.30** **Premier League World**
**20.00** **Match Pack**
**20.30** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.00** **Football League Show 2013/14**
**21.30** **Everton - Norwich**
**23.10** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**23.40** **Messan**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** ABC Barnahjálp **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.30** **Around the World in 80 Plates**
**17.15** **Raising Hope**
**17.40** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.05** **Cougar town 4**
**18.30** **Funny or Die**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **How to Make It in America** *(2:8)*
**20.15** **Super Fun Night** *(11:17)*
**20.40** **American Idol** *(2:37)*
**22.05** **Grimm** *(10:22)*
**22.50** **Strike Back** *(9:10)*
**23.35** **Dark Blue** *(5:10)*
**00.20** **Top 20 Funniest**
**01.05** **How To Make It in America**
**01.35** **Super Fun Night**
**02.00** **American Idol**
**03.25** **Grimm**
**04.10** **Strike Back**
**04.55** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.46** Hvellur keppnisbíll **08.56** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.43** Latibær **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Elías **10.34** Ævintýraferðin **10.47** UKI **10.52** Tommi og Jenni **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.46** Hvellur keppnisbíll **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.43** Latibær **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Skógardýrið Húgó **14.23** Elías **14.34** Ævintýraferðin **14.48** UKI **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.46** Hvellur keppnisbíll **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.43** Latibær **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Skógardýrið Húgó **18.23** Elías **18.34** Ævintýraferðin **18.47** UKI **18.52** Tommi og Jenni **19.00** Ísöld. Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.25** **Seinfeld**
**18.50** **Friends**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(5:24)*
**20.45** **Það var lagið**
**21.45** **It's Always Sunny in Philadelphia** *(9:15)*
**22.10** **Twenty Four** *(14:24)*
**22.55** **Touch of Frost** *(1:4)*
**00.40** **Fóstbræður**
**01.10** **Mið-Ísland**
**01.40** **Gavin and Stacey**
**02.10** **Footballer's Wives**
**03.00** **Það var lagið**
**03.55** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**04.20** **Twenty Four**
**05.10** **Touch of Frost**

## BÍÓ

**10.10** **Jane Eyre**
**12.10** **Big**
**13.55** **The Bodyguard**
**16.05** **Jane Eyre**
**18.05** **Big**
**19.50** **The Bodyguard**
**22.00** **Magic Mike**
**23.50** **Centurion**
**01.40** **Dark Knight Rises**
**04.20** **Magic MIke**

## RÚV

**15.00** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.40** **Táknmálsfréttir**
**16.50** **EM í handbolta - Króatía-Svíþjóð** Bein útsending frá viðureign Króata og Svía á EM í handbolta í Danmörku.
**18.30** **Reyjavíkurleikarnir 2014** *(Opnunarhátíð RIG)* Sýnt frá opnunarhátíð Reykjavíkurleikanna 2014
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.35** **Njósnari** *(3:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs. Meðal leikara eru Darren Boyd, Robert Lindsay og Mathew Baynton
**20.00** **EM í handbolta - Serbía-Frakkland** Bein útsending frá seinni hálfleik í leik Serba og Frakka á EM í handbolta í Danmörku.
**20.45** **EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistaramótinu í handknattleik 2014.
**21.05** **Útsvar** *(Kópavogur - Fjallabyggð)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**22.10** **Barnaby ræður gátuna – Tónlistarskólinn** *(5:8) (Midsomer Murders XIII. Master Class)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við morðmál í ensku þorpi.
**23.40** **Fæddur 4. júlí** *(Born on the Fourth of July)*
**02.00** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**17.05** **Svali&Svavar**
**17.35** **Dr. Phil**
**18.20** **Happy Endings**
**18.45** **Minute to Win It**
**19.30** **America's Funniest Home Videos** *(14:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.55** **Family Guy** *(12:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.20** **Got to Dance** *(2:20)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansarar á Englandi keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**21.10** **90210** *(2:22)* Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmennanna í Beverly Hills þar sem ástin er aldrei langt undan.
**22.00** **Friday Night Lights** *(2:13)* Vönduð þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas.
**22.45** **Dreamgirls** Stjörnum prýdd kvikmynd sem fjallar um tríóið Dreamgirls sem sló öll met í vinsældum á sjöunda áratug síðustu aldar.
**00.45** **Excused**
**01.10** **The Bachelor**
**02.40** **Ringer**
**03.30** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.20** PGA Tour 2014 **12.20** Inside The PGA Tour 2014 **12.45** PGA Tour 2014 **16.45** Golfing World 2014 **17.40** Einvígið á Nesinu **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** Golfing World 2014 **20.00** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# ÁRSKORT

## Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

## Á AÐEINS 35.990 KR. (EINGREIÐSLA)

Það gera aðeins **2.999 kr.** á mánuði.

## TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 20. JANÚAR 2014

**HVER OG EINN FÆR SÉRSNIÐNA ÆFINGAÁÆTLUN OG KENNSLU Á TÆKIN**


Íþróttamiðstöðin Versalir


Sundlaug Kópavogs



## FRÍTT ER Í ALLA HÓPTÍMA FYRIR KORTHAFA

**Stundaskrá í Sundlaug Kópavogs - Gildir frá 1. janúar 2014**

| Klukkan | Mánud | Þriðjud | Miðvikud | Fimmtud | Föstud | Klukkan | Laugard |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6:35 - 7:20 | Morgunpuð | Spinning 45 | Core og teygjur | 4x10 Þol og styrkur | Spinning 45 | 9:15 - 10:15 | Flottar konur |
| 10:00 - 10:40 | Morgunhressing | | Morgunhressing | | Morgunhressing | 10:15 - 11:15 | Spinning 60 |
| 12:05 - 12:50 | Hádegispuð | Spinning 45 | Core og teygjur | 4x10 Þol og styrkur | Spinning 45 | 11:30-12:30 | Stöðvarþjálfun |
| 16:30 - 17:20 | | Jóga | | | | 16:30 - 17:15 | Core og teygjur |
| 17:30 - 18:30 | Spinning 60 | Spinning 60 | Jóga fyrir karla | Spinning 60 | Spinning 60 | | |
| 17:30 - 18:30 | Flottar konur | Zumba | Flottar konur 4x10 | Zumba | Jóga | | |
| 18:45 | Jóga / Power jóga | Core og teygjur | Joint mobility jóga | Core og teygjur | | | |
| 20:00 - 21:00 | Stöðvarþjálfun | Spinning 60 | 4x10 Þol og styrkur | Stöðvarþjálfun | | | |

Hringdu og pantaðu þér **ókeypis prufutíma** með þjálfara í tækjasal.
Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

GYM heilsa

Kortið gildir í líkamsrækt og sund í Sundlaug Kópavogs og Íþróttamiðstöðinni Versölum

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.gymheilsa.is

## HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA UM HELGINA?



**„Ég er að fara í mjög leynilegt boð á föstudagskvöldið sem ég má alls ekki tjá mig um í fjölmiðlum. Á laugardagskvöldið er síðan þrítugsafmæli og útskrift hjá einni elstu og bestu vinkonu minni. Ég býst síðan við því að kíkja með dóttur minni á Borgarbókasafnið og sprikla aðeins á leiksvæðinu þar.“**

Hildur Knútsdóttir rithöfundur.

# Hitar upp fyrir Anderson með myndbandi

Unnur Birna vinnur hörðum höndum við gerð myndbands sem sýnt verður sem upphitunaratriði.

„Ég fékk tölvupóst frá Ian þar sem hann spurði hvort ég væri til í að búa til myndband sem hann myndi nota sem upphitunaratriði á tónleikaferðalagi sínu,“ segir tónlistarkonan Unnur Birna Bassadóttir.

Gunnar B. Guðbjörnsson kvikmyndagerðarmaður hjá Sagafilm tekur upp og vinnur myndbandið.

Unnur Birna og Ian Anderson eru vel kunnug hvort öðru því þau hafa starfað saman talsvert í tónlist.

„Við spiluðum fyrst saman árið 2009 í Háskólabíói og svo aftur í Hörpu og í Hofi árið 2013. Þegar ég bjó á Ítalíu hitti ég hann og þá bauð hann mér á tónleika og áttum við góða stund þar,“ útskýrir Unnur Birna. Þá lék Anderson flautusóló inn á lag Unnar Birnu sem ber titilinn Sunshine.

Fjögur önnur atriði koma fram í mismunandi myndböndum, sem verða einnig með á tónleikaferðalaginu sem upphitunaratriði.

Flautuleikarinn Ian Anderson vinnur nú að plötu og fer svo í tónleikaferðalag um Evrópu og Bandaríkin í kjölfar útgáfunnar sem verður síðar á árinu. - glp



**EIGA VEL SAMAN** Unnur Birna Bassadóttir og Ian Anderson eru góðir vinir og ná vel saman. MYND/ÞORFINNUR SIGURGEIRSSON

**GÖMUL LESTARSTÖÐ** Rýminu, sem er í Árósum, hefur verið breytt í lista- og menningarkommúnu. MYND/ÚR EINKASAFNI





**REYNIR Á ÞOLRIFIN** Hekla og Arnar koma til með að búa og starfa í pínulitlu herbergi í þrjár vikur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eins og mýs á tilraunastofu

You draw me crazy er samstarfsverkefni Arnars Ómarssonar og Heklu Bjartar Helgadóttur.

„Við vorum búin að tala um samstarf í langan tíma, einhver ár. Loks small þetta allt saman. Við ákváðum að eyða þremur vikum í sama rýminu og á þann hátt þvinga okkur til að ávarpa hvort annað í verkunum,“ útskýrir Arnar Ómarsson listamaður um samstarfsverkefni sitt og Heklu Bjartar Helgadóttur, You draw me crazy.

„Það reynir á að eyða löngum tíma með einhverjum og sér í lagi þegar hinn einstaklingurinn er viðfangsefnið. Það er nóg um innblástur þar sem vinnustofan sem við dveljum í er á gömlu lestarstöðinni í Árósum, sem hefur verið breytt í lista- og menningarkommúnu í samstarfi við borgina,“ útskýrir Arnar.

Verkefnið er opið fyrir óvæntum uppákomum og stefnubreytingum.

„Okkur finnst mikilvægt að ferlið geti komið okkur á óvart og leyft okkur að fara leiðir sem við annars færum ekki. Við teiknum bæði og notum texta, en erum einnig með ákveðna tilhneigingu til gjörninga og myndbandsverka, svo við eigum margt sameiginlegt þótt stíllinn okkar sé gjörólíkur,“ segir Arnar.

„Við hlógum að því fyrst að við værum eins og mýs á tilraunastofu fyrir hvort annað, þó að það sé ekkert fyndið við tilraunir á dýrum,“ útskýrir Hekla. „Við höfum hvort annað stöðugt fyrir sjónum og persónulegt svigrúm því af skornum skammti, eins og gefur að skilja,“ segir Hekla, létt í bragði.

> **Það er eiginlega eins og einhver sé að teikna upp landakort af manni, án þess að maður sé mikið með í ráðum.**
>
> *Hekla Björt Helgadóttir*

„Í ljós kemur að þegar maður skoðar aðra manneskju svo náið, kemst maður ekki hjá því að skoða sjálfan sig í leiðinni. Og þegar maður lærir svona mikið um einhvern annan, lærir maður heilmikið um sjálfan sig líka. Við þurfum að vera umburðarlynd og skilningsrík, því við förum ólíkar leiðir, og þess vegna verður áhugavert að sjá hvernig við miðlum hvort öðru á listrænu formi. Það er eiginlega eins og einhver sé að teikna upp landakort af manni, án þess að maður sé mikið með í ráðum,“ segir Hekla.

„Heiti verkefnisins er því skemmtilegt, því við erum auðvitað stöðugt að draga upp myndir hvort af öðru, um leið og við reynum á þolrifin,“ segir Hekla.

olof@frettabladid.is

## You draw me crazy

You draw me crazy er samstarfsverkefni listamannanna Arnars Ómarssonar og Heklu Bjartar Helgadóttur. Verkefnið fer fram á þremur vikum í einu og sama herberginu í Árósum í Danmörku. Í verkefninu er Arnar viðfangsefni Heklu og Hekla er viðfangsefni Arnars. Hluti verkefnisins er að halda uppi vefsíðu með daglegum uppfærslum. Þar setja þau inn myndefni sem þau vinna dag hvern út frá hvort öðru. Slóðin er www.youdrawmecrazy.com.

**Nú fylgja 2 frítt með**

**Bættu LGG + við daglegan morgunverð fjölskyldunnar og styrktu ónæmiskerfið.**




**Ein á dag**
**Fyrir fulla virkni**

**Eiginleikar LGG+**
**+ stuðlar að vellíðan**
**+ styrkir varnir líkamans**
**+ bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana**
**+ eykur mótstöðuafl**
**+ hentar fólki á öllum aldri**
**+ er bragðgóð næring**

Þú getur lesið meira um LGG+ á ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 12-0014


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
ÚTSALA
10-70%
Stólar *29.940
(áður 49.900)
DAYS
Svefnsófi
89.910
verð áður 99.900
Valdir stólar
40%
Days svefnsófi fæst svartur og grár
Lengd 227 cm tunga 150 cm
Allir stólar
30%
Borðstofuborð
63.920
verð áður 79.900
Stólar *34.930 (áður 49.900)
Dúkar, löberar og diskamottur frá *1.592
20%
Myndir frá *553 Rammar frá *903
Myndir
&Rammar
30%
Speglar frá *1.183
Speglar
30%
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
ÍRIS
Kertaluktir *4.792 (Áður 5.990)
Kertaluktir
20%
Valdir púðar á *800 eða *1.500
Aðrir púðar
30%
Mikið úrval af kertastjökum
Kertastjakar
20%
*verð með reiknuðum afslætti
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Manuela í starfsnám til Parísar

**Manuela Ósk Harðardóttir** leggur innan tíðar land undir fót á vegum Listaháskóla Íslands þar sem hún stundar nám í fatahönnun. Ferðinni er heitið til Parísar í Frakklandi þar sem hún mun starfa í tískuhúsi franska fatahönnuðarins Soniu Rykiel sem hefur verið í tískubransanum í 45 ár. „Ég verð þar í sex vikur og enda á að vinna við tískuvikuna í París sem stendur yfir frá 25. febrúar til 7. mars,“ segir Manuela. **- eá**



### Óhefðbundið frí

Í sumar býðst foreldrum vikufrí á Spáni með unglingum sínum undir sérstakri leiðsögn **Kristínar Tómasdóttur,** höfundar þriggja bóka um unglingsstelpur og bókarinnar Strákar. Leiðsögn Kristínar mun ekki fela í sér neinar hefðbundnar skoðunarferðir. Þátttakendur munu leita inn á við með daglegum sjálfstyrkingarnámskeiðum fyrir unglingana og ráðgjöf til foreldra um það hvernig þeir geti betur stutt börn sín. Ferðin er farin undir merkjum fyrirtækisins Mundo. **- eb**



## Mest lesið vísir

1 Unglingsstúlka undir stýri – sagðist vera góður bílstjóri
2 Vilja að konurnar taki sér meira rými
3 Smekkvísir þjófar stöðvaðir af lögreglu
4 Ósammála um „ofurverð“
5 Efstu sæti Sjálfstæðisflokksins óbreytt í Reykjavík





